

14

26

36

Vordægur við Mývatn

Mæði-visnuveirur
í sauðfé og
tengslin við
alnaemi

Síðasti bananinn

Bændablaðið

2. tölublað 2015 • Fimmtudagur 29. janúar • Blað nr. 435 • 21. árg. • Upplag 32.000



Gróa Margrét Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson eru bændur á Brúsastöðum í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu. Bú þeirra var afurðahæsta kúabú landsins að meðaltali á síðasta ári. Kýrnar á Brúsastöðum skiluðu í heild um 389 þúsund kílóum mjólkur og var hver kú þá að skila 7.896 kg að meðaltali. Hefur árangur búans í mjólkurframleiðslunni verið afar góður ár eftir ár. Mynd / HKR.

– Sjá viðtal við hjónin á bls. 24 og 25.

Bændahöllin við Hagatorg verður áfram í eigu íslenskra bændu:

Tilboðum í Hótel Sögu hafnað

— ekkert fjögurra kauptilboða fjárfesta þótti nógu hagstætt að mati stjórnar Bændasamtaka Íslands

Bændasamtök Íslands hafa ákveðið að ganga ekki til viðræðna um sölu á Hótel Sögu á grundvelli fyrirbyggjandi tilboða sem fram komu í söluferli sem fyrirtækjaráðgjöf MP banka annaðist.

Það er mat stjórnar Bændasamtakanna að hagstæðara sé að halda áfram góðum rekstri hótelsins fremur en að ganga að fyrirbyggjandi tilboðum.

Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir stjórnina vera ánægða með þann áhuga sem fram hafi komið í þessu söluferli.

„Því miður bárust okkur ekki nægilega hagstæð tilboð til að skynsamlegt sé að selja eignina á þessum tímapunkti. Okkar markmið er að ávaxta eignir samtakanna með sem bestum hætti. Þegar við lögðum mat á fyrirbyggjandi tilboð komumst við að þeirri niðurstöðu

að á þessum tímapunkti þjónaði áframhaldandi rekstur hótelsins betur því markmiði.“

Ráðist verður í endurbætur á hótelinu

„Það hefur verið mikil gróska í ferðaþjónustu á Íslandi undanfarin misseri. Næstu skref hjá okkur eru að hefja vinnu við endurbætur á hótelinu til að tryggja að Hótel Saga hafi áfram þann virðulega sess sem það hefur ávallt haft í hugum Íslendinga.“

– Þýðir þetta að öllum hugmyndum um að Bændasamtökin selji hótelið séu endanlega slegnar út af borðinu?

„Nei, en þetta þýðir að því söluferli sem var í gangi er lokið. Við munum hins vegar vinna áfram með ráðgjöfum okkar að því markmiði sem við höfum sett okkur sem er að tryggja ávöxtun

eigna samtakanna með sem bestum hætti.“

Það verður að muna að Hótel Saga er mikilvægur hluti af sögu samtaka bændu á Íslandi. Við verðum því að vanda okkur í hverju skrefi en ef nýjar lausnir bjóðast þá verðum við að sjá að þær þjóni því markmiði að efla samtökin. Tekjur af eignum eru snar þáttur í fjármögnun samtakanna. Þetta er raunar ekkert einsdæmi fyrir félagasamtök, hvorki hérlandis né erlendis, og t.d. þekkjum við þessa stöðu frá systursamtökum okkar á Norðurlöndum sem við horfum nú oft til sem fyrirmyndar.“

Sex óskuldbindandi tilboð bárust

Bændasamtökin hófu söluferli Hótels Sögu með tilkynningu hinn 19. nóvember síðastliðinn og óskuðu þá eftir formlegum tilboðum í kaup á fasteign og rekstri

Hótels Sögu. Var ákveðið að fara í þetta ferli eftir að fjöldi fyrirspurna hafði borist um kaup á hótelinu. Fyrirtækjaráðgjöf MP banka var ráðin til þess að sjá um söluferlið og annast kynningu fyrir áhugasama kaupendur með gagnsæjum hætti til að tryggja jafnræði meðal áhugasamra fjárfesta. Frestur til að gera óskuldbindandi tilboð var gefinn til 12. desember 2014 og bárust þá sex tilboð.

Fjórir hópar lögðu fram skuldbindandi tilboð

Ákveðið var að gefa völdum tilboðsgjöfum tækifæri til að leggja fram skuldbindandi tilboð og fengu þeir í framhaldinu að skoða fasteignina og ítarleg gögn um reksturinn. Gefinn var frestur til 16. janúar sl. til að leggja fram skuldbindandi tilboð og bárust fjögur tilboð. Sem fyrr segir er

það mat stjórnar Bændasamtakanna að ekkert fyrirbyggjandi tilboða sé nægilega hagstætt.

Hótelið er í eigu Hótels Sögu ehf. sem er 50 ára gamalt fyrirtæki í eigu Bændasamtaka Íslands. Á hótelinu eru 209 herbergi, tíu funda- og veislusalir og tveir veitingastaðir. Þar starfa um 100 manns.

Fasteign Hótels Sögu ehf. við Hagatorg er um 19.000 fermetrar að stærð og hýsir hótelferli, veitingastaði, banka, hárgreiðslustofu, líkamsræktarstöð o.fl. Skrifstofur Bændasamtaka Íslands eru á þriðju hæð fasteignarinnar og þar eru ritstjórnarskrifstofur Bændablaðsins einnig til húsa.

Bændasamtökin þakka þeim sem tóku þátt í söluferlinu fyrir áhugann og einnig starfsfólki Hótels Sögu og MP banka fyrir þá vinnu sem þau lögðu til í ferlinu. /HKR.

Atvinnuleysi 4,3% í desember 2014

Samkvæmt Vinnumarkaðs-rannsókn Hagstofu Íslands voru að jafnaði 183.700 á aldrinum 16-74 ára á vinnumarkaði í desember 2014, sem jafngildir 80% atvinnuþátttöku. Af þeim voru 175.800 starfandi og 7.900 án vinnu og í atvinnuleit.

Hlutfall starfandi af mannfjölda var 76,6% og hlutfall atvinnulausra af vinnuaflí var 4,3%. Samanburður mælinga í desember 2013 og 2014 sýnir að vinnuaflíð minnkaði um 1.400 manns, atvinnuþátttakan minnkaði því um 0,8 prósentustig. Fjöldi starfandi minnkaði um 1.100 og hlutfallið um 0,7 stig. Atvinnulausum fækkaði um 300 manns og hlutfall þeirra minnkaði um 0,1 stig.

Eftir að búið er að leiðrétta fyrir árstíðasveiflum var fjöldi fólks á vinnumarkaði 186.500 í desember 2014 sem jafngildir 81% atvinnuþátttöku, sem er einu prósentustigi lægri en hún var í nóvember. Fjöldi atvinnulausra í október samkvæmt árstíðaleiðréttingu var 8.300 sem er aukning um 1.400 manns frá því í nóvember. Hlutfall atvinnulausra jókst því og var 4,4% í desember en var 3,7% í nóvember. Leiðréttur fjöldi starfandi fólks í desember var 178.200, eða 77,4%, sem eru 2.300 færri en voru starfandi í nóvember.

Hlutfall starfandi minnkaði um 1,6 prósentustig og atvinnuleysi jókst um um 0,7 stig. Lítillega fjölgaði því í hópi þeirra sem standa utan vinnumarkaðar, eða um 2.700 manns. Þrátt fyrir þessar niðurstöður þá sýnir leitni árstíðaleiðréttinga á vinnuaflstölum síðustu sex mánaða áframhaldandi breytingar í rétta átt. Á tímabilinu hefur atvinnuþátttaka aukist um 0,1 prósentustig, atvinnuleysi lækkað um 0,3 stig og hlutfall starfandi aukist um 0,3 stig. /VH



Landbúnaðarháskólinn: Ný kortavefsjá tekin í notkun

Ný kortavefsjá hefur verið tekin í notkun á heimasíðu Lbhí. Á undanförunum árum hafa fjölmörg kort verið unnin innan Landbúnaðarháskólans sem og í samstarfi við aðra og verður í nýju vefsjónni hægt að skoða nokkur þessara korta.

Á síðunni er opið fyrir aðgang að nýju landnýtingarkorti, Nýttjalandi og Skurðakorti. Á næstu vikum munu bætast við Rofkort, Jarðvegskort auk fleiri korta.

Markmiðið með vefsjónni er að gera landfræðileg gögn sem til eru hjá Landbúnaðarháskólanum aðgengileg öllum þeim sem vilja nýta sér þau, hvort sem þeir eru nemendur, starfsfólk eða áhugafólk um kort sem gefa mynd af náttúru landsins.

Vefsjáin er löguð að snjallsímum og spjaldtölvum og hafa notendur því möguleika á að sjá staðsetningu sína á kortum skólans og um leið sitt nánasta umhverfi.

Allar nánari upplýsingar er að finna á nýttjaland.is.

Lestrarkönnun Capacent Gallup á prentmiðlum:

Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni

— í þriðja sæti yfir landið í heild og eini prentmiðillinn í könnuninni þar sem lesturinn jókst á síðasta ári

Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni með 45,32% lestur samkvæmt nýjustu lestrarkönnun Capacent Gallup. Ef höfuðborgarsvæðið er tekið með er Bændablaðið orðið þriðja mest lesna blað landsins, á eftir Fréttablaðinu og Fréttatímanum. Fleiri lesa því Bændablaðið en Morgunblaðið.

Í prentmiðlakönnun Capacent Gallup er lestur dagblaða mældur með samfelldum hætti allt árið. Um 30 svörum er safnað á hverjum degi eða um 2.500 svörum á ársfjórðungi. Í úrtaki eru Íslendingar á aldrinum 12–80 ára af landinu öllu.

Bændablaðið er ekki dagblað fremur en Fréttatíminn, Viðskiptablaðið og DV. Bændablaðið kemur út á tveggja vikna fresti og telst því fremur vera tímarit sem hefur mun lengri líftíma en dagblöðin. Eigi að síður er það sett upp í svipuðu formi og dagblöðin. Hefur Bændablaðið nú verið með á spurningavagni Capacent Gallup um prentmiðla í þriggja og hefur niðurstaðan frá upphafi komið mörgum á óvart.

Bændablaðið öflugast á landsbyggðinni

Fram kemur í lestrarkönnuninni að Bændablaðið er eini prentmiðillinn í könnuninni sem er að bæta við sig í lestri á meðan lestur annarra blaða fer minnkandi. Þegar lestur á landsbyggðinni er skoðaður sérstaklega kemur í ljós að Bændablaðið er þar langsterkasti prentmiðillinn með 45,32% lestur. Þar á eftir kemur Fréttablaðið með 33,86% lestur, Morgunblaðið er með 27,84% lestur, Fréttatíminn er með 19,41% lestur, DV er með 11,3% lestur og Viðskiptablaðið er með 5,72% lestur.

Í þriðja sæti yfir landið í heild

Þegar lesturinn er mældur sem meðaltal af öllu landinu og þegar búið er að taka tillit til vægis íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og hins vegar á landsbyggðinni, þá er Bændablaðið í þriðja sæti, en niðurstaðan var svona:

Fréttablaðið 53,6%, Fréttatíminn 38,2%, Bændablaðið 30,6% Morgunblaðið 28,8%, Viðskiptablaðið 10,1% og DV 10,0%.



Fréttablaðið og Fréttatíminn skora hátt á höfuðborgarsvæðinu

Á höfuðborgarsvæðinu kemur öflug dreifing Fréttablaðsins og Fréttatímans vel í ljós þar sem blöðunum er dreift inn á hvert heimili án þess að fólk þurfi að hafa fyrir því að sækja sér eintak. Þar var niðurstaðan þessi:

Fréttablaðið 63%, Fréttatíminn 48,75%, Morgunblaðið 29,35, Bændablaðið 22,35%, Viðskiptablaðið 12,61% og DV var með 9,3% lestur.

Dreifingaraðferðir skipta miklu máli

Hafa verður í huga varðandi þessa lestrarkönnun að bæði Fréttatíminn og Fréttablaðið eru send að langmestu leyti óumbeðið inn á heimili fólks á höfuðborgarsvæðinu og víðar þó sú dreifing nái ekki um



allt land. Af þeim sökum mælast þau eðlilega hátt í lestri á þéttbýlustu svæðum landsins.

Bændablaðinu er einnig dreift frítt á höfuðborgarsvæðinu og víðar um land. Því er þó yfirleitt ekki dreift óumbeðið inn á heimili fólks, heldur verða áhugasamir að hafa fyrir því að sækja blaðið á dreifingarstaði. Það er því meðvitað ákvörðun viðkomandi að sækja sér blaðið sem

segir ansi mikið um áhugann fyrir miðlinum. Einu lesendurnir sem fá blaðið sent heim eru bændur á lögbýlum landsins og þeir sem óska eftir að fá blaðið sent í pósti, en þá gegn greiðslu sendingarkostnaðar. Þá er Bændablaðið í talsvert minna upplagi en fyrrnefnd blöð, eða í 32 þúsund eintökum.

Hlutfallslegt virði lesenda getur verið mismikið eftir eðli miðlanna

Morgunblaðið er eingöngu selt í áskrift og lausasölu eins og DV og Viðskiptablaðið og byggist lestur þeirra því alfarið á meðvitaðri ákvörðun lesenda um að kaupa, eða sækja sér eintak, líkt og varðandi Bændablaðið. Að auki verður fólk að greiða talsvert fyrir lestur þessara þriggja fjölmiðla. Hlutfallslegt verðmæti slíkra lesenda fyrir t.d. auglýsendur hlýtur því alltaf að vega herra en þeirra sem fá blöðin sent án þess að óska sérstaklega eftir því.

Fletting er ekki sama og lestur

Umhugsunarlaus fletting á blaði segir oft ansi lítið um raunverulegan lestur á viðkomandi miðli. Þetta

vægi kemur ekki alltaf fram í lestrarkönnunum sem þessum en sérfræðingar í upplýsingamiðlun reyna þó oft að meta þetta. Inn í það fléttast alls kyns speki eins og ómeðvituð inntaka upplýsinga sem tilraunir hafa m.a. verið gerðar með í kvikmyndum og sjónvarpsauglýsingum.

Mikill líftími

Líftími viðkomandi blaðs á borðum lesenda skiptir líka máli. Einnig hvort fólk opni blaðið oftar en einu sinni yfir ákveðið tímabil og hversu margir einstaklingar lesi hvert eintak. Þannig er líftími prentmiðla sem gefa út nýtt blað á hverjum degi eðlilega mjög stuttur. Líftími Bændablaðsins sem kemur á tveggja vikna fresti getur verið margfalt meiri. Þetta getur skipt miklu máli þegar meta á virkni auglýsinga.

Bændablaðið reidir sig alfarið á auglýsingatekjur sem standa undir rekstri þess. Í því ljósi er þessi nýja könnun Capacent Gallup mjög ánægjuleg fyrir útgáfuna. Allt byggist þetta þó á endanum á velvilja og því trausti sem lesendur hafa á blaðinu. Án lesenda lifir enginn fjölmiðill. /HKr.



JÖTUNN

VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

ÞÖKKUM TRAUSTIÐ



*Þriðja árið í röð eru Massey Ferguson
og Valtra söluhæstu dráttarvélar á Íslandi*

*Við erum stolt af þessum árangri og þökkum viðskiptavinum
það mikla traust sem þeir sýna okkur og samstarfsaðilum okkar.*

Starfsfólk Jötunn Véla ehf.

Eftirfarandi þjónustuverkstæði eru samstarfsaðilar Jötunn Véla:

- Vélaverkstæði Þóris 800 Selfoss s: **482 3548**
- Kapp ehf 210 Garðabær s: **544 2444**
- Vélabær 311 Borgarnes s: **435 1252**
- Dekk og smur 340 Stykkishólmur s: **438 1385**
- KM þjónustan 370 Búðardal s: **434 1611**
- Bílaverkstæði SB 400 Ísafirði s: **456 3033**
- SG verkstæði 500 Borðeyri s: **451 1145**
- Vélaverkst. Hjartar Eiríks. 530 Hvammstangi s: **451 2613**
- Bifreiðaverkstæði K.S 550 Sauðárkrúkur s: **455 4570**
- Kraftbílar ehf 603 Akureyri s: **464 0000**
- MSV 700 Egilsstaðir s: **470 1700**
- Vélsmiðja Hornafjarðar 780 Höfn s: **478 1340**
- Bílav. Gunnars Valdimarssonar 880 Klaustur s: **487 4630**
- Framrás 870 Vík **487 1330**
- Bílaverkstæðið Rauðalæk 851 Hella s: **487 5402**

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



- Bændablaðið 15. janúar 2015

Fréttir



Staða háskóla og umræður um sameiningu þeirra:

Unnið að stefnumótun háskóla og vísindastarfs

Í tilefni af umfjöllun um hugsanlega sameiningu Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólans á Bifröst og Hólaskóla – Háskólans á Hólum hefur menntamálaráðuneytið sent frá sér eftirfarandi yfirlýsingu.

Mennta- og menningarmála-ráðuneytið vinnur að stefnumótun um háskóla og vísindastarfsemi og hugsanlega verða á grundvelli hennar mótaðar tillögur um breytingar á háskólakerfinu á Íslandi með áherslu á öfluga, framsækna og samþætta háskólastarfsemi, aukin gæði og bætta nýtingu fjármuna.

Ráðherra telur nauðsynlegt að kanna vel hvort með auknu samstarfi, samrekstri eða sameiningu megí efla rannsókn- og kennslustarfsemi þessara háskólastofnana og þar með efla eða styrkja þær byggðir þar sem þessar stofnanir eru staðsettar.

Skýrslur og greiningar til grundvallar

Margvíslegar úttektir og skýrslur frá liðnum árum ásamt ítarlegum greiningum er meðal þess sem lagt er til grundvallar. Má þar nefna skilagrein nefndar menntamálaráðherra um fýsileika sameiningar Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands frá 2009, úttektarskýrslur og ábendingar Ríkisendurskoðunar, úttektarskýrslur Gæðaráðs háskólastigsins, ábendingar frá fjárlaganefnd

Alþingis um málefni háskólanna, tillögugerð hagræðingarnefndar ríkisstjórnarinnar, stefnumótun og áherslur Vísinda- og tækniráðs auk ýmissa úttekta erlendra sérfræðingahópa. Greina má tiltekinn samhljóm og skilaboð í þessum gögnum þegar kemur að skipulagi háskólakerfisins hér á landi, sem mikilvægt er að tekið verði tillit til við stefnumótun til framtíðar.

Sterkar og samkeppnishæfar einingar

Í nágrannalöndunum hefur verið gripið til markvissra aðgerða til að skapa sterkari og samkeppnishæfari einingar. Miklar og vaxandi kröfur eru gerðar til háskólaumhverfisins, sem fela í sér miklar áskoranir, einkum fyrir fámennar stofnanir. Að mati Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra, var nauðsynlegt að ráðast í þessa úttekt til þess að fá mat á stöðu háskólakerfisins, hægt væri að setja það í alþjóðlegt samhengi, meta þróunina sem hefur verið á síðustu áratugum og meta þá stöðu sem íslenskir háskólar eru í núna hvað varðar fjármagn, gæði kennslu og fleira. Hluti af þessari vinnu er einnig að athuga stöðu minni skólanna og hvaða möguleikar eru á að efla þá. /VH

Matvælaöryggi:

Nýjar reglur um útgáfu heilbrigðis-vottorða með búfjárafurðum

Hinn 1. mars 2015 taka gildi nýjar reglur Matvælastofnunar um útgáfu heilbrigðisvottorða með sendingum búfjárafurða til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES).

Þessum reglum er ætlað að skipuleggja vinnu við eftirlit og útgáfu vottorða. Tilgangur reglnanna er að gera útgáfuna skilvirka og í samræmi við gildandi löggjöf og alþjóðareglur.

Reglur um útgáfu heilbrigðisvottorða:

- Heilbrigðisvottorð skulu gefin út áður en sending fer frá Íslandi.
- Opinbert eftirlit með sendingu skal framkvæmt af Matvælastofnun áður en vottorð er gefið út. Fyrir hverja sendingu skal útflytjandi fylla út hleðslustaðfestingu og senda ásamt fylgigögnum til héraðsdýralæknis viðeigandi umdæmis.
- Umsækjandi heilbrigðisvottorðs fyllir út viðeigandi vottorð og sendir rafrænt til Inn- og útflutningsskrifstofu Matvælastofnunar á utflutningur@mast.is. Afgreiðslutími heilbrigðis-vottorða er á virkum dögum og skal vera að minnsta kosti 24

klukkustundir. Umsóknir sem berast fyrir hádegi kl. 8–12 verða afgreiddar kl. 8–12 daginn eftir. Umsóknir sem koma inn kl. 12–16 verða afgreiddar á tímabilinu kl. 13–16 daginn eftir. Styttri afgreiðslutími er mögulegur fyrir ferskar afurðir.

- Sendandi (Consignor) í heilbrigðisvottorði skal vera með kennitölu á Íslandi. Aðili með kennitölu á Íslandi getur verið skráður sendandi í heilbrigðisvottorði fyrir hönd erlendra aðila.
- Umsækjandi fær afhent eitt frumrit af vottorði og eitt afrit. Eitt afrit er geymt hjá Matvælastofnun. Hægt er að óska eftir fleiri afritum/skönnuðum afritum gegn sérstöku gjaldi.
- Tilbúin vottorð verða sett í móttöku á skrifstofu inn- og útflutnings að Stórhöfða 23 í Reykjavík, þar sem hægt verður að nálgast þau eða fá þau send í almennum pósti samkvæmt beiðni.
- Kostnaður vegna ofangreinds, þar með talið eftirlit með hleðslu sendingar og útgáfa vottorðs, greiðist af útflytjanda. /VH

Skýrsla starfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar:

Innflutningur frá löndum ESB hefur stóraukist

— samanburður Hagstofu á innflutningi við innanlandsneyslu talinn óréttmætur

Í skýrslu starfshóps atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um tollamál kemur fram að innflutningur á landbúnaðarvörum frá Evrópusambandinu hefur farið vaxandi síðustu ár og hlutfallslega meira en samanburður við innanlandsframleiðslu gefur til kynna.

Fram kemur í innflutningstölum frá Hagstofu Íslands að innflutningur á kjöti til Íslands er að mestu hreinir vöðvar en ekki kjöt í hálfum eða heilum skrokkum. Framleiðsla og neysla innanlands er hins vegar gefin upp í heilum og hálfum skrokkum með beini. Samanburður á innflutningstölum einum og sér við innanlandsneyslu er því ekki réttmætur.

Á þetta sjónarmið er fallist í skýrslunni og innflutt magn umreiknað í kjöt í heilum og hálfum skrokkum með meðaltals nýtingarhlutfalli. Þessar niðurstöður eru settar fram í töflu 12 í skýrslunni og má þar sjá að árið 2013 nam innflutningur á alifuglakjöti 15,4% af neyslu, nautakjöts 9,8% af neyslu og 11,9% af neyslu svínakjöts var innflutt kjöt.

Helmings aukning milli ára

Af innflutningstölum ársins 2014 að dæma stefnir í að þetta hlutfall verði enn herra. Fyrstu 11 mánuði ársins 2014 var kjötinnflutningur 52% meiri en allt árið 2013.

Starfshópurinn sem skýrsluna vann var skipaður af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra í byrjun mars 2014 til að fara yfir tollamál á sviði landbúnaðar.

Tollverndin var skoðuð í alþjóðlegu samhengi og fjallar fyrri hluti skýrslunnar um alla viðskiptasamninga Íslands og annarra ríkja og tengjast landbúnaðarvörum. Þar er einnig fjallað um markaðsaðgang til og frá Íslandi, hvernig aðgangur erlendra ríkja er að markaði hér á landi og hvað Íslendingar eru að fá á móti.

Ítarleg umfjöllun um tollasamning

Ítarlega er fjallað um samning Íslands og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), eðli hans og hvernig

Hlutverk starfshópsins var:

- Að gera grein fyrir helstu núgildandi samningum um viðskipti með landbúnaðarvörur,
- a) alþjóðlegum samningum (WTO) um viðskipti með landbúnaðarvörur með hliðsjón af tollum
- b) tvíhliðasamningum t.d. á grundvelli EES samnings og EFTA samnings o.fl.
- c) gildandi fríverslunarsamningum
- Að greina þau sóknarfæri sem kunna að vera til staðar í ofangreindum samningum.
- Athugaðir verði möguleikar á gerð tvíhliða samninga við ný lönd og ríkjasambönd.
- Að gera úttekt á þróun tollverndar á helstu landbúnaðarvörum frá 1995.

tollkvótarnir voru ákveðnir upphaflega og þróun þeirra.

Verðmæti útflutnings hefur dregist saman

Af öðrum viðskiptasamningum er samningur Íslands og ESB á grundvelli 19. gr. EES-samningsins sá sem veitir mestan markaðsaðgang fyrir óunnar landbúnaðarvörur. Samningurinn tók gildi 1. mars 2007 og er m.a. ætlað að leiða til fjölbreyttara vöruframboðs og skapa ný sóknarfæri til útflutnings.

Í skýrslunni segir um þetta:

„Ekki hefur farið fram sérstök athugun á framangreindum atriðum en ljóst er að innflutningur frá Evrópusambandinu hefur farið vaxandi síðustu ár en verðmæti útfluttra landbúnaðarvara hefur heldur dregist saman á meðan magn hefur aukist í tonnnum talið, sbr. töflur um inn- og útflutning í 5. kafla þessarar skýrslu. Í þessu sambandi kann að þurfa að bæta markaðsaðgang Íslands til ESB, einkum á unnum landbúnaðarvörum.

Stefna Íslands hefur verið að lækka tolla á innfluttum búvörum eða veita aukinn markaðsaðgang gegn bættum markaðsaðgangi fyrir innlendar búvörur á erlendum mörkuðum með gerð viðskiptasamninga. Þó eru í lögum heimildir til að veita svokallaða opna tollkvóta þegar innlent framboð uppfyllir ekki eftirspurn.

Innflutningur á kjöti

Í skýrslunni er gerð tilraun til að fjalla um tollvernd í víðum skilningi þess orðs, þ.e. með tilliti til útboðskostnaðar (kvótaverð), á nautakjöti, svínakjöti, alifuglakjöti, reyktu og söltuðu kjöti, ostum og unnum kjötvörum. Síðan segir í skýrslunni:

„Þessir vöruflokkar eru valdir til útreiknings í ljósi þess að þeir bera nokkuð hærri tolla samanborið við margar aðrar landbúnaðarafurðir og ekki síður af þeirri ástæðu að útboð tollkvótanna er fremur aðferðarfræði í þeim tilgangi að úthluta takmörkuðum gæðum (kvótum).

Það skal undirstrikað að hér er um að ræða nálgun til að mæla hversu hátt hlutfall tollvernd er af heildarverði innflutnings, þ.e.a.s. hversu hátt hlutfall kostnaðar vegna tolla og útboða á tollkvótum er af heildarverði vöru þegar búið er að leysa hana úr tolli.“

Verð sem innflytjendur greiða fyrir tollkvóta rennur sem tekjur til ríkissjóðs og leggst að sama skapi ofan á vöruverð. En um þetta segir nánar í skýrslunni:

„Jafnframt er nauðsynlegt að hafa í huga að með lækkun heimsmarkaðsverðs má ætla að eftirspurn aukist eftir tollkvótum sem jafnframt hækkar kvótaverð og þ.a.l. útreikning á hlutfalli tollverndar.“

/VH

Lífland á nú 75% í eggjabúinu Nesbú ehf. á Vatnsleysuströnd

— Fyrirtækið jók hlut sinn í búinu talsvert á síðasta ári

Kristinn Björnsson, einn eigenda Líflands, segir að fyrirtækið hafi um skeið átt drjúgan hlut í eggframleiðandanum Nesbú ehf. á Vatnsleysuströnd.

„Lífland hefur verið hluthafi í Nesbúinu frá 2010 og átti til að byrja með um 25% hlut. Á síðasta ári jukum við svo hlut okkar ásamt Feir ehf., sem er fjárfestingarfélag í eigu hjónanna Hjörleifs Jakobssonar og Hjördisar Ásberg, sem eiga 25% á móti 75% hlut Líflands.“

Eggjavinnsla á Vatnsleysuströnd

„Reksturinn á Nesbúinu er góður og þegar fyrri eigendur ákváðu að selja stækkaði Lífland sinn hlut. Nesbúið rekur einnig eggjavinnslu



og er í dag að vinna ýmsar afurðir úr eggjum fyrir almenna neytendur og hótél í vinnsluhúsi í Vogum á Vatnsleysuströnd.“

Margir sem vilja egg í morgunmat

„Hingað til lands koma í heimsókn um milljón manns á ári og drjúgur hluti þeirra vill fá egg í morgunmat. Í mínum huga er enginn vafi á að það

liggja miklir möguleikar í íslenskum landbúnaði og gæðum hans.“

Kjarnastarfsemin er fódurframleiðsla

Kristinn segir að þrátt fyrir að Lífland eigi hlut í Nesbúinu líti hann fyrst og fremst á fyrirtækið sem þjónustufyrirtæki við bændur og hestamenn. „Lífland rekur tvær verksmiðjur, annars vegar fódurverksmiðju á Grundartanga og hins vegar kommyllu í Korngördum í Reykjavík og satt best að segja erum við stoltir af þeirri starfsemi og eigum fullt í fangi með að sinna henni með þeim hætti sem við viljum,“ segir Kristinn Björnsson, stjórnarformaður í Líflandi ehf. /VH



OPIÐ HÚS Á REFSSTÖÐUM

Opið hús í endurgerða fjósinu að Refsstöðum í Hálsasveit Borgarfirði, **laugardaginn 31. janúar frá kl. 12-16.**

Fóðurblandan óskar hjónunum Brynjari Bergssyni og Önnu Lísu Hilmarsdóttur innilega til hamingju með nýja fjósið.

Léttar veitingar í boði.
Allir velkomnir.



Sendum um allt land

Hafðu samband
570 9800
fodur.is

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum
Kaupvangi 11
570 9860



Dagskrá vetrarins á Sel-Hótel Mývatni

21. febrúar	Konudagskvöldverður og Heilsutríóið á Húsavík spilar fyrir matargesti
22. febrúar	Konudagurinn. Sagnagleði; sagnamenn segja skemmtisögur yfir árbít „brunch“
7.-8. mars	Husky Íslandsmeistaramót Sleðahundaklúbbs Íslands í sleðahundadrætti og skjörung haldið í Mývatnssveit Tilboð á gistingu og mat á Sel-Hótel Mývatni Nánari upplýsingar og staðsetning á keppninni verður auglýst síðar á www.sledahundar.is
13.-15. mars	Hópreið á ísilögðu Mývatni á föstudeginum. Mývatn Open-Hestar á ís, keppni á laugardeginum Hestamannahóf laugardagskvöldið og lifandi tónlist
27.-29. mars	Vélsleðahelgi. Keppni á laugardeginum í anda gömlu Mývatns-mótanna Vélsleðaferð á sunnudeginum með leiðsögn heimamanna
2.-6. apríl	Páskatilboð í gistingu og mat. Tilvalið að slaka á og taka þátt í píslargöngunni, skella sér á gönguskiði, fara á vélsleða í skemmtilegu umhverfi og slaka á í Jarðböðunum
13.-18. apríl	Vordægur. Heldri borgara dagar. Skemmtileg dvöl í Mývatnssveit með fullri dagskrá
26. apríl-1. maí	Vordægur. Heldri borgara dagar. Skemmtileg dvöl í Mývatnssveit með fullri dagskrá
2. maí	Tapazkvöld og lifandi tónlist
9. maí	Tapazkvöld og lifandi tónlist

Nánari upplýsingar á www.myvatn.is og á facebók Sel-Hótel Mývatns.
Enn fremur hægt að senda tölvupóst á myvatn@myvatn.is
eða hringja í síma 464 4164. Munið að panta tímanlega
Sel-Hótel Mývatn, Skútustöðum, 660 Mývatn s. 464 4164



Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vílmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Frágangur fyrir prentun: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Aftur að tollum

Nýkomin er út skýrsla atvinnuvegaráðuneytisins um tollvernd á landbúnaðarvörum, þróun hennar og möguleg sóknarfæri erlendis. Í skýrslunni er greinargott yfirlit yfir milliríkjasamninga Íslands og hvernig álagningu tolla á innfluttar búvörur er háttað.

Þar getur munað miklu á milli þess sem heimilt er að leggja á og þess sem raunverulega er gert. Segja má að Ísland sé langt frá því að fullnýta álagningarheimildir í samningum Alþjóða viðskiptastofnunarinnar (WTO). Í skýrslunni kemur líka fram að við flytjum mun meira inn af landbúnaðarvörum en við flytjum út. Árið 2013 nam verðmæti innflutningsins nærri 52 milljörðum króna, sem er aukning um 10 milljarða frá 2010. Útflutningur búvara á sama tíma var 8 milljarðar, sem er aukning um einn milljarð frá 2010. Af því leiðir að vöruskiptajöfnuður okkar á landbúnaðarvörum var neikvæður um 44 milljarða árið 2013. Fyrir því þarf að afla gjaldeyris annars staðar frá. Viðskiptasamningar Íslands sem fjalla eitthvað um búvöruviðskipti eru fjölmargir. Þar er meðal annars áður nefndur samningur við WTO, tvíhliða samningur við ESB og annar tengdur 19. gr. EES-samningsins, samningur vegna aðildar að EFTA, fríverslunarsamningar við 35 ríki sem EFTA hefur gert og sérstakir tvíhliða samningar Íslands svo sem við Noreg, Færeyjar og Kína.

Ekki lokaður markaður

Oft er látið að því liggja að innflutningur búvara sé hér að mestu bannaður. Helst að einstöku sinnum sé leyft að flytja inn eitthvert smáræði, en þá undantekningalaust á ofurtollum. En 52 milljarðar eru ekki smáræði. Markaðurinn er ekki lokaðri en svo að innflutningur á kjöti, sem nýtur tollverndar, hefur vaxið stórlega frá 2010. Markaðshlutdeild innflutts kjöts er orðin á bilinu 10–15% í kjúklinga-, svína- og nautakjöti. Reynt er í skýrslunni að leggja mat á umfang tollverndar, að meðtöldum gjöldum sem innflytjendur greiða fyrir tollkvóta, þegar þeir eru boðnir út. Niðurstaðan er að hún sé á bilinu 18–50% af innkaupsverði vörunnar erlendis að viðbættum flutningskostnaði (CIF verð) og

greiðslum fyrir tollkvóta. Hlutfallið af endanlegu söluverði er lægra þar sem við þetta verð á eftir að bæta heildsölu- og smásöluálagningu og virðisaukaskatti, en þeir þættir leggjast auðvitað líka á innlenda framleiðslu.

Stuðningsaðgerðir algengar um allan heim

Í skýrslunni er gerð ágæt grein fyrir hugmyndafræðinni að baki tollvernd sem ástæða er til að endurtaka hér:

„Í mörgum ríkjum eru lagðir á tollar til að jafna samkeppnisstöðu búvara gagnvart innflutningi. Skilyrði til framleiðslu landbúnaðarvara geta verið mjög mismunandi eftir löndum sem helgast m.a. af legu þeirra og náttúrulegum aðstæðum, sem og ýmsum efnahagslegum skilyrðum. Til að jafna þennan mun hafa stjórnvöld einkum mætt þessu með tvennum hætti, þ.e. tollvernd og beinum stuðningi við framleiðendur. Slíkar stuðningsaðgerðir stjórnvalda eru sem fyrr segir algengar um heim allan og er landbúnaður án allra afskipta stjórnvalda vandfundinn. Stuðningur við landbúnað er mismikill og er oft meiri í löndum þar sem skilyrði til landbúnaðar eru lakari vegna veðurfars eða landfræðilegra aðstæðna. Auk þess eru ýmsar aðrar ástæður sem geta valdið því að framleiðendur geta illa keppt við erlenda samkeppni sérstaklega þegar kemur að framleiðslukostnaði. Algengt er að stjórnvöld veiti þá stuðning með það að markmiði að vernda fæðuöryggi og störf, en aðrar ástæður geta legið að baki t.d. verndun ákveðinna landsvæða og vara.“

Það sem hins vegar er ekki í skýrslunni er mat á þýðingu tollverndarinnar fyrir íslenska landbúnað. Hún hefur veruleg áhrif á hvaða afurðir bændur eru tilbúnir að framleiða og þar af leiðandi á kjör þeirra í heild. Ekki er gerð tilraun til að áætla hvaða áhrif afnám hennar hefði. Það er miður, því full þörf er á að skoða þessa hagsmuni í heild. Hvað erum við að tala um mörg störf tengd framleiðslu sem nýtur tollverndar? Hvaða áhrif erum við að tala um á byggðir landsins? Hvað þýðir þetta mikla gjaldeyrisþörf til viðbótar? Og síðast en ekki síst:

Getum við til dæmis nýtt hana betur til að

byggja upp fjölþættari innlenda framleiðslu? Hvað getum við gert til að svara aukinni eftirspurn eftir nautakjöti og svínakjöti? Er tollverndin í dag líkleg til að stuðla að því að íslenskir bændur bregðist við aukinni eftirspurn og hafi jafnframt eðlilegt endurgjald fyrir vinnu sína? Hefur það verið skoðað í alvöru?

Ekki gera ekki neitt auglýsir stærsta innheimtufyrirtæki landsins og það á vel við hér. Auðvitað er eðlilegt að röksemdir fyrir tollverndinni hverju sinni séu ljósar – hvað erum við að vernda og til hvers? En við getum líka spurt okkur að því hvort ekki sé þörf á að fara vel yfir þennan hluta landbúnaðarstefnunnar, setja þar skýrari stefnu, markmið og meta hvernig þeim verði best náð. Tollverndin á einfaldlega að vera hluti af skilgreindu starfsumhverfi landbúnaðarins og þar af leiðandi hluti af samningum þar um. Með því er alls ekki sjálfgefið að halda eigi áfram á þeirri braut að grafa undan tollverndinni og rýra verðgildi hennar – eins og einnig má lesa um í skýrslunni.

Að veifa fremur röngu tré en öngu

Sumir kjósa að nýta rangtúlkanir til að þjóna einhverjum málstað. Fyrir skömmu fréttu Bændasamtökin af því að Viðskiptaráð Íslands væri að láta gera könnun þar sem m.a. væri spurt um hvort að svarendum þætti rétt að Bændasamtökin fengju rekstrarstyrk á fjárlögum. Og í niðurstöðum könnunarinnar kom fram að meirihluti svarenda var mótfallinn því. Þetta væri eðlileg spurning ef Bændasamtökin fengju slíkan styrk. Það er alrangt eins og oft hefur verið leiðrétt. Til að freista þess að leiðrétta það enn einu sinni, hafði ég samband við framkvæmdaaðila könnunarinnar og benti á að þarna væri verið að spyrja um hlut sem ætti sér ekki stað. Svárið var að þetta væri að vilja kaupanda könnunarinnar og eins mætti alveg skilja spurninguna sem svo að hún snerist um hvort Bændasamtökin ættu að fara að fá styrk á fjárlögum þó það væri ekki þannig nú! Þeir sem vinna svona eru svo sannarlega tilbúnir að veifa frekar röngu tré en öngu. /SSS

LOKAORÐIN

Ekki evru!

Aldrei verður of oft tönglast á því hversu heppin við erum að búa í þessu landi. Hér eru náttúruauðlindir sem margir öfunda okkur af og allt til staðar svo tryggja megi fæðuöryggi þjóðarinnar.

Þrátt fyrir öll þau gæði sem landið býður upp á þá heyrir samt endalaus bölmóður fólks sem telur að allt sé betra í útlöndum. Þetta fólk sér engan tilgang í að halda uppi landbúnaðarframleiðslu á Íslandi, eða að skynsemi geti verið fólgin í því að halda uppi byggð víða um land.

Allt skal setja í reiknilíkan hámarks arðsemi þar sem menning og mannlíf skiptir engu máli. Þetta fólk gleymir þá um leið að án lifandi mannlífs og byggðar víða um land er tomt mál að tala um áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu. Það gleymir því líka að þéttbýlið eins og við Faxaflóa mun aldrei geta þrífist án jaðarbyggða. Um leið og þær hrynja fer fljótt að saxast á innviði þéttbýlisins sem byggja m.a. á að þjónusta dreifbýlið. Það mun síðan augljóslega fljótt leiða til fólksflotta þéttbýlisbúa úr landi. Slík þróun er vel þekkt fyrirbæri bæði hér á landi og í útlöndum.

Annar angi af þessu lýsir sér í yfirgangi og frekju ofdekraðra minnihlutahópa. Þannig reyndi einn slíkur að knýja þjóðina inn í ríkjasamsteypu Evrópusambandsins með valdi. Það átti að gera án þess að nokkrum í þessum „lýðræðiselskandi“ hópi dytti í hug að spyrja þjóðina fyrst um hvort hún vildi ganga í þennan klúbb. Í dag býr ESB við mikla óvissu ekki síst varðandi gjaldmiðil sinn, evruna, sem hríðfellur um þessar mundir. Samt heggur þessi hópur í sama knérunn.

Athyglisvert var að heyra Lars Christensen, yfirmann greiningardeildar Danske bank, á fundi sem Íslandsbanki stóð fyrir í Hörpu á miðvikudagsmorgun. Ekki styðja hans orð þá ráðagjörð að spyrða Ísland saman við efnahagsblokk ESB, – þvert á móti.

Lars benti á að íslenska hagkerfið væri í eðli sínu ekkert líkt því evrópska, heldur líkara því sem gerist í Noregi, Kanada og á Nýja-Sjálandi. Því mætti segja að út af efnahagslegum ástæðum væri ekki heppilegt fyrir Íslendinga að tengja krónuna við evru. Nær væri að tengja hana við kanadískan eða nýsjálenskan dollar. Ein leið væri líka að taka hreinlega upp aðra hvora þessara mynta á Íslandi. Þannig talaði bankamaður sem gjörþekkir efnahagsveruleikann í ESB-landinu Danmörku. /HKR.

Rangárþing eystra:

Seljalandsskóli undir Eyjafjöllum seldur

Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur samþykkt að selja Seljalandsskóla undir Eyjafjöllum og íbúðarhús honum tengdum.

„Ástæðan er að þessi mannvirki hafa ekki verið notuð í áráraðir og

við viljum gjarnan koma lífi í þau á ný. Í hluta húsnæðisins gerðum við tilraun með dagvistun – sem gekk því miður ekki upp – en að öðru leyti hefur húsnæðið staðið autt. Talsvert hefur verið spurt um það – við

erum búin að kaupa hlut ríkisins í þessum húsum. Eftir er að afmarka lóðir. Samþykkt hefur verið að söluhagnaður af húsunum renni til áframhaldandi uppbyggingar á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli,“ segir Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri. Húsin sem tengjast skólanum eru parhús með bílskúrum. Í þeim er búið í dag. /MHH



Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra.



Hreinn Óskarsson, skógræðingur á Odda á Rangárvöllum, átti fallega mynd af sauðfé og norðurljósum sem birtist á forsiðu síðasta Bændablaðs. Hér er önnur mynd frá Hreini og ekki síðri með ekta sveitastemningu og dráttarvél í forgrunni.

Líf og starf



Í opnu húsi á Hvanneyrargötunni. Talið frá vinstri: Ása Hlín Svavarsdóttir, sem kom til að skoða starfsemina í húsinu og Helga Halldórsdóttir, starfsmaður RML. Myndir / Oddný Kristín Guðmundsdóttir

Opið hús á Hvanneyrargötunni

Það sveif góður andi yfir vötnum síðastliðinn fimmtudag, þann 22. janúar, þegar fyrirtæki og stofnanir í húsinu að Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri buðu í opið hús.

Húsið, sem tekið var í notkun 2003, hýsir Búnaðarsamtök Vesturlands, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Héraðssetur landgræðslunnar, Matvælastofnun, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Skorradalshrepp og Vesturlandsskóga. Milli 20–25 starfsmenn hafa aðstöðu á Hvanneyrargötu 3 þar sem einnig er töluvert



Hér eru, talið frá vinstri: Guðmundur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsamtaka Vesturlands og starfsmaður Vesturlandsskóga, Páll Brynjarsson (gestur) og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturlandsskóga.

um laus rými til leigu. Það gæti því verið vænlegur kostur fyrir aðila sem er að leita að aðstöðu fyrir starfsemi af ýmsu tagi að skoða hvað er í boði í húsinu. Hvanneyrargata 3 er í eigu Borgarlands

og Búnaðarsamtaka Vesturlands. Mjög góð aðstaða er í húsinu, það er á þremur hæðum og lyfta milli hæða. Í húsinu er fundarsalur með góðum búnaði og kaffistofa. Staðsetning

er miðsvæðis á Vesturlandi og stutt í ýmsa þjónustu. Hér má sjá nokkrar svipmyndir frá opnu húsi á Hvanneyri.



Gestirnir Snædís Anna Þórhallsdóttir, Helgi Elí Hálfðánarson, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir og Iðunn Hauksdóttir.



Þessir kappar komu til að forvitnast um hvað fólk væri að fönndra við á Hvanneyrargötunni. Talið frá vinstri: Bernhard Bernhardsson og Magnús Fjeldsted.



Guðmundur Hallgrímsson, starfsmaður Búnaðarsamtaka Vesturlands.



Sigurður Max Jónsson, Oddný Sólveig Jónsdóttir og Magnús Ingimarsson.

MÆLT AF MUNNI FRAM

122

Síðasti vísnaþáttur endaði eiginlega í stórhriðarbyl. Ekki slotar hriðinni í næstu tveimur vísun þessa þáttar. Eftir **Þórmund Erlingsson** frá Stóra-Botni er þessi vísa:

*Skjálfa tindar, skefur snæ,
skjól og yndi þrýtur.
Kófið blindar, kelur fræ
krap í lindum flýtur.*

Einstök að allri gerð er þessi vísa **Höskuldar Einarssonar** frá Vatnshorni:

*Kalla ég hátt í kaldri tíð
kveðju norður á heiðar.
Fimmtugur einn í frosti og hrið
fer þar sinnar leiðar.*

En svo hattar um. Öllu meiri yl er að finna í vísu **Einars Árnasonar** frá Finnsstöðum í Köldukinn, föður Höskuldar. Vísuna orti Einar til konu sinnar **Kristjónu Sigfúsdóttur**:

*Mér sú góða líkn var léð
lífs á förnum vegi,
að geta aldrei af þér séð
eina stund úr degi.*

Bréfstúfur barst mér frá **Grétari Snæ Hjartarsyni**. Best gæti ég trúað, að baki því bréfi liggi mikill vísnasjóður, en þetta sinnið fá lesendur einungis að líta eina vísu. Vísan er eftir **Lárus Þórðarson** fyrrverandi bónda, ættrekin Húnvetning, en síðast gegndi hann verkmenntakennslu við Álftamýrarskóla. Vísuna orti Lárus á bændafundi þá vorsól skein sem bjartast:

*Vakna blóm við bæjarvegg,
bændum gildnar vömbin.
Hrafninn tínir tittlingsegg
og tófan étur lömbin.*

Gjör verður sagt síðar frá **Grétari Snæ** og **Lárusi Þórðarsyni**. En vendum nú skrifi að skáldinu **Magnúsi Halldórssyni**, sundlaugarverði á Hellu. Magnús, sem margir fleiri, lúsles Bændablaðið. Í bréfi sem mér barst frá Magnúsi vitnar hann sérstaklega til greinar um matarvenjur Kínverja, sem birtist í síðasta Bændablaði. Af sérstakri smásmýgli tíundar Magnús þær tegundir matar sem Kínverjar neyta frekast, og að hluta eru útfluttar héðan s.s garnir og lambatittlingar. Í næstu fjórum vísun rýnir Magnús meginefni umræddrar greinar með tilvitnun í fornar íslenskar matarvenjur:

*Hvuttana vænstu þeir velja
til veislu og setja á fat.
Og jafnvel þeir tittlinga telja
töluvert góðan mat.*

*Í hrísgrjón með þrjónum þeir pota,
-við þrjónum hér sokka úr ull.
Þeir táknmál svo klóra og krotu
sem Kínverjum finnst ekkert bull.*

*Þótt brygðust í sultinum sokkar,
þar sáum í myrkrinu leið,
er handritin átum við okkar
í algörri hörmungar neyð.*

*Í mannekle meinlegri búum,
á mannfjölgun aukin mun þörf,
og við sem á tittlinga trúum
sem tæki við þessháttar störf.*

Frá útflutningi aukaafurða íslenskra sláturhúsa, víkjum nú stuttlega máli að frammistöðu íslenska karlalandsliðsins í handbolta. Einar Kolbeinsson, bóndi í Bólstaðarhlíð, var ekki gíska bjartsýnn eftir stórtap fyrir Tékkum:

*Þjóðarsorg við þegnum gín
á þessu vízkulandi,
er hundadrullast heim til sín
hetjur fyrrverandi.*

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir

Sigurður Helgason, fulltrúi Íslands á Bocuse d’Or: Náum vonandi upp á pall

Sigurður Helgason, yfirmatreiðslumeistari á Grillinu á Hótel Sögu, var fulltrúi Íslands í óopinberri heimsmeistarakeppni matreiðslumanna Bocuse d’Or sem haldin var í Lyon í Frakklandi dagana 27. og 28. janúar. Úrslit lágu ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun.

Sigurður og fylgdarlið hans lentu í Frakklandi 22. janúar og voru með um eitt tonn af búnaði og hráefni meðferðis. Blaðamaður heyrði í Sigurði þegar hann var nýlentur og var hljóðið mjög gott í honum. „Við erum mjög vel stemmdir og spenntir. Þessi dagur fer nú bara allur í að koma farangrinum á keppnisstað. Fyrir utan ýmiss konar búnað erum við með um 15–200 kíló af matvælum. Það er alls kyns grunn hráefni og sósugrunnar en aðalhráefnið sem allir eiga að elda, franskan vatnauriða og perluhænu, fáum við afhent á staðnum. Grænmetið fyrir fiskréttinn þarf ég að sækja á markað daginn fyrir keppnina og við fáum hálf tíma til að velja það. Grænmetið með kjötinu get ég algjörlega valið sjálfur. Ég fór þá leið að nota íslenskt yfirbragð á réttina mína; ég nota reyk, villt ber sem ég tindi í sumar og eru frostþurrkuð til að nota utan á kjötið. Þar eru meðal annars aðalbláber og einiber. Svo nota ég aðrar villtar jurtir, til að mynda hreindýramosa sem ég nota bæði í matinn og fyrir útlitið.“

Útlitið skiptir máli

Við leggjum líka mikið upp úr útlitinu á réttunum og þar er plattinn auðvitað undirstaðan í framreiðslunni á kjötréttinum. Plattinn er 90 sentimetrar í þvermál og á hann fara 12 skammtar. Mikið var lagt í hönnun og smíði hans;



Sigurður Helgason.

þar sem hugmyndin var að reyna að einhverju leyti að endurskapa náttúru Íslands. Innblásturinn kom meðal annars frá íslensku stuðlabergi. Inni á plattanum hefur verið mótað lítið grill úr því sem líkist stuðlabergsstrendingum. Þar ofan í set ég kol og birki og framkalla reyk til að gefa réttinum aukin áhrif. Allt þetta útheimtir gríðarlega skipulagningu og tímastjórnun.

Þráinn Freyr Vigfússon er þjálfari Sigurðar og þrír aðstoðarmenn eru með í för; Hinrik Örn Lárusson (Grillinu), Karl Óskar Smáráson (Vox) og Rúnar Pierre Heriveaux (Lava í Bláa Lóninu) en hann aðstoðar Sigurð í keppniseldhúsinu á sjálfum keppnisdeginum 27. janúar. „Við myndum góða liðsheild og ég er mjög heppinn með þá aðstoðarmenn sem eru með mér. Við erum eiginlega sex manna lið því Sturla Birgisson fór með okkur út sem dómari. Þetta er orðið mjög reynslumikið lið sem stendur að baki íslenska þáttakandanum hverju sinni og við stefnum á að ná góðum árangri – vonandi alla leið upp á pall. /smh

Nýliðunarstyrkir í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt: Samþykktar umsóknir í mjólkurframleiðslu voru 17 á síðasta ári

Á síðasta ári var fjöldi samþykktar umsókna um nýliðunarstyrk í mjólkurframleiðslu 17. Alls barst 21 umsókn á síðasta ári. Nýliðunarstyrkir í mjólkurframleiðslu hafa verið veittir frá 2012 og hafa ekki fleiri umsóknir verið samþykktar.

Markmið nýliðunarstyrkja er að aðstoða nýliða við að hefja búskap. Í verklagsreglum kemur fram að einstaklingur eða lögaðili getur sótt um framlög, allt að fimm milljónir króna, við upphaf kúabúskapar. Aðili á einungis rétt á slíku styrkframlagi einu sinni á sinni búskapartíð og teljast hjón og sambýlisfólk einn aðili í skilningi reglnanna.

Árið 2012 bárust 20 umsóknir í mjólkurframleiðslu, en 12 voru

samþykktar. Árið 2013 bárust átta umsóknir og voru sjö samþykktar.

Svipaður fjöldi nýliðunarstyrkja í sauðfé

Fjöldi umsókna um nýliðunarstyrki í sauðfjárrækt hefur verið svipaður á undanförunum árum, en fyrst var farið að veita þá styrki árið 2008. Nýliðunarstyrkir eru einnig veittir við fjölgun í bústofni um 50 ær eða fleiri.

Í fyrra bárust 57 umsóknir; 31 ný og 23 framhaldsumsóknir. Af þeim voru 50 samþykktar en sjö hafnað. Árið 2013 bárust 54 umsóknir; 31 ný og 23 framhaldsumsóknir. Af þeim voru 45 samþykktar en níu hafnað. Árið 2012 bárust 54 umsóknir; 23 nýjar og 31 framhaldsumsókn. Af þeim voru 49 samþykktar. /smh

Landssamband kúabænda: Aðalfundur 12. og 13. mars 2015

Aðalfundur Landssambands kúabænda verður settur fimmtudaginn 12. mars nk. kl. 10.00 í fyrirlestrarsal Íslenskrar erfðagreiningar að Sturlugötu 8 í Reykjavík. Fagþing nautgriparæktarinnar verður haldið þar síðar um daginn, frá kl. 13–16. Fundurinn og fagþingið er opið öllu áhugafólki um nautgriparækt.

Árshátíð Landssambands kúabænda verður haldin á Grand Hótel Reykjavík föstudagskvöldið 12. mars. Miðapantanir eru í síma 460 4477. Veislustjóri verður

Ingvar Jónsson. Tveggja manna herbergi á Grand Hótel Reykjavík með morgunverði kostar 24.190 pr. nótt. Tveggja manna herbergi með morgunverði á Hótel Cabin kostar 13.100 kr pr. nótt. Herbergjapantanir eru gerðar í síma 415 0600 eða með tölvupósti á linda@icelandunlimited.is

Þar sem mjög mikil ásókn er í gistingu í höfuðborginni þessi misserin, er áhugasömum ráðlagt að hafa hraðar hendur við pantanir!

Landssamband kúabænda hvetur bændur til að fjölmenna á þessa viðburði.

Áburðarframleiðsla á hagkvæman og vistvænan hátt

— ammóníak búið til úr andrúmslofti og vatni

Á dögunum veitti Rannsóknasjóður Íslands í umsjón Rannís styrk til verkefnis sem miðar að því að þróa aðferð til að búa til ammóníak fyrir áburðarframleiðslu og þar með leyst iðnaðarferlið af hólmi sem notað er í dag.

Verkefnið heitir „Áburður frá lofti og vatni: Frá reikningum til tilrauna“ og verkefnisstjóri þess er Egill Skúlason, dósent við Raunvísindadeild Háskóla Íslands. „Í iðnaði í dag þarf fyrst að búa til vetnisgas sem yfirleitt er búið til úr jarðgasi sem er þverrandi orkulind. Auk þess er sá hluti ferlisins dýrasti hlutinn. Vetnisgasið er síðan blandað saman við niturgas við mjög háan hita og þrýsting. Þetta leiðir til þess að slíkar verksmiðjur eru aðeins á útvöldum stöðum í heiminum í dag, og því þarf að flytja til ammóníakið eða áburðinn á milli staða, sem eykur kostnað á áburðinum og mengar einnig andrúmsloftið.

Í aðferðinni sem við erum að vinna við að þróa hér verður hægt að búa til ammóníak og eða áburð úr nitri andrúmsloftsins (sem er 78 prósent) og vatni með svokallaðri rafefnafræði. Það yrði því hægt að gera þetta í miklu minni einingum eða verksmiðjum og aðeins stofuhiti og venjulegur loftþrýsingur þarf til hér. Þess vegna væri mögulegt að vera með slíka áburðarframleiðslu á sama stað og nota þarf áburðinn, t.d. á bóndabænum. Þá væri hægt annaðhvort að notast við rafmagn eða sólarorku,“ útskýrir Egill.

Hugmyndin kemur úr náttúrunni

„Ég byrjaði að vinna að þessari hugmynd í meistaranámi mínu við HÍ fyrir rúmum 10 árum en tók síðan nokkurra ára hlé frá því á meðan ég tók doktorsnám við Tækniháskóla Danmerkur, og hélt síðan áfram að vinna að þessu verkefni eftir að ég kom heim og fór að vinna við HÍ.

Hugmyndin kemur í rauninni frá náttúrunni, en þar eru bakteríur með svokölluð ensím sem framkvæma svipað efnahvarf við svipaðar aðstæður. Menn hefur lengi dreymt um að læra þetta af náttúrunni og ýmsar rannsóknir tengt þessu eru í gangi erlendis. En hráefnin og aðstæðurnar sem við viljum ná fram hér í þessari aðferð hefur ekki fengið mikinn gaum því þetta hefur þótt frekar vonlaus framkvæmd; því yfirleitt myndast bara vetnisgas í stað ammóníaks í þeim tilraunum sem hafa verið gerðar. Málið er að flest rafskaut sem hafa verið prófuð fyrir þetta mynda miklu frekar vetnisgas en ammóníak en við höfum notast við tölvureikninga til að leita að efnahvötum sem stýra útkomu efnahvarfsins, en við viljum koma í veg fyrir vetnismyndun en



Egill með syni sínum, Eldi Egilssyni, á rannsóknarstofunni.

auka ammóníaksmyndun. Þannig höfum við náð að hanna efnahvata með tölvureikningum sem gera þetta langþráða efnahvarf mögulegt.“

Egill segir að styrkurinn frá Rannís sé góður og kærkominn. „Hann gerir það að verkum að við getum ráðið um sex manns (doktorsnema og sérfræðinga) til að vinna að þessu verkefni í þrjú ár. Þar að auki borgar styrkurinn hluta af launum fyrir sérfræðinga við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem vinna að þessu verkefni, sem og til að kaupa og viðhalda tækjabúnaði og efnum fyrir þetta verkefni. Sem sagt rekstrarkostnaður en einnig kynningarkostnaður.

Til að ná settu markmiði vinnum við bæði að tölvureikningum sem og tilraunavinnu. Tilraunavinnan byggir á því að búa til efnahvatana með nanótækni sem og að framkvæma rafefnafræðilegar

tilraunir, en einnig að mæla magnið af ammóníakinu sem framleitt er. Öll þessi vinna er tímafrek og allir þættir verkefnisins þurfa að vinna saman og skiptast á niðurstöðum til að komast áfram að lokalausninni.

Ef allt gengur eftir, þá gætum við byrjað á hagnýtingu og prófunum á stærri skala eftir nokkur ár. Þá gætu bændur hér heima, sem og annars staðar í heiminum, framleitt sinn eigin áburð með litlum kostnaði. Efnahvatarnir eru úr ódýrum efnum, tækjabúnaðurinn verður ódýr og hráefnin eru vatn og loft ásamt orkugjöfum eins og rafmagni eða sólarljósi. Landbúnaðurinn gæti þá komist nær því að vera óháður innflutningi á áburði, en það mun auðvitað vera mikilvægast fyrir fátæka bændur í þróunarlöndunum, sem hafa í dag ekki efni á áburði og eru því þar af leiðandi með litla uppskeru.“ /smh

Ljósmaður á Selfossi sjá um leghálskrabbameinsleit á Suðurlandi

Eftir 1. febrúar býðst konum á Suðurlandi að panta tíma í leghálskrabbameinsleit hjá ljósmóður á sinni heilsugæslustöð á flestum heilsugæslustöðvum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Að undanförunu hefur Krabbameinsfélag Íslands staðið fyrir átaki til þess að hvetja konur að mæta í leghálskrabbameinsleit. Þátttakan á Íslandi hefur farið minnkandi undanfarin ár og er nú víða undir 50%. Sérstaklega hefur þátttakan



Sigrún Kristjánsdóttir.

einnig leghálssýnatökuna, og er það nú þegar byrjað á Leitarstöð

dregist saman á landsbyggðinni, en á árum áður mættu konur yfirleitt mun betur úti á landi sem nú hefur snúið við. „Sú breyting hefur orðið á leitinni að nú framkvæma l j ó s m æ ð u r einnig legháls

leghálskrabbameinsleit á Suðurlandi. Þessi háttur er hafður á í mörgum nágrannalöndum okkar og þar er þátttakan mun meiri en hér á landi. Leghálsskrabbameinsleit skilar góðum árangri svo framarlega sem konur mæta. Dánartíðni af völdum leghálskrabbameins hefur lækkað um 90% síðan skipulögð leit hófst,“ segir Sigrún Kristjánsdóttir, yfirljósmóðir hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. /MHH

Sprettur ÁBURÐUR

Taktu sprettinn...2015

Minna ryk - meiri gæði - betri spretta

Áburðartegund	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	B	vatns uppl. P	Greitt fyrir 15 mars ¹	Greitt fyrir 15 maí ²	greiðslu- dreifing ³
Sprettur N27	27			4,3	1,8					65.696	67.109	70.641
Sprettur N26+S	26			3,6	1,5	3,6				67.982	69.444	73.099
NÝTT Sprettur N22-0-11	22		9,1	3,5	1,5					73.066	74.637	78.565
Sprettur 25-5	25	2,2		3,3	1,4	2,5			93%	72.465	74.024	77.920
SELEN Sprettur 25-5+Avail+Selen	25	2,2		3,3	1,4	2,5	0.002		93%	76.812	78.464	82.593
Sprettur 26-13	26	5,7		1,3	0,5	2			93%	78.725	80.418	84.650
Sprettur 22-7-6	22	3,1	5	2,9	1,2	2,5			93%	76.410	78.053	82.161
SELEN Sprettur 22-7-6+Selen	22	3,1	5	2,9	1,2	2,5	0.002		93%	79.452	81.161	85.432
SELEN NÝTT Sprettur 22-5-5+Vorvaki	22	2,2	4,1	2,9	1,2	2,5	0.002		93%	82.548	84.324	88.762
SELEN Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	20	2,2	11	2,4	1,0	2,5	0.002		93%	81.090	82.834	87.194
Sprettur 20-10-10	20	4,4	8,3	2,2	0,9	2,5			93%	78.984	80.683	84.929
SELEN Sprettur 20-10-10+Selen	20	4,4	8,3	2,2	0,9	2,5	0.002		93%	81.792	83.551	87.948
SELEN Sprettur 20-12-8+Selen	20	5,2	6,6	2,1	0,9	2,5	0.002		93%	82.728	84.507	88.955
Sprettur 27-6-6	27	2,6	5			2			93%	78.128	79.808	84.008
Sprettur 22-6-13	22	2,6	11			2			93%	78.984	80.683	84.929
Sprettur 22-14-9	22	6,1	7,5			2			93%	83.430	85.224	89.710
Sprettur 22-10-10	22	4,4	8,3			2			93%	79.078	80.779	85.030
Sprettur 25-9-8	25	3,9	6,6			2			93%	82.133	83.899	88.315
Sprettur 16-15-12	16	6,5	10	1,3	0,5	2,5			93%	81.438	83.190	87.568
GARÐ- ÁBURÐUR Sprettur 12-12-20+Avail+Bór	12	5,2	17	1,1	0,6	7,2		0.02	93%	100.746	102.913	108.329
Sprettur DAP	18	20							93%	96.996	99.082	104.297
Sprettur Calciprill (kornað kalk)				36,4	0,1					34.739	35.486	37.354
NÝTT Sprettur Magprill (Kornað Ca&Mg)				24,4	9,1					50.444	51.529	54.241

Öll verð eru í íslenskum krónum pr.tonn og án vsk. Verðlisti getur breyst án fyrirvara.
*Verðlisti gildir miðað við að pantað sé fyrir 31. janúar 2015.

Reykjavík

Aron Baldursson
sími: 444 3009
gsm: 840 3009
aron@skeljungur.is

Norðvesturland

Bændaþjónustan
Eymundur Þórarinnsson
Saurbæ, Skagafirði
gsm: 892 8012
saurbaer@saurbaer.is

Norðausturland

Hallgrímur Hallsson
sími: 464 1067
gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is

Borgarfjörður, Kjós og Hvalfjörður

Einar Guðmann Örnólfsson
Sigmundarstöðum
gsm: 862 5075
einargudmann@vesturland.is

Eyjafjörður

Þórarinn Ingi Pétursson
Grund
gsm: 899 3236
grytubakki@gmail.com

Austurland

Steinn Björnsson
Þernunesi
gsm: 896 0314
steinnb@visir.is

Snæfellsnes og Mýrar

Sigurjón Helgason
Mel, Mýrum
gsm: 867 8108
melur@emax.is

Eyjafjörður

Bernharð Arnarson
Auðbrekka 1
gsm: 659 0578
audbrekka.1@simnet.is

Suðurland

Búaðföng
Lúðvík Bergmann
Stórolfsvöllum
sími: 487 8888
gsm: 896 9980
bu@bu.is



Dalir

Sigurður Sigurbjörnsson
Búðardalur
gsm: 899 1976
sprettur@budardalur.is

GREIÐSLUFYRIRKOMULAG 2015

- 1** Fyrirframgreiðsla, greitt fyrir 15. mars
- 2** Greitt fyrir 15. maí
- 3** Greiðsludreifing / greitt fyrir 15. október
Í boði eru 7 jafnar vaxtalausar mánaðarlegar greiðslur með gjalddaga 1. hvers mánaðar frá maí til nóvember eða ein vaxtalaus greiðsla með gjalddaga 1. október 2015.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga
Dragist greiðsla fram yfir eindaga reiknast
dráttarvextir frá gjalddaga. Öll verð eru án/vsk.
og leggst 25,5% vsk. ofan á verð
við útgáfu reiknings.

Eldsneyti, smurolíur og aðrar rekstrarvörur
á hagstæðum kjörum. Kynntu þér málið!

Fréttir

Landgræðslan — styrkir til varna gegn landbroti:
Umsóknarfrestur framlengdur

Áður auglýstur umsóknarfrestur um styrki til varna gegn landbroti er nú framlengdur til 20. febrúar 2015. Landgræðsla ríkisins auglýsir eftir umsóknum um styrki til varna gegn landbroti.

Um er að ræða styrki sem veittir eru til slíkra verkefna skv. lögum nr. 91/2002 um varnir gegn landbroti.

Styrkirnir eru veittir til hvers konar verkefna til varnar því að vatnsföll eyði mannvirkjum eða gangi á gróíð land. Við forgangsroðun verkefna er m.a. höfð hliðsjón af verðmæti þeirra

mannvirkja eða lands sem landbrot ógnar. Umsóknarfrestur er framlengdur til 20. febrúar 2015.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á heimasíðu Landgræðslunnar, www.land.is, en einnig er hægt að hafa samband við Landgræðsluna í Gunnarsholti, sími 488 3000 og verkefnastjóra Varna gegn landbroti Sigurjón Einarsson í síma 8560432.

Umsóknum skal skila til Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella eða á netfangið [land.is](mailto:land@land.is). /VH



Beltispari.

Mynd / Simon Sturluson.

Gæðapættir við vinnslu
og verkun beltispara

Viða við landið er að finna beltispara í töluverðu magni en sennilega er hvergi jafnmikið af honum og í Breiðafirði.

Hugmyndir hafa verið uppi um mögulega nýtingu hans og því var ráðist í rannsóknir á þeim atriðum sem hafa þarf í huga til að fá sem besta vöru úr hráefninu.

Uppskerutími í maí og júní

Á heimasíðu Mátis segir að uppskerutími þarans sé í maí og júní en þá er hann laus við ásætur að mestu leyti. Mismunandi efnainnihald reyndist vera í þaranum eftir aldri hans, ungur beltispari innihélt t.a.m. minna prótein og salt en árgamall

beltispari sem safnað var á sama tíma, joðmagn reyndist hins vegar herra í yngri þaranum. Töluverður munur kom í ljós á útliti, bragði og áferð eftir þeirri meðhöndlun sem þarinn fékk.

Réttur uppskerutími og meðhöndlun geta því haft úrslitaáhrif á gæði hráefnisins og þeirra afurða sem unnar eru úr því.

Styrkt af AVS sjóðnum

Verkefnið var styrkt af AVS sjóðnum og unnið í samstarfi Mátis og Íslenskrar bláskeljar í Stykkishólmi. Skýrslu um verkefnið má finna á vefsíðu Mátis, nánari upplýsingar veitir Þóra Valsdóttir hjá Mátis. /VH



Frá Blönduósi.

Mynd / HKr.

Landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar:

Óánægja með úrskurð
óbyggðanefndar

Landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar lýsir yfir óánægju með úrskurð óbyggðanefndar sem úrskurðaði í síðasta mánuði að Skrapatungurétt, Fannlaugarstaðir og Skálahnjúkur teldust til þjóðlendna.

Nefndin hvetur sveitarstjórn Blönduósbæjar til þess að áfrýja úrskurðinum til dómstóla en hver sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs

sem úrdráttur úr úrskurði sé birtur í.

Óbyggðanefnd kvað upp úrskurð sinn 19. desember síðastliðinn í ágreiningsmálum um þjóðlendur á svonefndu svæði 8 norður. Svæðið tekur til Húnavatnssýslu vestan Blöndu ásamt Skaga og skiptist í svæðin Skaga, Húnavatnshrepp, Húnaþing vestra, syðri hluta og Vatnsnes. Í úrskurðinum er m.a. fallist á að Skrapatungurétt, ágreiningssvæði vegna Fannlaugarstaða og ágreiningssvæði vegna Skálahnjúks væru þjóðlendur. /MÞÞ



Oddur Már Gunnarsson, sviðsstjóri viðskiptaþróunar Mátis, og Jón Axel Pétursson, framkvæmdastjóri Sölu- og markaðssviðs MS, undirrita samstarfssamning fyrirækjanna tveggja.

Mjólkursamsalan og Mátis:

Gera samstarfssamning um
rannsóknir á skyri og mysu

Mjólkursamsalan og Mátis hafa gert með sér fimm ára samstarfssamning um rannsóknir á skyrgerlum og mysu samkvæmt því sem segir á frétt á vef Mátis.

Jón Axel Pétursson, framkvæmdastjóri Sölu- og markaðssviðs MS, segir að fyrirtækið sé mjög spennt fyrir þessu samstarfi sem fyrirtækin hafa náð samkomulagi um. „Í skyrinu og íslenska skyrgerlinum leynast mikil verðmæti eins og við höfum séð mjög greinilega út frá jákvæðri sölupróun okkar á skyri á Norðurlöndum, en salan á síðasta ári þar jókst um 85% og er nú í heildina orðin um og yfir 13.000 tonn,“ segir Jón Axel. Það er full ástæða til að rannsaka frekar íslenska skyrgerilinn og sérstöðu hans og hvernig nýta

megi hann til að gera skyrið að enn verðmætari útflutningsvöru en það er í dag.


„Að fá aðgang að því hæfa og góða fagfólki í vísindum og rannsóknum sem vinnur hjá Mátis er því mjög verðmætt fyrir okkur og við bindum miklar vonir til framtíðar um þetta samstarf okkar,“ segir Jón Axel. „Enn fremur ætlum við í sameiningu að rannsaka betur eiginleika mysunnar og með hvaða hætti unnt er að gera meiri verðmæti úr henni heldur en gert er í dag.“

Að sögn Odds Mús Gunnarssonar, sviðsstjóra viðskiptaþróunar Mátis, sér fyrirtækið mikil tækifæri í því að vinna með MS. Mátis er leiðandi rannsóknarfyrirtæki í matvæla-, líftækni- og umhverfisrannsóknum

og fyrirtækið er mjög vel búið til að takast á við verkefni sem þessi.

„Mikil þekking er innan Mátis á hvers kyns örverum og mun sú þekking nýtast vel til rannsókna á skyri og skyrgerlum. Mysan er ekki minna áhugavert hráefni sem býður upp á mikla möguleika til aukinnar verðmætasköpunar. Með samstarfi Mátis og MS skapast gríðarleg tækifæri til nýsköpunar,“ segir Oddur Már.

„Samstarfið við MS fellur auk þess vel að grunnildum í starfsemi Mátis en hjá fyrirtækinu er lögð áhersla á að vinna að fjölbreyttum verkefnum í matvælaíðnaði þar sem áhersla er lögð á nýsköpun og verðmætaaukningu,“ segir Oddur Már enn fremur.



Aldin apabrauðstrés.

Prófa lítt þekktar nytjaplöntur:

Nytjaplöntur framtíðarinnar

Verið er að gera tilraunir með ræktun um eitt hundrað nytjaplantna sem þekktar eru meðal ýmissa ættbálka og þjóðflokka í Afríku en ekki í almennt ræktun.

Í Afríku er að finna fjölda nytjaplantna sem ekki þekkjast annars staðar í heiminum og margar þeirra eru einungis ræktaðar á afmörkuðum svæðum og því lítið vitað um gildi þeirra.

Rannsóknarstofnun í nytjaplöntum

í Kenía hefur hleypt af stokkunum verkefni sem felst í að rækta um eitt hundrað þessara plantna með það í huga að kann gildi þeirra sem nytjaplöntur í stórum stíl í framtíðinni.

Meðal tegunda sem verið er að prófa er lítt þekktar tegundir af maís, hveiti og hrísgrjónum auk apabrauðstrés, köngulóaplöntu og tegundar sem kallast amarant. Allar þessar tegundir hafa lengi verið nytjaplöntur innfæddra en

lítill gaumur gefinn í tæknivæddum landbúnaði.

Tilgangurinn með ræktuninni er að finna næringarríkar tegundir og framrækta þær áfram til aukinnar ræktunar. Rannsóknin er hluti af sístækkandi verkefni sem kallast Crops for the Future eða nytjaplöntur framtíðarinnar og er í samstarfi innfæddra, gróðurnytja og mannfræðinga. /VH

Mýrdalshreppur: Óánægja með vetrarþjónustu

„Við erum að krefjast þess að farið sé að þessum reglum og leiðin frá Hvolsvelli til Víkur strax færð í þjónustuflokk tvö, sem er sá þjónustuflokkur sem við eigum að vera í samkvæmt reglum Vegagerðarinnar miðað við umferðarþunga,“ segir Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

„Þjónustuflokkur tvö er fyrir svæði sem eru með VDU (vetrardagsumferð yfir 500 bíla á sólarhring), en erum sett í þjónustuflokk þrjú, það er talsverður munur á þjónustu þessara flokka bæði hvað varðar mokstur, en þó er mestur munur á hálkuvörnum,“ segir Ásgeir, en sveitarstjórn gerði harðorða bókun um þessi mál.

Hann segir að staðan sé þannig í dag að þjónustuflokkur tvö nær bara til Landeyjarhafnar. Ástandið í síðustu viku hafi verið þannig að ökumenn aki á auðum vegi allt austur að Þorvaldseyri en þaðan til Víkur er fljúgandi hálka og engin hálkuvörn nema í bröttustu brekkunum. „Það er mikil og almenn óánægja með þessa þjónustu og bílar eru stöðugt að lenda í vandræðum vegna hálku,“ bætir Ásgeir við. „Þetta er í skoðun hjá okkur og ákvörðunar að vænta fljótlega, það er ljóst að það fylgir því talsverður viðbótarkostnaður að hækka þjónustustigið,“ segir Svanur Bjarnason, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Suðursvæði, þegar leitað var viðbragða hans við málinu. /MHH

**STEYPUSTYRKJARJÁRN,
LYKKJUR OG JÁRNAMOTTUR**

STJÖRNUBLIKK
Snægg og góð þjónusta!

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

**BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAD ALUSINK**
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM

**NYJUNG
VATNSRÁS**

**VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR**

STJÖRNUBLIKK
Snægg og góð þjónusta!

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

**KOPAR OG SINK
KLÆÐNINGAR**

**LÆSTAR
KLÆÐNINGAR**

STJÖRNUBLIKK
Snægg og góð þjónusta!

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

**KLAKABRJTÓTUR
RAIKO**

RAIKO.is
s-8610000

Bændablaðið
Kemur næst út

**12.
febrúar**

Smáauglýsingar
56-30-300

Pólskar haughræur

Aflgjafar: 3 fasa rafmótor eða glussarótor.

Mótorstærðir: 7,5 KW, 9,2 KW, 11 KW / Glussarótor : 8 KW

Sterk og vönduð smíð, burðarvirki úr heitgalf stáli, ryðfrítt stál í þeim hluta sem fer niður í hauginn.

Mesta vinnudýpt: 130 cm, vinna í öllum gráðum á hlið.

Hræurnar fara niður um 17 mm eða 23 mm rimla, en einnig er hægt að sérpanta aðra sverleika.

Hræurnar eru komnar í notkun hér heima og hafa reynst vonum framár.

Afgreiðslutími: 4 til 6 vikur, mjög hagstætt verð.

Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang: hak@hak.is vefslóð: www.hak.is

LAGNAVERSLUN

Nánari upplýsingar:
lagnadeild@byko.is,
sími 515-4040.

Sabiana hitablásarar eru með sterkt stál element sem þolir hitaveituvatn.

SABIANA

Vnr. 29500913-25
SABIANA Helios hitablásarar, 7-40 kW.

HRINGRÁSARDÆLUR

Gæði á góðu verði

Eigum flestar gerðir af hringrásardælum á lager

VERÐVERND BYKO

LÆGRA VERÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

Fréttir



Guðni Ágústsson, framkvæmdastjóri SAM:

Matvælalandið Ísland

Hvar sem tveir menn koma saman ræða þeir um hvað þeir hafi borðað og hvar best sé að borða. Hvert sem við förum um heiminn er maturinn stóra spurningin og umræðuefnið og víða er hann góður.

Nú ferðast milljónir manna um heiminn til að upplifa matarmenningu. Ísland hefur hlotið mikla viðurkenningu á alþjóðavísu fyrir hráefnið og meistarakokkarnir heimsins hafa ekki dregið af lýsingum sínum hvort sem það er fiskurinn, smjórið, skyrið eða lambakjötið. Enn eru grunnauðlindir okkar hafið bláa og landið græna eða lífbeltin tvö eins og Kristján Eldjárn orðaði það forðum, þaðan kemur lífsbjörgin stærsta. Þótt margt annað skipti svo máli og stækki flóruna. Ísland er matvælaland og hefur hlotið marga viðurkenningu út á þessa sérstöðu.

Upphaf velmegunar Íslands er sala á fiski sem er ferskur veiddur og verkaður með þeim hætti að ekkert jafnast á við hann. Á nýrri öld stendur landbúnaðurinn við hliðina á sjávarútveginum og auðlindirnar til lands og sjávar fá sömu einkunn, hráefnið er ferskt, heilbriggt og í fremstu röð. Afurðirnar koma frá umhverfi og úr náttúru sem er einstök, þetta kallast „handverk“, þar sem sjómennirnir og bændurnir eru mikils metnir fyrir sitt starf. Hráefnið er original, verksmiðjubúskapur, lyfjagjafir, eitrin á gróður og sjúkdómar eru fjarri. Ferðamennirnir sem hingað koma blessa hráefnið og matinn og spara ekki snjallsímann sinn, að senda vinum sínum boð. Þeir auglýsa líka fagra náttúru með sama hætti, frjálssar og skjöldóttar kýr, hross og sauðfé á beit. Ísland er undraland segir Jón Óttar Ragnarsson frumkvöðull og gerir nú magn-aða sjónvarpsþætti um hið „Dulda Ísland,“ ævintýraland, kominn af hafi eftir langa dvöl erlendis. Hann er glöggskyggn gestur og varpar ljósi á svo margt sem okkur finnst ekkert merkilegt í gráum hversdagsleikanum og neikvæðri umræðu fylupúkanna.

Fjöreggið er brothætt

Fjöreggið er eigi að síður brothætt og það er jafnvel erfitt að sann-færa okkar fólk um að þarna liggi enn stærstu tækifæri landsins. Hvað þá

að með gáleysi sé hægt að spilla auðlindunum. Að hafsvæðið í kringum landið sé hægt að menga, og sérstöðu og gæði landbúnaðarins sé auðvelt að eyðileggja með t.d. innflutningi á lifandi dýrum og hráu kjöti. Veðiárnar og laxinn sé hægt að drepa og veikja með veiðigræjum sem menn koma með af sýktum svæðum. Skítug reiðtygi, skór og reiðbuxur í gegnum Keflavík kunni að verða banabiti gæðingsins? Nýsjálendingar hafa grænt öryggishlið inn í sitt land af virðingu við heilbrigða búfjárstofna og sína dýrmætustu útflutningsauðlind. Þeir banna allan innflutning á landbúnaðarafurðum. En við Íslendingar verðum að verja okkar öryggismál fyrir dómstólum hér og fyrir eftirlitsstofnunum ESB og sanna það sem saga niðurskurðar og fjárhagslegs skaða af búfjársjúkdómum hefur valdið hér í eitt hundrað og fimmtíu ár. Sanna að landið sé nánast án búfjársjúkdóma og það sé ekki síst einangrun búfjárstofnanna í þúsund ár sem þar ráði mestu um, en jafnframt sé búféð næmt, skorti mótefni gegn alvarlegum drápspestum sem við öll höfum heyrt af, og því beri að fara af mikilli varúð eins og dæmin sanna. Og jafnframt þurfum við að hlusta á gaspur og gífuryrði óábyrga manna í röðum innflutningsgróðans, sem hiklaust kæra þessa sérstöðu og vilja brjóta hana á bak aftur.

Tröllskessur gróðans

Enn henda tröllskessur græðginnar fjöregginu á milli sín og segja og gera lítið úr hættunni að sjúkdómar kunni að berast með þessum hætti, hvort sem þeir heita Andrés Magnússon eða Ólafur Stephensen. Eitt stærsta tækifæri dagsins er að sjávarútvegurinn, landbúnaðurinn og matvælaíðnaðurinn taki höndum saman og móti skýra matvælastefnu með stjórnvöldum og ferðaþjónustunni í framhaldinu með kynningu á sérstöðu Íslands bæði inn á við og út á við. Ég hef horft á orðhákana sitja orðlausa þegar mannalæknar, dýralæknar og færustu prófessorar fara yfir áhættuna og vara við afnámi reglna sem verja líf og og heilsu manna og dýra og halda sjúkdómum frá landinu.

Matvælaöryggi:

Ísland með sérstöðu þegar kemur að bakteríusýkingum í matvælum

Árið 1999, eftir holskeflu *Campylobacter*-sýkinga hérlandis, var eftirlit með kjúklingum aukið. Með átaki sem farið var í hefur tekist að skapa Íslandi sérstöðu á heimsvísu hvað varðar litla tíðni sýkinga.

Í dag eru tekin sýni úr hópum allra eldiskjúklinga á leið til slátrunar 2–5 dögum fyrir fyrirhugaða slátrun.

Ef bakterían greinist er allur kjúklingurinn úr viðkomandi hópi frystur að slátrun lokinni. Ástæðan fyrir því að þessi leið var valin byggðist á rannsóknum sem sýndu fram á að með frystingu fækkaði bakteríunni um allt að 99%. Þar með dró mjög mikið úr þeirri hættu sem fylgdi meðhöndlun kjúklinga og krosssmitun bakteríunnar í önnur matvæli.

Fjöldi *Campylobacter*-sýkinga jókst hratt

Franklín Georgsson, sviðsstjóri Mælingar og miðlunar hjá Mátis, segir að *Campylobacter*-mengun í kjúklingum hafi vaxið hratt hér á landi frá 1996 til 2000 en náð hámarki 1999.

„Fyrir 1996 var eingöngu leyfð sala á frystum kjúklingum en í framhaldi á leyfi á sölu á ferskum kjúklingum var kjúklingakjöt mjög vinsælt. Vandamálið var aftur á móti að fjöldi *Campylobacter*-sýkinga jókst hratt og í raun engin stjórn á henni í fuglunum og var því greinilega brýnt að grípa til aðgerða.

Ólík mörgum öðrum bakteríum þolir *Campylobacter* illa frystingu og mun ver en *Salmonella*.

Campylobacter-bakteríur drepast einnig við eldun og hættan á sýkingu er því ekki endilega mest frá fuglinum sjálfum heldur fremur að ef bakterían berst af honum og í annan mat eins og salat sem er borið fram hratt. Menn eru mjög næmir fyrir *Campylobacter* og sýking getur átt sér stað hafi fólk meðhöndlað mengaðan fugl og sleikt á sér fingurna,“ segir Franklín.

Frystir ódýrari en ferskir

Þar sem frystar alifuglaafurðir seljast á mun lægra verði en ferskar leiddi frystikraftan til þess að alifuglabændur hertu mjög á öllum fyrirbyggjandi aðgerðum sem drógu þannig mjög fljótlega úr mengun eldishópa. Þessar aðgerðir, auk fræðslu til



Ísland hefur skapað sér sérstöðu þegar kemur að fátíðni *Campylobacter*-sýkinga, en ekkert annað land í heiminum hefur náð að fækka smittilvikum með sama hætti og á jafn stuttum tíma og gerðist á Íslandi.



Franklín Georgsson.



Campylobacter.

almennings um rétta meðhöndlun hrárra kjúklingaafurða, hafa gert það að verkum að í dag er árlegur fjöldi greindra sjúkdómstílfella af innlendum uppruna í mönnum aðeins brot af því sem greindist 1999 og fjöldi eldishópa sem greinist með bakteríuna er sömuleiðis aðeins lítið brot af því sem var áður en frystikraftan var innleidd árið 2000.

Einstakur árangur

„Átakið sem farið var út í hér var unnið í samvinnu við framleiðendur og fólst meðal annars í að koma í veg fyrir sýkingar inni í og innan eldishúsanna og fræðslu til neytenda um meðhöndlun hráefnisins.

Tillaga til þingsályktunar um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands:

Gróður- og jarðvegseyðing stærstu umhverfisvandamál Íslands

Búið er að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands.

Tillagan miðar að því að upplýsingar um ræktunarland séu aðgengilegar öllum og að mótuð verði stefna um varðveislu ræktunarlands þannig að komist verði hjá því að því verði varið óskynsamlega eða því spillt.

Mesta eyðing í Evrópu

Í tillögunni segir að gróður- og jarðvegseyðing hafi verið og séu einhver stærstu umhverfisvandamál Íslands, enda hvergi orðið meiri í Evrópu en hér á landi og má telja hnignun landgæða sem orðið



hefur hérlandis frá landnámi meðal veikleika nútímasamfélags Íslendinga, þar sem hún hafi dregið úr möguleikum til hagkvæmrar matvælaframleiðslu og kolefnisbindingar til að hamlar gegn gróðurhúsaáhrifum.

„Það voru einungis fyrstu kynslóðir Íslendinga sem fengu að njóta óskertra eða lítt spilltra landgæða, hlutskipti síðari

kynslóða hefur orðið að fást við hinar langvarandi afleiðingar sem gróður- og jarðvegseyðing skilur eftir sig,“ segir í tillögunni sem þrír þingmenn Vinstri grænna, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Steingrímur J. Sigmússon og Svandís Svavarsdóttir, lögðu fram.

Ræktunarland takmörkuð auðlind

Gott ræktunarland er takmörkuð auðlind hvarvetna og á það ekki síst við á Íslandi. Talið er að einungis um 600.000 hektarar lands geti talist hentugt ræktunarland hérlandis og af því hafa um 120.000 hektarar, eða því sem næst fimmtungur, þegar verið teknir til ræktunar. /VH

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Pöntun smáauglýsinga á netinu er á bbl.is

Doosan D25S-5 dísel lyftari árgerð 2012



3,3 lítra Yanmar
mótor. 2,5t lyftigeta,
3falt mastur, hliðarfærsla
og gámagengur.
Notaður 32 klst.

Verð 3.300.000 án vsk

Fjaðrabúðin Partur • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • S: 567-8757


Stýriliðar / Relay



Fylgdu okkur
á Facebook

Næsta kynslóð stýriliða frá
Omron. Allt niður í 6 mm þykkt.

- Prufuhnappur
- LED gaumljós
- Stærri snertiflötur
sem gefur betri leiðni



NAUSTmarine

Miðhelli 4 • 221 Hafnarfirði
S. 414 8080 • www.naust.is

OMRON

BYSSUSKÁPAR

Raflæstir og lykjalæstir

Fóðraðir að innan og læst innrahlóf
Hægt er að nota bæði
lykla og raflæsingu
Einnig er hægt
að kveikja
á þjófavörn
sem er
innbyggð

Fyrir 7 byssur
H 152 cm,
B 40 cm,
D 30 cm.

kr 54,900

Fyrir 10-12 byssur
H 152 cm
B 52,5 cm
D 31 cm

kr 64,900

Vesturrost

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - Sími: 551 6770 - www.vesturrost.is



Vertu viðbúinn vetrinum

Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
Léttar • Sterkar • Traustar

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

Ísnet Húsavík • s. 5 200 555
Ísnet Akureyri • s. 5 200 550
Ísnet Sauðárkrúkur • s. 5 200 560
Kristbjörg Ólafsfjörður • s. 5 200 565



ÍSFELL
www.isfell.is

Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

Kerckhaert skeifur, yfir 100 ára reynsla

- Hægri og vinstri fætur eru ekki
eins lagaðir, þess vegna eru
Kerckhaert skeifur sniðnar á
vinstri og hægri fót
- Minni vinna á steðjanum
- Fjaðragötin gefa gott sæti og
stýra fjöðrunum rétt
- Tvær breiddir 20mm og 22mm
- Þrjár þykktir 6mm, 8mm og
10mm
- Sérhannaðar fyrir Íslenska
hestinn
- Hugsanlega hestvænustu
skeifur á markaðnum



Asbjörn
Asbjörn Ólafsson ehf.
Kötlunarklettavegi 6 104 Reykjavík S: 4141100

Söluaðilar Kerckhaert á Íslandi:

Lífland Lynghálsi Reykjavík
Top Reiter Ögurvharfi Kópavogi
Söðlaverkstæði Jón Sig Garðabæ
Baldvin og Þorvaldur Selfossi
Búaðföng Hvolsvelli
Rafey Egilsstöðum
Kría veitingasala Eskifirði
Hófur Húsavík
Fákasport Akureyri
Lífland Akureyri
SR Byggingavörur Siglufirði
K.S Varmahlíð
Vélaval Varmahlíð
K.V.H Hvammstanga
K.B Borgarnesi
Lífland Borgarnesi

Fréttir



Selaskoðun.

Mynd / Selasetrið á Hvammstanga.

Náttúrutengd ferðaþjónusta ört vaxandi:

Truflun vegna ferðamanna gerir selina styggari

Selir sýna aukna árvekni þegar ferðamenn eru í nánunda við þá og hefur það áhrif á útbreiðslu þeirra. Sú niðurstaða kom fram í rannsókn á áhrifum selaskoðunar á hegðun og útbreiðslu landsela.

Um þá rannsókn, sem og aðra um tengt efni, má lesa í greinum sem nýverið voru birtar í alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum. Fyrsti höfundur beggja greinanna er Sandra M. Granquist, deildarstjóri líffræðirannsóknasviðs Selasetursins. Í greinunum er greint frá rannsóknum sem hún stýrir og snúa að samspili landsela og ferðamanna á Vatnsnesi á Norðurlandi vestra.

Náttúrutengd ferðaþjónusta er ört vaxandi grein innan ferðamálaíðnaðarins. Fram kemur í tilkynningu frá Selasetrinu að mikilvægt sé að stuðla að jafnvægi á milli náttúruverndunar og réttis ferðamanna og hagsmunaaðila til að nýta náttúruna sem auðlind. Fyrri greinin, sem heitir The effect of land based seal watching tourism on the haul-out behaviour of harbour seals (Phoca vitulina) in Iceland, birtist í Applied Animal Behaviour Science og er meðhöfundur Söndru þar Hrefna Sigurjónsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands. Í rannsókn þeirra var áhrif selaskoðunar á hegðun og útbreiðslu landsela könnuð. Hegðun ferðamanna meðan á selaskoðun stendur var einnig könnuð.

Teknar verði upp reglur um hegðun á skoðunarstað

Niðurstöður sýna að truflun vegna viðveru ferðamanna leiddi af sér aukna árvekni sela og hafði áhrif á útbreiðslu þeirra. Í ljós kom einnig að hegðun ferðamanna skiptir máli og hægt er að draga úr truflun sem selurinn verður

fyrir ef ferðamenn eru á rólegum nótum á selaskoðunarstaðnum. Gerð ferðamannahópa, þ.e. hvort um er að ræða staka ferðamenn, pör, fjölskyldur eða hópa, hafði áhrif á hegðun, en stakir ferðamenn og pör voru að því er fram kemur í rannsókninni rólegri heldur en fjölskyldur og hópar. Í greininni er lagt til að hægt sé að lágmarka þau áhrif sem ferðamennska hefur á seli með því að taka upp reglur um hegðun á skoðunarstað, þar sem æskileg hegðun í návist villtra dýra sé útskýrð.

Óbein truflandi áhrif á villt dýr

Erfiðleikar við yfirfærslu á kunnáttu frá akademíunni yfir til ferðamannaiðnaðar, ásamt skorti á þverfaglegu samstarfi þegar kemur að því að stjórna náttúrutengdri ferðaþjónustu, gæti haft óbein truflandi áhrif á villt dýr. Í vísindagrein sem birtist í lok síðasta árs í vísindaritinu Journal for Cleaner Production, sem heitir Who's watching who? -An interdisciplinary approach to studying seal watching tourism in Iceland, er fjallað um samstarf á milli líffræðinga og ferðamálafræðinga, ávinninginn af þverfaglegum rannsóknum og mikilvægi þess að taka tillit til rannsóknarniðurstaðna beggja greinanna þegar kemur að stjórn á ferðamennsku tengdri villtum dýrum. Aðferð er kynnt, þar sem hagnýting og vörn villtrar náttúru skipar jafn mikilvægan sess, þegar markmiðið er að skapa sjálfbært samspil á milli ferðamannaiðnaðar og villtrar náttúru. Meðhöfundur Söndru er Per-Åke Nilsson sem starfar við Mitt Universitetet í Östersund, Svíþjóð.

/MDÞ



Þrjár góðar á Vordægum við Mývatn 2014. Talið frá vinstri: Birna Björnsdóttir í Haganesi, Anna V. Skarphéðinsdóttir úr Vogum og Guðrún Benediktsdóttir á Grímsstöðum.

Sel-Hótel Mývatn efnir til dagskrár fyrir eldri borgara:

Vordægur við Mývatn

— heppnaðist afskaplega vel í fyrra, segir staðarhaldari

Ásdís Erla Jóhannesdóttir sem rekur fjölskyldufyrirtækið Sel-Hótel Mývatn ásamt Yngva Ragnari Kristjánssyni, segir að nú sé á döfinni að efna aftur til hátíðar með eldri borgurum eins og í fyrra sem nefnist Vordægur við Mývatn.

Búið er að setja upp dagskrá fyrir hátíðina sem stendur yfir dagana 13. til 18. apríl og svo aftur 26. apríl til 1. maí.

Ásdís segir að þeim fjölgi stöðugt og hratt sem komnir eru í „langa fríið“ að lokinni langri starfsævi. Fæstir séu efalaust ekki fyllilega undir það búnir að hætta störfum og þess vegna hefur í vaxandi mæli verið lögð áhersla á að finna hvers konar afþreyingu fyrir eldri borgara. Á þeim nótum er einmitt hátíðin hugsuð í Sel-Hótel Mývatni.

Heppnaðist afskaplega vel í fyrra

„Við byrjuðum á þessu eldri borgara-verkefni í fyrra, en það hafði verið draumur hjá mér í mörg ár að koma á svona dagskrá hér í Mývatnssveitinni. Við fórum fyrst í smá kynningu á því hér á Norðausturlandi hvað við værum með í huga. Við fórum og heimsóttum eldri borgara á Akureyri, Húsavík, Grenivík og Dalvík og sendum bæklinga á félög eldri borgara á þessu svæði.

Það bókuðu sig 35 manns á þessa hátíð sem við köllum Vordægur við Mývatn og stóð í fimm daga. Þetta heppnaðist afskaplega vel og við vorum með Arngrim Geirsson, sem býr í Álftagerði, sem leiðsögumann. Farið var í þrjár ferðir, tvær um Mývatnssveit og eina til Húsavíkur. Arngrimur sagði fólki margvíslegar sögur í þessum ferðum, m.a. af fólkinu í sveitinni. Þá var faðir minn, Jóhannes Sigmundsson í Sigríðarholti, skemmtanastjóri á kvöldin. Þar voru sagðar gamansögur, farið með vísur, settir upp vísnaþættir og eitt kvöldið vorum við með bingó. Síðan spilaði Kristján Stefánsson frá Gilhaga á nikkuna sína fyrir dansi.“

Snýst þetta fyrst og fremst um félagsskap

„Vænst þótti mér að þrjár konur hér í sveitinni bókuðu sig á þessa hátíð og ein þeirra, áttæð kona, býr í aðeins þriggja kílómetra fjarlægð frá hótelinu. Fólk tók þessu greinilega fegins hendi, enda snýst þetta fyrst og fremst um félagsskap,



Afslöppun með einum léttum í gleri, talið frá vinstri: Björn J. Haraldsson, Reykjavík, Árni Vilhjálmsson, Húsavík, Tryggvi Óskarsson, Þverá og Þórður Pálsson, Refstað.



Kristján Stefánsson frá Gilhaga hélt uppi fjörinu með harmonikkuspili.



Bingó var að sjálfsögðu á boðstólum.

en margt af þessu fólki býr orðið eitt í sínum húsum og hittir ekki marga. Það er þessu fólki ómetanlegt að komast í svona góðan félagsskap og hafa eitthvað fyrir stafni. Við fengum líka fólk úr Reykjavík, frá Selfossi, af Austfjörðum og hér úr norðursýslunni.

Núna ætlum við að reyna að efla þetta og fá hingað tvo hópa,” segir Ásdís.

Fjölbreytt skemmtidagskrá verður á Vordægum við Mývatn að þessu sinni. Á hótelinu verður dansað og farið í margvíslega leiki og gripið í spil. Farið verður í þrjár ferðir, heimsóknir

í söfn og innifalið í pakkanum er hádegismatur og kvöldmatur allan tímann.

Í dagbók Kristjáns frá Gilhaga, sem var ásamt Rósu konu sinni í hópi vorgesta á síðasta ári, er m.a. að finna þessa stöku:

Dvöl mun gleðja aldna og unga aprílsólin vermir heit, víkja burtu vetrar drunga „Vordægur í Mývatnssveit“.

„Við reynum svo auðvitað líka að passa upp á að ofgera fólki ekki og að það hafi líka tök á að hvíla sig,” segir Ásdís. /HKr.

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Vinnufatnaður

Fyrir fagfólk

Mikið úrval af flottum gæða vinnufatnaði sem þolir þvott allt að 95° og þarf ekki að strauja.

Pantið vörulista hjá okkur praxis@praxis.is

Vatteraðir jakkar 15.900 kr.
Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjöluþláu. Einnig til á herrana.

25240 Sportskór Litur Svart, hvítt. Str. 36-42 Verð kr. 9.900

25090 Dömusandalar Litur Svart, hvítt, blátt. Str. 36-42 Verð kr. 14.990

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00, lokað laugardaga.



Mikið um að vera hjá Byggðasafni Skagfirðinga: Ríflega 40 þúsund gestir í heimsókn á liðnu ári

Ríflega 40 þúsund gestir heimsóttu Byggðasafn Skagfirðinga á liðnu ári að því er fram kemur á heimasíðu safnsins, en þar eru listuð upp ýmis verkefni sem tekist var á við á liðnu ári.

Þar á meðal var fornleifauppgroftur á 11. aldar skála á Hamri í Hegranesi en einnig var skipt út sýningunni Gersemar og þarfahing, í sal Minjahússins á Sauðárkróki, fyrir geymslusýninguna Hitt og þetta úr geymslunni.

Þá var haldið áfram viðgerðum og byggingahandverkskennslu á Tyrfingsstöðum með Fornverkaskólanum, lokið var við að skrá strandminjar út að austan og þá var einnig unnið við að skrá og rannsaka austfirskar minjar. „Við skráðum 2.500 ljósmyndir frá Tyrfingsstöðum í Sarp,“ segir á vef safnsins.

Haldið var áfram við verkefnið Eyðibýli og afdalir í samstarfi við starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar og fjöldi nýrra staða var kannaður. Staðir og svæði sem rannsökuð hafa verið í tengslum við útgáfu ritsins eru hátt í 80 talsins. Unnið var að miðaldakirkjurannsóknnum með bandarísku rannsóknarteymi (SASS), sem safnið er og hefur verið í samstarfi við.

Byggðasafnið tók þátt í evrópska samstarfsverkefninu LoCloud í samstarfi við Minjastofnun Íslands. En verkefnið miðar að því að gera smærri söfnum eða öðrum menningarstofnunum kleift að gera starfrænt efni aðgengilegt á netinu.

Þá voru gefnar út átta rannsóknarskýrslur á vegum

byggðasafnsins á liðnu ári og eitt smárit.
/MDÞ



NIBE

Varmadælur



Friorka

www.friorka.is
S: 571 4774



Hátækni
frá Svíþjóð

Kraftmikið kjarnfóður frá Líflandi

Lífland hefur um árabil verið í fararbroddi með fjölbreytt úrval kjarnfóðurtegunda fyrir kúabændur.

Lífland kynnir nú fjórar nýjar kjarnfóðurtegundir:

Kostur 16
Kostur 19

Kostsblöndurnar innihalda meðal annars sojahýði, sykurrófur og C:16 fitusýrur. Með réttu gróffóðri geta þessi hráefni hækkað fituhlutfall í mjólk og aukið nyt.

Sparnyt 16 óerfðabreytt
Sparnyt 19 óerfðabreytt

Sparnytsblöndurnar eru einar af vinsælustu kjarnfóðurtegundum Líflands og fást nú án erfðabreyttra hráefna.



Lífland býður nú kúabændum að útbúa fóðuráætlun fyrir þá, byggða á greiningum heysýna og upplýsingum um hjörðina á hverju búi.

Víkurskarð: Umferð jókst um 8,6%


Umferðin um Víkurskarð austan Akureyrar jókst um 8,6 prósent í fyrra en það jafngildir því að um 100 fleiri bílar fóru um skarðið að meðaltali á degi hverjum allt árið miðað við árið á undan.

Að meðaltali fóru tæplega 1.230 bílar á dag um Víkurskarð. Mest varð aukningin í sumarumferðinni en þá fóru að meðaltali daglega 2.155 bílar um skarðið.

Niðurstöður umferðartalningar um Víkurskarð fyrir árið 2014 liggja nú fyrir og er frá þeim sagt á vefsíðu Vegagerðarinnar. Alls fóru tæplega 450 þúsund ökutæki um Víkurskarð á liðnu ári, sem er nokkur fjölgun frá árinu á undan þegar ökutækin voru um 413 þúsund talsins, eða um 37 þúsund færri. Aukningin nemur um 8,6%. Hún samsvarar því að um 100 fleiri ökutæki hafi farið daglega yfir skarðið í fyrra miðað við árið á undan.

Þetta er þriðja mesta árdagsumferð frá upphafi að því er fram kemur á síðu Vegagerðarinnar.

Nýtt met var hins vegar slegið í sumardagsumferðinni en aldrei hafa fleiri bílar farið um skarðið á tímabilinu frá og með júní til og með september eða 2.155 bílar á sólarhring að meðaltali. Rúmlega 8% samdráttur varð hins vegar í vetrardagsumferðinni vegna mun minni umferðar fyrstu 3 mánuði ársins 2014.



Krukkukettir

Fyrir nokkrum árum var opnuð áhugaverð heimasíða með upplýsingar um það hvernig fólk getur stjórnað vaxtarlagi katta með því að rækta þá í krukku.

Hugmyndin byggist á svipuðum forsendum og ræktun dvergtrjáa og er ætluð fólk sem er orðið leitt á að eiga ketti með hefðbundið vaxtarlag. Og hvers vegna ætti fólk svo sem að láta sér nægja hefðbundnar kisu ef það getur fengið þær með þeirri lögun sem það vill?

Til að rækta krukkuketti er árangursríkast að taka kettlinginn eins ungan og mögulegt er, alls ekki eldri en vikugamlan, og koma honum fyrir í þröngri glerkrukku með þeirri lögun sem fullvaxin kisan á að vera. Bein nýfæddra kettlinga eru mjúk og sveigjanleg og því er auðvelt að koma kettlingnum í krukuna áður en lokið er skrufað á. Mýkt beinanna gerir það að verkum að kettlingarnir falla auðveldlega að lögun krukunnar.

Að sjálfsögðu þarf að gera ráð fyrir að kettlingurinn þurfi að anda og nærast og að það þurfi að hreinsa undan honum. Auðvelt er að sjá kisu fyrir súrefni með því að hafa lítil göt á krukunni en til að næra og hreinsa undan henni er best að stinga röri í báða enda krukunnar. Annað er notað til að fæða kisu en með hinu losar hún sig við úrgang. Þegar kötturinn hefur náð fullum vexti er krukkan brotin utan af honum og viti menn, hann heldur lögun sinni hvort sem um er að ræða ferhyrning, kúlu eða spirál.

Varla þarf að taka það fram að á heimilum þar sem börn eru með kattaofnæmi er óþarfi að taka kisu úr krukunni – hún getur verið þar alla ævi, börnum og fullorðnum til ánægju og augnayndis.

Eins og glöggir lesendur eru eflaust búnir að átta sig á eru leiðbeiningarnar um gerð krukkukatta uppspuni frá rótum. Engum heilvita manni dettur í hug að setja lítinn kettling í krukku og ætlast til að hann vaxi þar. Heimasíðan var stofnuð af háskólastúdentum við MIT í Bandríkjunum og þykir eitthvert best lukkaða netgabb síðari tíma. Fréttir af síðunni fóru sem eldur í sinu um netið og kattarvinir og dýraverndunarsinnar sem gleyptu við sögunni áttu ekki orð til að lýsa hneykslan sinni og reiði. Reiðin gekk svo langt að málið var kært til bandarísku alríkislögreglunnar og hún sá sér ekki annað fært en að rannsaka það.

Hugmyndin um að rækta spendýr í krukku er ekki ný af nálinni því haft er fyrir satt að einn af keisurunum í Kína hafi látið steypa ráðgjafa sína inn í leirkrukkur þannig að höfuðið eitt stóð upp úr. Með þessu tryggði hann sér hollustu þeirra og kom í veg fyrir að þeir yfirgæfu hirðina án hans vitneskju. /VH

Þróunarverkefni í dýralæknaþjónustu í Suður-Þingeyjarsýslu:

Nýjar áherslur á fyrirhyggju og forvarnir

Eins og greint hefur verið frá í fréttum undanfarinna vikna hefur ekki tekist að manna í stöður fyrir dýralæknaþjónustu í Þingeyjarsýslum, á svæði fimm, og á Austurlandi, á svæði sex. Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga hefur nú sótt um styrk til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til Þróunarverkefnis í dýralæknaþjónustu.

Þann 1. nóvember síðastliðinn rann út þjónustusamningur um almenna dýralæknaþjónustu á níu svæðum á landinu samkvæmt lögum um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum. Guðrún Tryggvadóttir, formaður Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, segir að ein umsókn hafi borist fyrir svæði fimm (Þingeyjarsýslur). „Umsækjanda var síðar tjáð af starfsmanni Matvælastofnunar (MAST) að starfshlutfallið væri 50 prósent og um leið yrði vaktsvæðið minnkað um Svalbarðshrepp og Langanes. Aðeins eitt annað vaktsvæði á landinu fékk sömu meðhöndlun, svæði sex (Austurland). Dýralæknum á báðum þessum svæðum fannst þetta ekki boðlegt og gerðu ekki samning. Aftur var auglýst en enginn sótti um. Eins og staðan er núna eru því ekki til staðar þjónustusamningar við dýralækna á þessum tveimur svæðum, nema rétt austasta hlutanum; Svalbarðshreppi og Langanesi sem fylgir nýju vaktsvæði Vopnafjarðar. Frá 1. nóvember síðastliðnum var því ekki vakthafandi dýralæknir á þessum svæðum og margir dagar sem enginn var á vakt og benti hver á annan. Frá því í desember hefur vaktþjónustan verið leyst tímabundið og núverandi



vaktaskipulag nær til 1. febrúar. Dýralæknir á Vopnafirði hefur til að mynda verið vakthafandi í Þingeyjarsýslum síðastliðna 11 daga. Frá og með 24. janúar og út mánuðinn verða dýralæknar á Húsavík á vakt.

Við erum ekki að setja okkur upp á móti því að vakthafandi dýralæknir starfi í Vopnafirði en hitt er algjörlega óásættanlegt að ekki séu til staðar þjónustusamningar í Þingeyjarsýslum að stærstum hluta og á Austurlandi.

Þegar upp koma bráðatilfelli er enginn dýralæknir á vakt hér í sýslunni heilu vikurnar. Þó svo að dýralæknir sé skráður á vakt á Vopnafirði er það ekki boðlegt fyrir bændur í Suður-Þingeyjarsýslu, en þar er um að ræða upp í 3 tíma akstur og viðkomandi bráðatilfelli ekki lengur á lífi. Bændum ber á sama tíma samkvæmt nýjum lögum um dýravelferð að sjá til þess að sjúkar eða særðar skepnur fái

ávallt tilhlýðilega læknismeðferð. Núverandi aðstæður bjóða ekki upp á það að bændur geti fengið dýralækni sé þess þörf.

Engin lausn er í sjónmáli og ekki virðist vera til fjármagn til að hægt sé að tryggja þessa þjónustusamninga. Mikil óánægja er meðal bændanna hér í sýslunni og þá sérstaklega kúabænda sem nota þjónustuna mun meira.“

Þróunarverkefni í dýralæknaþjónustu

„Þegar við fórum að velta því upp hvernig þetta þyrfti að vera og hvernig við vildum sjá dýralæknaþjónustuna í héraðinu voru ákveðin lykilorð sem okkur fannst skína í gegnum alla umræðuna; það að fyrirbyggja, auka þekkingu, nýta nútímataekni og auka hagkvæmni í rekstri. Þessar hugmyndir leiddu af sér Þróunarverkefni í dýralæknaþjónustu. Hugsunin í

því verkefni er sú, að auðveldara er að fyrirbyggja en að meðhöndla. Ávinningurinn er augljós; heilbrigðari búfænaður, minni vinna og betri afkoma. Aukin þekking bænda á dýraheilbrigði er líka mikilvægur þáttur. Tæknin sem við búum við í dag býður upp á fjölbreyttari lausnir og útfærslur á meðhöndlun sem ekki var í boði fyrir nokkrum árum. Allt þarf þetta svo að skila hagkvæmni í rekstri. Við vildum sem sagt sjá dýralækni sem kæmi inn á búin og gerði áætlun með bóndanum um fyrirbyggjandi aðgerðir til varnar fôðrunarsjúkdómum eins og súrdoða, jógurbólgu, ófrjósemi í nautgripum, sníkjudýravandamálum og fleiru. Dýralæknirinn héldi einnig námskeið og fræðslufyrirlestra fyrir bændur og ráðunauta og stuðlaði þannig að aukinni þekkingu. Bændur fengu þannig tækifæri til þess að nýta sérfræðiþekkingu dýralæknis til að bæta búreksturinn en ljóst er að góð dýralæknaþjónusta er ein af grunnforsendum þess að unnt sé að ná bættum árangri í búskap og auka velferð búfjár. Unnið hefur verið í miklum og góðum tengslum við Bændasamtökin með sérstöku liðsinni Þorsteins Ólafssonar dýralæknis og MAST.

Nú liggur fyrir umsókn í Framleiðnisjóð landbúnaðarins um þetta þróunarverkefni sem gengur út á nýjar áherslur í dýralækningum. Verkefnið er hugsað til þriggja ára og er lagt upp með það hér í Suður-Þingeyjarsýslu. Svar Framleiðnisjóðs liggur þó væntanlega ekki fyrir fyrr en eftir mánuð en það er grundvöllur þess að hægt sé að vinna verkefnið áfram.“

/smh



Nýjar reglur um matvælamerkingar:

Merkja verður allt kjöt með uppruna

Ný reglugerð um matvælamerkingar tók gildi hér á landi 19. janúar síðastliðinn. Frestur er til 13. maí 2015 til að uppfylla reglurnar hér á landi samkvæmt innleiðingareglugerðinni. Um nokkuð róttækar breytingar er að ræða í ákveðnum tilvikum, til dæmis varðandi kjötmerkingar.

Til að mynda verður skylt að geta um uppruna á svínakjöti, kindakjöti, geitakjöti og fuglakjöti – fersku og frosnu. Hingað til hefur aðeins verið skylt að geta um uppruna nautakjöts.

Öflugri neytendavernd

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öflugri neytendavernd í tengslum við matvæluupplýsingar. Reglugerðin gerir kröfu um skýrari, ítarlegri og nákvæmari upplýsingar um innihald matvæla. Hún gildir á öllum stigum matvælaferlisins þegar starfsemi varðar miðlun

matvæluupplýsinga til neytenda. Hún gildir um öll matvæli sem ætluð eru neytendum, þ.m.t. matvæli sem stóreldhús afgreiða og matvæli sem ætluð eru fyrir stóreldhús.

Jónína Stefánsdóttir, fagsviðs-stjóri stjórnsýslu og löggjafar hjá Matvælastofnun, segir að eftirlitið verði hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga í verslunum, veitingastöðum og sumum framleiðslufyrirtækjum, það er þeim fyrirtækjum sem nú eru undir eftirliti heilbrigðiseftirlitsins, en hjá Matvælastofnun í þeim framleiðslufyrirtækjum, með dýraafurðir, sem Matvælastofnun hefur nú eftirlit með.

Þessi reglugerð kemur í stað fjögurra eldri en nálgast má frekari upplýsingar um hana á vef Matvælastofnunar: <http://mast.is/matvaeli/merkingar/>. /smh

Helstu atriði í nýju reglugerðinni:

- Leturstærð:** Krafa er um að merkingar skulu vera læsilegar, en að auki er sett lágmarks-leturstærð lágstafa 1,2 mm á hæð. Undantekningar gilda um smáar pakkningar
- Öfnæmisvaldar:** Neytendur eiga rétt á upplýsingum um öfnæmisvalda í innihaldi allra matvæla.
- Óforpökkuð matvæli:** Í innleiðingareglugerð kemur fram að upplýsingar sem seljanda er skylt að veita um öfnæmisvalda við markaðssetningu óforpakaðra matvæla, er heimilt að gefa upp á hvaða hátt sem er, þ.m.t. munnlega. Ef upplýsingarnar eru gefnar munnlega verður seljandi að gefa það til kynna á sýnilegan hátt að starfsfólk veiti nánari upplýsingar s.s. með merkimiða, á matsæðli eða á skilti þar sem neytandi velur matvælin.
- Forpökkuð matvæli:** Á forpökkuðum matvælum er ný krafa um að öfnæmisvaldar skuli vera með áherslu s.s. litarbreytingu eða feitletrun í innihaldslýsingu forpakaðra matvæla.
- Frystidagsetning:** Krafa er um merkingu frystidagsetningar á fryst kjöt, frystar unnar kjötvörur og frystar óunnar lagarafurðir (=fiskur, lindýr, krabbadýr).
- Uppruni:** Áfram er krafa um að upplýsa um uppruna efskortur á þeim upplýsingum getur verið villandi. Skylt verður að upplýsa um uppruna á svínakjöti, kindakjöti, geitakjöti, fuglakjöti – fersku og frosnu. Að auki verður krafa um upplýsingar um uppruna aðalhræfnis, ef uppruni vöru er gefinn upp og er ekki sá sami og uppruni aðalhræfnis. Komin er út reglugerð ESB nr. 1337/2013 um upprunamerkingar á kjöti sem lýsir útfærslu þessara merkinga.
- Geymsluþol:** Í reglugerð ESB kemur fram að lítið er á matvæli sem heilsuskaðleg eftir síðasta notkunardag og því er ekki leyfilegt að selja þau eftir „notist eigi síðar en“ dagsetningu. Hins vegar verður leyfilegt að selja matvæli áfram eftir „best fyrir“ dagsetningu. „Best fyrir“ lágmarks-geymsluþolsmerkingu má því ekki nota á tilbúin matvæli ef hætta er á að sjúkdómsvaldandi örverur geti fjölgað sér í þeim.
- Pökkunardagur:** Íslenska ákvæðið um að merkja skuli pökkunardag á kælivörur fellur út.
- Fjarsala:** Krafa er um að skylduupplýsingar séu aðgengilegar fyrir neytendur áður en kaup eru ákveðin og við afhendingu.
- Eftirlíkingar/hliðstæður:** Ef notað er staðgengilshráefni t.d. pizzatoppur í stað osts, á það að koma fram við vöruheiti.
- Vatnsinnihald:** Ef kjötvörur og fiskafurðir, sem líta úr eins og heil stykki, innihalda meira en 5% af viðbættu vatni á það að koma fram við heiti vöru. Viðbætt vatn á alltaf að koma fram í innihaldslýsingu á kjöti, unnum kjötvörum (meat preparations) og óunnum fisk og óunnum lagarafurðum (unprocessed fishery products and unprocessed bivalve molluscs).
- Viðbætt prótein af öðrum uppruna:** Viðbætt prótein af öðrum dýrauppruna sem bætt í kjötafurðir (meat products), unnar kjötvörur (meat preparations) og lagarafurðir (fishery products) sem líta út fyrir að vera heil stykki, en eru samsett úr bitum, eiga að merkjast „samsett úr stykkjum úr kjöti“ og „samsett úr stykkjum úr fiski“.
- Nanótækni:** Innihaldsdefni sem eru framleidd úr nanóefnum eiga að merkjast með „nanó“ í innihaldslýsingu.
- Jurtaolía og jurtafeiti:** Merkja á úr hvaða plöntu olían/feitin er unnin.
- Reglur um næringargildi eru breyttar.** Upplýsingar um næringargildi verða að vera samkvæmt nýju reglunum.
- Skylt verður að næringargildismerkja** flest forpökkuð matvæli frá 13. desember 2016. Undantekningar koma fram í V. viðauka og 4. tl. 16. greinar.
- Leyft verður að dreifa matvælum eftir „best fyrir“ dagsetningu.** Það ber þó að aðgreina útrunnin matvæli með skýrum hætti í verslunum frá matvælum sem eru ekki komin fram yfir dagsetningu lágmarksgeymsluþols.

Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 15. febrúar 2015

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.



Jason ehf.
Hafnarstræti 88
Akureyri

Vinsamlegast hafið samband við

Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 12. febrúar

Verkefnastyrkir

Nefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna 2015 auglýsir styrki til verkefna árið 2015. Verkefnin þurfa að tengjast megintilgangi nefndarinnar, sem er:

- að minnast afmælisins
- að auka jafnréttis- og lýðræðisvitund þjóðarinnar
- að blása til nýrrar sóknar í jafnréttis- og mannréttindamálum

Við það skal miðað að styrkirnir verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög við verkefnin eða draga úr stuðningi annarra við þau. Þetta er síðari úthlutun.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 15. febrúar til að hljóta afgreiðslu.

Umsóknareyðublöð fást rafrænt á vefsíðu afmælisnefndarinnar,

www.kosningarettur100ara.is frá og með 1. febrúar nk.

Frekari upplýsingar veitir Ásta R. Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri nefndarinnar, í síma: 5630100 á skrifstofutíma, póstfang: arj@kosningarettur100ara.is

100 | KOSNINGARÉTTUR
ÁRA | KVENNA Á ÍSLANDI



Kálflugudúkar

Garðyrkjubændur athugið!

Við tökum við pöntunum á kálflugudúk til 1 mars nk.

Stærðir: 13x100m og 13x200m



Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

480 0441 - 700 Egilsstaðir

Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610

Sími 480 0400

[jotunn@jotunn.is](http://jotunn.is)

www.jotunn.is



FISKRÆKTARSJÓÐUR
Salmonid Enhancement Fund

Styrkir 2015

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim.

Umsóknir um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði, sem koma til greiðslu árið 2015, skal senda stjórn sjóðsins fyrir 1. mars 2015.

Þeir sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og sækja aftur um vegna sama verkefnis, skulu skila inn framvinduskýrslu með nýrri umsókn.

Umsóknareyðublöð vegna styrkveitinga úr Fiskræktarsjóði má nálgast á <http://www.fiskistofa.is> undir lax- og silungsveiði. Þar má einnig nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við starfsmann sjóðsins, Marínu E. Samúelsdóttur, í síma 569 7900. Umsóknum um styrki eða lán úr sjóðnum skal skila til formanns Fiskræktarsjóðs á eftirfarandi heimilisfang:

Fiskræktarsjóður
Ólafur Halldórsson formaður
Dalshrauni 1b
220 Hafnarfjörður.



Viðar Bragason var kjörinn íþróttamaður Léttis árið 2014 á Væntingu frá Björgum 1 í Hörgársveit. Myndir / Af vef Léttis

Hestamannafélagið Léttir á Akureyri:

Viðar og Fanndís verðlaunuð fyrir góðan árangur

Viðar Bragason var kjörinn íþróttamaður Léttis árið 2014 og Fanndís Viðarsdóttir efnilegasti knapinn í ungmennaflokki í hófi sem haldið var nýverið á vegum Hestamannafélagsins Léttis á Akureyri.

Þetta er annað árið í röð sem Viðar er kjörinn íþróttamaður Léttis. Hann hefur á undanförunum árum verið að stimpla sig inn sem einn af bestu knöpum landsins og hefur á liðnum árum landað stórum sigrum á hinum ýmsu hrossum, flestum úr eigin ræktun, segir í frétt á vefsíðu Léttis.

Eigum eftir að sjá meira til Viðars og Væntingar

Fram kemur að hæst hafi frægðarsól Viðars skinið þegar hann náði frábærum árangri á gæðingnum Væntingu frá Hrafnagili. „Sigur í B-flokki gæðinga í Gæðingakeppni Léttis sem og góður árangur í tóltkeppni Landsmóts hestamanna á árinu er eftirminnilegur og það er alveg ljóst að við eigum eftir að sjá meira til þeirra tveggja saman á næstu misserum og árum,“ segir á vefsíðu Léttis. Þá hefur Viðar náð góðum árangri á öðrum hrossum, en flest þeirra koma úr eigin ræktun, hans og eiginkonu hans á Björgum 1 í Hörgársveit.

Margir glæstir sigrar

Fanndís var eins og fram kom kjörin efnilegasti knapinn í ungmennaflokki, en hún hefur náð ótrúlegum árangri, þrátt fyrir ungan aldur, á hestamannamótum



Fanndís var kjörin efnilegasti knapinn í ungmennaflokki, en hún hefur náð ótrúlegum árangri þrátt fyrir ungan aldur.

á liðnum árum, bæði stórum og smáum og unnið marga glæsta sigra. Fanndís fór alla leið í úrslit í ungmennaflokki á Landsmóti á liðnu sumri, á hryssunni Björgu frá Björgum og endaði í sjötta sæti. „Fanndís náði auk þess mjög góðum árangri á öðrum þeim mótum er hún tók þátt í og er hún svo sannarlega góð fyrirmynd ungu kynslóðarinnar í Létti,“ segir á vefsíðu Léttis.

Fjölmörg og fjölbreytileg verkefni bíða nýs framkvæmdastjóra Sambands garðyrkjubænda:

Áfram unnið að öfluggu rannsókna- og gæðastarfi

Katrín María Andrésdóttir hóf störf sem framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda hinn 6. janúar síðastliðinn.

Katrín er alin upp í Skagafirði og hefur lengst af verið búsett þar, fyrstu árin í sveit en síðar á Sauðárkróki. Hún útskrifaðist sem sjúkraliði frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra árið 1988.

Í framhaldi af sjúkraliðanáminu lauk Katrín María stúdentsprófi og síðar BS-prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri. Á næstu misserum er svo stefnan að ljúka meistaranámi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands en Katrín María vinnur nú að lokaverkefni vegna þess.

Katrín María segir að sjúkraliðamenntunin sé í raun mjög hagnýt til margra hluta. „Til dæmis læra sjúkraliðar sitthvað um líffræði, eðlisfræði og efnifræði – og það hefur í mínu tilfelli oft komið sér vel þegar ég hef verið að vinna með fólki til dæmis í framleiðslufyrirtækjum. Ég hef verið svo heppin að fá að vinna að mjög skemmtilegum og fjölbreyttum verkefnum. Ég starfaði til dæmis um árabil sem atvinnuráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, svo ég hef ágæta reynslu af því að starfa með litlum og meðalstórum fyrirtækjum að vöruþróun og margvíslegum rekstrarverkefnum. Þar áður var ég svæðisfulltrúi Rauða kross Íslands á Norðurlandi og starfaði þá mest á svæðinu frá Hólmavík til Þórshafnar.“

Margþætt reynsla mun nýtast vel

„Ég var að svipast um eftir starfi og var svo heppin að stjórn Sambands garðyrkjubænda var á sama tíma að leita að framkvæmdastjóra,“ segir Katrín María um tildrög þess að hún var ráðin til starfa fyrir garðyrkjubændur. „Þau höfðu samband við mig og buðu mér til fundar. Mér leist strax vel á hópinn og verkefnin og ákvað því að þiggja gott boð þegar mér bauðst að taka að mér starfið.“

Reynsla mín á sviði garðyrkju er takmörkuð, en ég hef nær alla ævi búið í bændasamfélagi og finnst mig mjög vel í samstarfi við bændur. Ég vona að reynsla mín af ráðgjöf og samstarfi við lítill og meðalstór fyrirtæki, vöruþróunarverkefnum og ýmiss konar rannsókna- og samstarfsverkefnum geti orðið gagnleg fyrir garðyrkjubændur og aðra sem vinna að hagsmunum garðyrkjunnar á Íslandi.“



Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda.



„Það er mjög ánægjulegt að vinna með garðyrkjubændum.“ Myndir / smh

Ætlar til fundar við garðyrkjubændur

„Mér list mjög vel á þennan starfsvettvang og tækifærin blasa víða við, en ég á vissulega margt eftir ólært eins og gengur þegar fólk hefur störf á nýjum vettvangi. Ég mun á næstu vikum og mánuðum freista þess að hitta sem flesta garðyrkjubændur og aðra sem vinna að málefnum garðyrkjunnar. Fyrstu vikurnar fara mest í að ganga frá ýmsum formlegum hlutum og læra á starfsumhverfið. Ég vil gjarnan fá að nota tækifærið og þakka þeim sem ég hef þegar hitt og starfsfólkinu hér í Bændahöllinni fyrir góðar móttökur. Hér er mjög notalegur starfsandi.“

Við hjá Sambandi garðyrkjubænda erum, líkt og flestir á þessum árstíma, að ganga frá uppgjöri síðasta árs og undirbúa aðalfund. Samband garðyrkjubænda á 60 ára afmæli á þessu ári og ég vænti þess að

félagsmenn og aðrir geri sér dagamun af því tilefni,“ segir Katrín María um komandi verkefni.

Verkefnin fjölmörg og fjölbreytileg

„Annars eru verkefnin fjölmörg og fjölbreytileg. Það er mjög ánægjulegt að vinna með garðyrkjubændum því þeir eru sífellt að leita leiða til að auka enn á gæði og hagkvæmni í framleiðslu sinni og stunda mjög öflugt rannsókna- og gæðastarf í því skyni.“

Vörumerki Sambands garðyrkjubænda, Íslenska fánaröndin, nýtur verðskuldaðrar virðingar og að baki því liggur mikil vinna varðandi gæðastarf og ferla sem unnir eru eftir gæðahandbók. Ég geri ráð fyrir því að áfram verði ríkur þáttur í starfi Sambands garðyrkjubænda að fylgja því starfi eftir svo og fjölmörgum öðrum verkefnum sem miða að þróun vöru og gæða í margvíslegum skilningi.“ /smh

Hestamannafélagið Trausti í Bláskógabyggð:

Sögusýningar, hestasýningar og ævintýra- og húsdýragarður fyrir ferðamenn

Á aðalfundi Hestamannafélagsins Trausta í Bláskógabyggð í síðustu viku voru m.a. kynntar hugmyndir félagsins um að koma upp þjóðmenningarsetri fyrir ferðamenn á nýju og glæsilegu félagssvæði Trausta á Þorkelsvelli skammt frá Laugarvatni.

Vígt síðasta sumar

Svæðið var vígt síðasta sumar og er við Gullna hringinn. Íslensk þjóðmenning, þjóðsögur og þjóðhættir verður rauði þráðurinn



Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar.

í setrinu, auk þess sem í boði verða sögusýningar, hestasýningar og ævintýra- og húsdýragarður.

„Mér list ágætlega á þessar hugmyndir, þarna eru á ferðinni stórar og miklar hugmyndir með þjóðmenningarsetur. Aðkoma sveitarfélagsins að þessu máli yrði ef breyta þyrfti deiliskipulagi,“ segir Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar, þegar hann var spurður hvernig honum lístist á hugmyndina. Formaður Trausta er Guðmundur Birkir Þorkelsson. /MHH



STRÚKTÚR

Yleiningar - Límtré - Stálgrindarhús



Við finnum lausn sem hentar þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ | sími: 860 0264 |

18



Fjölga
fé með
ræktun
úr eigin
stofni

24-25

Dýralækna-
þjónusta
er dýra-
velferðarmál



40



Bærin okkar
Neðri-Mýrar

Bændablaðið

1. íslublað 2015 • Fimmtudagur 15. janúar • Blað nr. 434 • 21. árg. • Upplag 32.000

BÆNDABLAÐIÐ ER MEST LESNA BLAÐIÐ Á LANDSBYGGÐINNI




**LESENDUM FJÖLGAR Á
MILLI ÁRA.
BÆNDABLAÐIÐ MÆLIST
MEÐ 45% LESTUR Á
LANDSBYGGÐINNI
OG 22% LESTUR Á
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.**

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFID ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

LESTUR PRENTMIÐLA Á LANDSBYGGÐINNI



HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2014

Bændablaðið

BÆNDAHÖLLINNI VIÐ HAGATORG
SÍMI 563-0300 NETFANG BBL@BONDI.IS

BBL.IS

Fréttaskýring

Seðlabanki Evrópu dælir innistæðulausum peningaseðlum út í samfélagið sem samsvara þjóðartekjum Íslendinga í eina öld:

Blekkingarleikur fjármála-kerfisins heldur áfram

— redða á stöðnun fyrir horn með því að verðfella evruna og færa raunverðmætin frá almenningi til banka og peningamanna

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Ekki hefur tekist að koma efnahagslífi ESB-landanna á réttan kjöl og hefur evran hríðfallið gagnvart dollar á undanförunum vikum. Þá hefur verðhjöðnun, sem er að leiða til stöðnunar atvinnulífs, leitt til þess að í síðustu viku kynnti Seðlabanki Evrópu neyðarráðstafanir sem felast í botnlausri innistæðulausri peningaprentun til kaupa á ríkisskuldabréfum.

Ekki bæta úrslit þingkosninga í Grikklandi um nýliðna helgi úr skák. Sigurvegari kosninganna þar í landi var Alexis Tsipras, og vinstri flokkurinn Syriza sem hann er í forsvari fyrir. Það hefur valdið því að nú hrikur í Evrópusambandinu. Alexis Tsipras óskaði eftir skýru umboði kjósenda þar í landi til að fella úr gildi niðurskurðarskilmála ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það umboð hefur hann nú fengið. Þeir skilmálar voru skilyrði fyrir lánveitingum til Grikkja, en þýskir bankar eiga þar gríðarlegu hagsmuna að gæta. Erú úrslitin eins og blaut tuska framan í Angelu Merkel Þýskalandskanslara og aðra æðstu ráðamenn ESB sem óttast að fleiri þjóðir í myntsamstarfinu, eins og Spánverjar og Ítalir, sigli í kjölfar Grikkja og heimti niðurfellingar skulda.

Úrslit kosninganna í Grikklandi kunna líka að skekkja verulega nýjustu hagstjórnaraðgerðir evruríkjanna. Mario Draghi, bankastjóri evrópska seðlabankans (European Central Bank - ECB), tilkynnti það fimmtudaginn 22. janúar að dælt yrði út í hagkerfið glænýjum samtals 1,14 billjón evrum (1.140.000.000.000) á 19 mánuðum, eða sextíu milljörðum evra á mánuði til loka september 2016, til kaupa á ríkisskuldabréfum. Í kjölfarið fór verðbréfavísitala DAX í Þýskalandi upp í nýtt met og gengi verðbréfa á fleiri mörkuðum rauk upp, en evran snarféll í verði samkvæmt fréttum AP, AFP og Reuters. Ef endursemjja þarf við Grikki og afskrifa stórfelldar skuldir ríkisins gæti þessi peningaprentun valdið enn meira hrúni evrunnar.

Í útskýringum Mario Draghi fyrir þessum aðgerðum kom fram að það hafi verið farið að valda mönnum áhyggjum að verð á neysluvörum hafi verið að lækka, sem þýddi að ekki tækist að halda verðbólgunni uppi í þeim 2% sem áætlað var.

Gamalkunn ráð

Það sem er að gerast með evruna er ekkert flókið og Íslendingar ættu að þekkja þjóða best afleiðingar slíkra aðgerða með tilheyrandi verðbólgu. Íslendingar þekkja líka mátt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og kröfur. Gegndarlaus seðlaprentun mun aðeins þýða það að eignarhald á raunverðmætum íbúa ESB-landanna mun, vegna verðfalls evrunnar og verðbólgu, flytjast til þeirra sem njóta vaxta og eiga seðlana.

Allt er þetta í grunninn afleiðingar af notkun vaxta í hagstjórnarkerfum heimsins. Vextir sem eru ekki ávísun á nein raunverðmæti hafa



Evrópusambandið hefur ákveðið að dæla sem svarar hundraðföldum þjóðartekjum Íslendinga í pappírssneplum, sem engin raunverðmæti eru á bak við, út í evrópska hagkerfið á 19 mánuðum. Þannig á að reyna að hleypa lífi í efnahagslífið.

skekkst fjármál heimsbyggðarinnar svo mikið að farið er að hrikta illilega í. Um 1% íbúa veraldarinnar hafa sölgað undir sig megnið af öllum verðmætum heimsbyggðarinnar með því að spila á vaxtakerfið og setja á svið blekkingakerfi fjármálavafninga. Með þessu kerfi er stöðugt verið að framkvæma eignaupptöku hjá þeim sem eiga einhverjar rauneignir eða nýta sitt vinnuafli til að framleiða verðmæti. Undantekningalaust er þetta gert með aðstoð ríkisstjórna viðkomandi landa sem almenningur fær náðarsamlegast að kjósa í „lýðræðislegum kosningum“.

Til bjargar bankakerfinu

Ef horft er til Evrópu þá hafa seðlabankavextir víðast hvar verið lækkaðir mikið frá hruninu 2008 og allt niður undir 0%. Þegar efnahagslífið gengur út á notkun vaxta til að liðka fyrir viðskiptum, þá gengur eðlilega ekki upp að bankar geti ekki náð vöxtum út úr kerfinu til að viðhalda glansmynd sinni. Vextir og hagstæður vaxtamunur eru jú forsendan fyrir því að hægt sé að búa til fallega ársreikninga.

Berrassaðir eins og keisarinn

Seðlabanki Evrópu var kominn upp að vegg. Bankakerfið, sem er ekki að framleiða nein raunverðmæti, er ekki í neinum fötum frekar en keisarinn góði í ævintýrinu. Það er ekki heldur að fá vaxtatekjur sem geta staðið undir ofurlaunum bankastjóra og botnlausum bónusum. Þótt þjóðverjar, sem eru illa brenndir af tveim styrjöldum, hafi fyrir löngu áttað sig á því að það þurfi raunverulega verðmætasköpun til að standa undir hagkerfinu, þá máttu þeir sín lítils vegna þrýstings frá öðrum þjóðum innan evrusvæðisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Útþynntir kardimommudropar

Niðurstaðan var sú að seðla-



Mario Draghi.

bankastjóri Evrópu gaf út skipun í síðustu viku um gangsetningu seðlaprentvélna. Nú á að dæla út í hagkerfi Evrópu seðlum sem tæknilega eiga að vera ávísun á verðmæti sem nemur 100 ára þjóðarframleiðslu Íslendinga. Þannig er bakstuðningur peningakerfisins í raunverðmætum þynntur út, rétt eins og hjá rónunum sem drýgja kardimommudropana með vatni. Vísað er til þess að sams konar aðgerð hafi lukkast svo vel í Bandaríkjunum. Menn éta hins vegar ekki peninga og þeir eru einskis virði ef þeir eru ekki ávísun á nokkurn skapaðan hlut. Þetta mun því fyrr eða síðar leiða til nýs höfuðverkjar, eða um leið og áhrifanna af útþynntu „kardimommudropunum“ dvínar.

Verðmætin flutt enn á ný frá almenningi

Seðlabanki Evrópu er eins og áður sagði ekki að framleiða nein raunverðmæti, frekar en aðrir



bankar, hvorki bíla, matvæli, föt eða annað. Því eru engin raunverðmæti til á bak við þessa gríðarlegu seðlaprentun. Sníðugheitin felast í því að flytja til raunverðmæti.

Verðbólga mun koma hreyfingu á atvinnulífið því fólk sem fær minna fyrir hverja evru þarf að leggja meira á sig við að framleiða raunverðmæti til að standa undir kaupum á lífsnauðsynjum. Þannig mun bankakerfið og snjallir peningamenn fara með krumlurnar á kaf í vasa almenningssins enn eina ferðina til að tryggja eigið fjármálaveldi. Örugga breytan í þessu plotti er að eina prósentíð fræga mun styrkja stöðu sína og fá nýtt tækifæri til að verða enn ríkara.

Aðdragandinn að þessum aðgerðum Seðlabanka Evrópu sem kynntar voru í síðustu viku er sú verðhjöðnun sem nú er orðin staðreynd inna evrusvæðisins. Fréttastofa BBC greindi þá frá því að mikill þrýstingur hafi verið á Seðlabanka Evrópu um að grípa til aukinna aðgerða til að örva efnahagslífið. Í ársbyrjun ákvað bankinn svo að fara út í gríðarleg kaup á ríkisskuldabréfum þeirra landa sem standa að myntbandalagi Evrópu – evrusvæðinu. Ljóst var að það yrði ekki gert nema með stórfelldri peningaprentun.

Gengi evrunnar það lægsta síðan 2003

Daginn eftir að Seðlabanki Evrópu tilkynnti um peningaprentun sína og stórfelld kaup á ríkisskuldabréfum var greint frá því að evran hafi hríðfallið gagnvart dollar eða um 2% á einum degi og hafi ekki verið lægri síðan 2003. Sem sagt plottið svinvirkaði.

Þótt íslenska krónan hafi eitthvað styrkst gagnvart evru hefur Seðlabankinn samt að mestu látið krónuna sökkva með evrunni. Afleiðingin er að Bandaríkjadollar er nú í himinhæðum gagnvart íslensku krónunni og kostar hver dollar um

135 krónur. Það þýðir að líka er seilt í vasa almenningssins á Íslandi varðandi allt sem flutt er inn og verðlagt í dollurum. Einnig er komið í veg fyrir að almenningur fái að njóta stórfelldra lækkana á eldsneyti sem skráð er í dollurum. Það er greinilega ætlunin að láta íslenskan almenning blæða í takt við íbúa ESB-ríkjanna. Það er umhugsunarefni hvers vegna það heyrir hvorki hósti né stuna frá ASÍ né samtökum neytenda út af þessu.

Enn hrikalegt atvinnuleysi

Fyrir utan tvísýna fjármálastöðu ríkja Evrópusambandsins, þá er atvinnuleysi enn gríðarlega mikið og í evruríkjunum var það 11,5% að meðaltali í nóvember. Þar var atvinnuleysið minnst í Austurríki, eða 4,9% og um 5% í Þýskalandi. Á Spáni var hins vegar 23,9% atvinnuleysi og 25,7% í Grikklandi.

Kynt undir nýrri efnahagskreppu

Ítalinn Mario Draghi, sem er hagfræðingur, segir að verðhjöðnun geti haft alvarleg áhrif á efnahag almenningssins og ríki innan evrusvæðisins. Um leið og tekjur og skattar dragist saman í þessum ríkjum verði sífellt erfiðara að ráða við ástandið. Allt er þetta rétt, en spyrja má um leið af hverju niðurkeyrsla vaxta dugði ekki til að koma efnahagshjólunum í gang eins og ætti að gerast samkvæmt kenningunum sem unnið er eftir.

„Við höfum verið að vara við því að nú sé orðin hætta á að verði sé að kynda á ný undir efnahagskreppu á vissum svæðum,“ segir Draghi.

Öfugt við vaxtalækkanir evrópskra banka sem miðuðu að því að örva hagkerfið, þá hefur íslenski seðlabankinn haldið uppi ofurvaxtastefnu að því er sagt er til að slá á „þenslu“. Það skilar sér beint inn í bankakerfið sem hefur vaxið hraðar en púkinn á fjósbitanum. Bankarnir eru nefnilega með mikla fjármuni í ávöxtun hjá Seðlabankanum og ná þar miklum vaxtamun á sínum innlánum og útlánunum. Á þessu stórgræða væntanlega einnig erlendir kröfuhafar bankanna. Raunverðmætin á bak við þessa vaxtafjármuni verða ekki til í íslenska seðlabankanum frekar en þeim evrópska, heldur verða þau á endanum varla sótt annað en í vasa almenningssins.

20%
afsláttur

af síum og vinnu vegna
smurþjónustu á dráttarvélum
ef bókað er í janúar eða febrúar



 **KRAFTVÉLAR**

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Bændablaðið
Kemur næst út 12. febrúar



Aðalfundarboð og málþing

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LLÍ) verður haldinn að Hótel Sögu, fundarsal Kötlu II, föstudaginn 13. febrúar og hefst klukkan 13.

Dagskrá:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Málþing (hefst kl. 14:15): Landskipti og dreifð eignaraðild að landi.

Frummælendur á málþingi:

- Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
- Ólafur Björnsson, hæstaréttarlögmaður.
- Guðmundur Lárusson, Stekkum.
- Halla Kjartansdóttir, náttúrufræðingur.

Fundurinn er öllum opin og bæði félagar í LLÍ og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta.

Fyrir hönd stjórnar LLÍ,
Örn Bergsson



Varmadælur
Besta loft í loft dæla
sem SP í Svíþjóð
hefur prófað

SEER 9.1 SCOP 5.2
INVERTER SYSTEM

Sparnaðar
orkuflokkur
A++

LOFTTÆKNI Hvammsdal 4, 190 Vogar. Sími: 546 9500
Gsm: 892 8030. www.lofttaekni.is

Aðalfundur – Fagþing Árshátíð LK 2015

Aðalfundur Landssambands kúabænda verður settur **fimmtudaginn 12. mars** nk. kl. 10.00 í fyrirlestrarsal Íslenskrar erfðagreiningar að Sturlugötu 8 í Reykjavík. Fagþing nautgripærktarinnar verður haldið þar síðar um daginn, frá kl. 13–16. **Aðalfundurinn og fagþingið er opið öllu áhugasólki um nautgripærkt.**

- Kl. 10:00 Fundarsetning, kosning starfsmanna fundarins, kjörbréfa- og uppstillingarnefndar
- Kl. 10:15 Skýrsla stjórnar – Sigurður Loftsson, formaður LK og Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri LK
- Kl. 11:00 Umræður um skýrslu stjórnar og ávörp gesta
- Kl. 12:30 Léttur hádegisverður í boði styrktaraðila**
- Kl. 13:00 Setning Fagþings nautgripærktarinnar 2015
- Kl. 13:05 Verðlaun fyrir besta nautið í árgangi 2007. Guðmundur Jóhannesson, ábyrgðarmaður nautgripærktar, RML.
- Kl. 13:15 Notkun PCR tækni í baráttu gegn jógurbólgu. Jørgen Katholm, DNA diagnostics A/S í Danmörku
- Kl. 13:45 Uppeldi kálfa. Grétar Hrafn Harðarson, Dýralæknamiðstöðin ehf.
- Kl. 14:05 Pauleldi nautkálfa til kjötframleiðslu. Þóroddur Sveinsson, Landbúnaðarháskóla Íslands
- Kl. 14:25 Fyrirspurnir.
- Kl. 14:35 Kaffihlé
- Kl. 15:00 Frjósemi íslenskra mjólkurkúa. Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir Nautastöðvar BÍ.
- Kl. 15:20 Hvaða tækniþúnað borga kynnir fyrir? Snorri Sigurðsson, SEGES
- Kl. 15:40 Fyrirspurnir og ráðstefnuslit.
- Kl. 16:45 Framhald umræðna og nefndastörf aðalfundar.

Árshátíð Landssambands kúabænda verður haldin á Grand Hótel Reykjavík **föstudagskvöldið 13. mars**. Miðapantanir eru í síma **460 4477**. Veislustjóri verður Ingvar Jónsson.

Tveggja manna herbergi á Grand Hótel Reykjavík með morgunverði kostar 24.190 pr. nótt. Tveggja manna herbergi með morgunverði á Hótel Cabin kostar 13.100 kr pr. nótt. Herbergjapantanir eru gerðar í síma **415 0600** eða með tölvupósti á linda@icelandunlimited.is

Þar sem mjög mikil ásókn er í gistingu í höfuðborginni þessi misserin, er áhugasömum ráðlagt að hafa hraðar hendur við pantanir!

Landssamband kúabænda hvetur bændur til að fjölmenna á þessa viðburði.



**LANDSSAMBAND
KÚABÆNDA**

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

**Smíðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum**



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Gamlar matarvenjur



Nútímalegur þorramatur er alls ólíkur þeim mat sem Íslendingar borðuðu fyrr á tímum.

Í tilefni þorra:

Súrt, kæst og stropað

Árleg þorrablót landans standa nú sem hæst og ungir sem aldnir gæða sér á sviðum og súrmat, hákarli og öðru góðgæti sem fylgir veisluhöldum.

Þorrablót sem slík eru tiltölulega nýtt fyrirbæri og voru fyrst haldin á 19. öld og tengdust sjálfstæðisbaráttu og þjóðernisstefnu. Vinsældir þeirra jukust um 1960 þegar að veitingahúsið Naustið fór að standa fyrir skemmtunum kenndum við þorra.

Þurrkað, reykt, kæst og súrt

Íslensk matarhefð er á margan hátt sérstök. Matur var þurrkaður, reykstur og kæstur og ekki síst lagður í súr og geymdur þannig. Mjólkursýran sem maturinn er geymdur í kom í staðinn fyrir salt og hefur þau áhrif að hann virðist á einhvern hátt vera hálfmeltur fyrir neyslu.

Eftir að kornrækt lagðist niður skömmu eftir landnám, vegna kólnunar, og fram á miðja síðustu öld var mataræði þjóðarinnar einhæft og saman stóð að miklu leyti af kjöti, fiski og mjólkurvörum.

Vissulega byggist þorramatarhefð samtímans á gömlum mat en matur sem borinn er fram á þorrabökkum í dag er langt frá því að vera sá matur sem Íslendingar borðuðu í gamla daga. Honum hefur verið breytt til að þóknast matarsíðum nútímamanna. Dæmi um slíkt er að nú er á boðstólum sulta sem líkist sviðasultu í útliti en er gerð úr grænmeti þrátt fyrir að hún henti ekki fyrir grænmetisætur.

Þorrablót á miðöldum

Þorri er nefndur sem persónugervingur eða vættur vetrar í heimildum frá miðöldum og þar er einnig minnst á þorrablót. Ekki er vitað hvernig þau fóru fram en lýsingarnar benda til að blót hafi verið miklar veislur og gert hafi vel við sig í mat og drykk. Engar sagnir eru í Íslendingasögum eða öðrum fornsögnum um þorrablót sem gerast á Íslandi.



Svið með rófustöppu eru að margra mati herramanns matur.

Margs konar góðgæti

Af góðgæti sem er þekkt sem þorramatur í dag má nefna harðfisk, laufabrauð, magál, punga, sperðla, svið með rófustöppu og sviðasultu, bringukolla, hangikjöt, flatkökur og rengi. Nýmæli til að svala forvitni þeirra allra svölustu eru súrsaðir lambatittlingar.

Minna er um að á boðstólum séu sauðlappir, selshreifar, riklingur, steikt kálfablóð, siginn silungur og rafabelti. Hvað þá heldur blóðgrautur, heilastappa eða úldin egg.

Krókasteik og ruslakeppir

Þekkt er að á sumum bæjum voru



Súrsaðir lambatittlingar fyrir þá allra svölustu.

leg úr kindum og kúm skafin, soðin og súrsuð. Kindaleg kölluðust krókasteik og notuð til að drýgja blóðmör og lundabagga.

Í ruslakeppi var safnað alls konar afgangum við slátrun og varla þóttu mannamat. Þetta gat verið afskurður af vömbum, kirtlar, milta, rófur, hálsæðar og tægjur. Keppurinn og flot af honum var svo borðaður þegar lítið var til af öðrum mat.

Ganglimir og höfuðbein

Hraun er gamall íslenskur réttur sem að megninu til var búinn til úr ganglimum og höfuðbeinum stórgripa. Kjötið var grófskorið af beinunum og þau léttsoltuð, reykt eða kæst. Eftir það voru hraunin soðin og kjötið borðað af þeim. Afrennsli af kæstum hraunum, hraunaflot, þótti ágætt viðbit.

Matur og drykkur á jólum

Íslendingar reyndu að gera vel við sig um jólin og í Kristinna laga þætti Grágásar er kafla um jólahald. Þar segir að menn eigi ekki að vinna nema meðalvinnudag um jól og að slátra skuli fé til að hafa ferskt kjöt og að einnig skuli vera öl í boði.

Í Grettis sögu segir frá því, að bændur í Skagafirði undirbyggju að sækja sláturfé út í Drangey um vetrarsólstöður og í Reykdæla sögu er sagt frá því að Vémundur hafi látið ala uxa til jóla og Þorbergur hafi sent Ötrygg heimamann sinn með fé út í eyjar sem slátra skyldi fyrir jól.

Hryllti við hrossakjöti

Lengi var bannað að borða hrossakjöt hér og flestum Íslendingum hryllti við að borða það og dóu margir frekar úr sulti í harðærum en að leggja sér það til munnns. Eftir að hrossakjötsát var leyft voru þeir sem borðuðu það gjarnan uppnefndir og kallaðir merardólgar.



Auk selkjöts og spiks voru hausar, hreifar og dindlar af sel nýttir til matar, sviðnir eða súrir.

Þykkvabæingum mun hafa verið fundið það til foráttu að þeir átu hrossakjöt. Nágrannar þeirra hneyksluðust mjög á hrossakjötsátinu og töldu þá ókirkjuhæfa vegna þess. Bændur í nágrannasveitarfélögunum létu þó hneykslun sína ekki aftra sér frá því að reka heilu hrossastóðin til slátrunar í Þykkvabæ. Heimamenn máttu hirða af þeim allt nema hárnar. Svo mikið af hrossakjöti safnaðist á suma bæi að erfitt var að geyma það. Megn ýldulykt var því oft í kotunum og settist hún í föt og sagt er að fólk hafi neytt kjötsins eins lengi og það hafði nokkra lyst á því.

Skin, skóbætur og hundar

Í Annálum 1400–1800 kemur greinilega fram að fólk hefur lagt sér nánast hvað sem er til munns í harðærum. „Þá átu margir hrossakjöt, bæði frjálst og stolið, og svo allt það tönn á festi, því þar á horfðu frómir menn, að manneskjur átu hráar tófur. ... var þar etið allt, hvað tönn á festi, svo sem skinn, skóbætur og jafnvel hunda af sumum, ekki að talað sé um hrossakjöt, sem var orðið næsta almenn fæða alþýðu, meðan það fékkst, en þó úldið og rotíð vera kynni.“

Smásteik úr nautablóði

Nautgripir hafa alltaf verið vel nýttir hér hvort sem þeir eru lífs eða liðnir. Úr mjólkinni var unnið smjör, ostar, flautir og síra til að geyma mat í. Í bók Hallveigar Gísladóttur, Íslensk matarhefð, er að finna gríðarlegan fróðleik um mataræði landans fyrr á tímum. Hún vinnur efnið að hluta til upp úr svörum sem bárust við spurningu sem Þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins sendi út um slátrun og sláturverk. „Einnig fékk hún stundum nautablóð. Hún hrærði í það rúgmjöli, en lét enga mör í. Sauð það síðan og setti á það farg, í léreftspokum sem hún saumaði sérstaklega til þessa nota. Þegar búið var fergja var það alltaf stíft. Þetta var síðan geymt í vatni í tunnu í köldu herbergi og oft skipt um vatn, þannig að það súrnaði ekki. Matreitt þannig, að tólgur var bræddur í potti, blóðið saxað smátt á fjöl og látið út í, þessu var síðan hrært saman og sett sjóðandi heitt á fat og stráð yfir sykri. Þetta var mjög gott með heitum kartöflum.“

Stropuð egg

Egg sjófugla, anda og gæsa sem ekki voru borðuð ný voru geymd í ösku eða sandi á köldum stað og höfð þar í hálf t ár áður en þeirra var neytt. Sagt er að eftir þann tíma líkist þau gráðosti í áferð og á bragðið. Einnig lögðu sumir sér stropuð egg til munns jafnvel þótt unginn væru orðin fjaðraður og

kominn að því að klekjast út.

Þorskhausar og grautur úr grásleppuhrognum

Eins og geta má var fiskur mikið borðaður, og nánast í öll mál á bæjum sem voru nálægt sjó, en af honum virðist eingöngu harðfiskur og hákarl hafa komist á þorrabakka samtímans. Úr þorskhausum var meðal annars búin til hausastappa með því að sjóða hausana vel og taka úr þeim stærstu beinin. Hausarnir voru síðan stappaðir í stöppu með lifur. Roð, sporðar, uggar og þorskhausabein, vandlega hreinsuð, voru látin saman við skyr á sumrin og skömmtuð á veturna með súru skyrí sem þar að auki var drýgt með fjörukáli. Fátæklingar gerðu sér grauta úr grásleppuhrognum og þótti hann betri ef bætt var út í hann síru.

Til að kæsa hákarl var algengast að gerð væri gryfja í fjöruborðinu úr mól. Stykki úr hákarli voru lögð í gryfjuna þannig að skrápurinn sneri niður og þakið með grjóti og hann geymdur þar í mislangan tíma eða þar til að hægt var að hengja hann upp. Einnig þekktist að hákarl væri kæstur í moldarholum.

Kæst skata

Ekki eru til beinar heimildir um kösun á skötu fyrr en á 19. öld en að söltun undanskilinni var farið með hana eins og hákarl nema hvað verkun hennar tók skemmri tíma. Við kösun á skötu voru börðin skorin af og sett í gryfju og fergð með grjóti eða torfi og grassvörðurinn þá látinn snúa niður. Algengt var að kæsa skötu í tvær til fjórar vikur en til að flýta kösuninni þótti gott að geyma börðin úti í fjósi svo að fyrr slægi í þau. Eftir kösun voru börðin þvegin til að ná mestu slepjunni af þeim og síðan þurrkuð með því að hengja þau upp í rjáfur eða leggja út á klappir eða grjót. Kom fyrir að skata væri þurrkuð eins og harðfiskur en það þótti slæm geymsluaðferð.

Súrir hreifar og selvafningar

Auk selkjöts og selspiks voru hausar, hreifar og dindlar af sel nýttir til matar, sviðnir eða súrir. Magi, lifur, hjarta og þind voru einnig súrsuð en nýrun yfirleitt borðuð fersk. Garnir sela voru nýttar í ýmsa rétti eftir að búið var að hreinsa þær, meðal annars í selvafninga sem voru þannig að fléttað var saman görnum og spiki og vafningurinn reyktur eða soðinn. Einnig er þekkt að vafningarnir hafi verið verkaðir eins og lundabaggar og kallaðir sela-eða garnabaggar. Selslýsi var notað út á fisk hvort sem hann var siginn eða nýr auk þess sem það var notað til að steikja upp úr, þrátt fyrir að hnisulýsi hafi víðast hvar þótt betri steikingarfeiti.

Verði ykkur að góðu. /VH



Sumir lögðu sér stropuð egg til munns jafnvel þótt unginn væri orðinn fjaðraður og kominn að því að klekjast út.

Þorramatur: Grænmetissulta hentar ekki fyrir grænker

Í síðasta Bændablaði var sagt frá því að komin væri á markað grænmetissulta sem líktist sviðasultu og hentaði fyrir grænker á þorrabakkann. Eftir birtingu kom í ljós að í grænmetissultunni er gelatín sem meðal annars er unnið úr nautabeinum og hentar því ekki fyrir græn. Ólafur Már Þórisson, markaðsstjóri hjá Kjarnafæði,

sem framleiðir sultuna, segir að eiginlega hafi verið um hugsunarleysi af þeirra hálfu að ræða. „Hugmyndin um að þetta væri þorramatur fyrir grænmetisætur fór svo hraðar á flug en við ætluðum sem var aldrei ætlunin. Ég átti ágætt samtál við fulltrúa grænmetisæta og hann lýsti ánægju sinni yfir því að við værum að gera

tilraunir með nýja rétti. Við ætlum að halda áfram að þróa réttinn og ég á von á að endurbætt útgáfa af honum komi á markað á næsta ári og þá með matarlínu sem hentar grænmetisætum. Samtal okkar var mjög gott og þeir lýstu ánægju sinni yfir að við værum að prófa okkur áfram með þorrarétti fyrir grænmetisætur.“ /VH

Skotbómulyftarar

Lyftigeta 2.5 tn - 12 tn

- Lyftigeta frá 2.5 til 12 tonn
- Gott útsýni framá gaffla
- Fáanlegir með aflútaki
- Breitt öikumannshús
- Hydrostatic drif
- Fáanlegir í bændaútfærslu
- Góð reynsla í áratugi á Íslandi
- Öruggur þjónustuaðili
- Úrval fylgihluta

Islyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur - Sími 564 1600 - islyft@islyft.is - www.islyft.is



Gróa Margrét Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson eru bændur á Brúsastöðum í Vatnsdal. Árangur þeirra í mjólkurframleiðsunni hefur verið afar góður ár eftir ár.

Myndir / HKr.

Brúsastaðir í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu hafa verið í fremstu röð í mjólkurframleiðslunni ár eftir ár:

Með hæstu meðalafurðir kúabúa landsins á síðasta ári

— kýrnar á bænum skiluðu að meðaltali 7.896 kg af mjólk og voru einnig afurðahæstar 2013

Kúabúið Brúsastaðir í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu var afurðahæsta kúabú landsins að meðaltali á síðasta ári. Þar búa hjónin Sigurður Ólafsson og Gróa Margrét Lárusdóttir sem hafa búið á bænum síðan 1994, eða í rúm 20 ár.

Kýrnar á Brúsastöðum skiluðu í heild um 389 þúsund kílóum mjólkur á síðasta ári. Var hver kú þá að skila 7.896 kg af mjólk að meðaltali. Það þýðir að þónokkrar kýr á bænum voru að mjólka um eða yfir 8.000 kg, en fjórar voru með yfir 10.000 kg. Sú afurðahæsta heitir Bára og mjólkaði 10.677 kg. Brúsastaðir voru einnig afurðahæsta búið yfir landið árið 2013 og í 10. sæti yfir landið á árinu 2012. Búið hefur skilað mestu meðalafurðum kúabúa í Austur-Húnavatnssýslu í níu af síðustu ellefu árum.

Þótt Brúsastaðir hafi verið afurðahátt í fjölmörg ár, þá hafa þau hjón aðeins einu sinni átt afurðahæstu kúna í sýslunni, en það var 2013.

Kíló en ekki lítrar

Þótt leikmönnum finnist það einkennilegt að tala um mælingu á vökva eins og mjólk í kílógrömmum, þá er á því ákveðin skýring. Mjólk hefur ekki sömu eðlisþyngd og vatn vegna efnainnihalds og bændum er greitt í samræmi við fitu- og próteininnihald mjólkurinnar sem

vigtað er í kg. Þess vegna skapaðist fljótt sú hefð að mæla mjólk eftir þyngd en ekki í lítratali. Þá gefa flestir ef ekki allir mjaltþjónar upp mjólkurmagnið líka eftir vigt. Einnig er öll fóðurgjöf og breytingar á henni í forritum reiknaðar út frá þeirri kílógrammatölu sem kýrnar skila í mjólk.

Allt snýst um að framleiða í takt við aukna eftirspurn

Sigurður segir að nú snúist allt um að framleiða meiri mjólk í takt við sívaxandi eftirspurn. Búskapurinn gengur vel hjá þeim hjónum og ef þau þurfa aðstoð segjast þau eiga bakhjarla í góðum nágrönnum sem

eru boðnir og búnir að rétta þeim hjálparhönd.

„Þessir bændur eru þannig að maður getur alltaf hóað í þá ef okkur vantar aðstoð. Þetta eru öndvegis nágrannar. Þeir koma nánast hvernig sem stendur á,“ segir Sigurður, sem sömuleiðis rúllar heyi fyrir þá í verktöku á sumrin.

„Síðasta sumar rúllaði ég 3.400 rúllum fyrir mig og tvo aðra bændur. Árið 2013 rúllaði ég enn meira vegna tækjabílnar hjá einum bónda.“

Mjaltþjónninn breytti miklu sem og kjarnfóðrið

Á Brúsastöðum er Lely-mjaltþjónn sem Sigurður og Gróa keyptu notaðan fyrir nokkrum árum en áður var þar mjaltabás. Í honum voru þau búin að mjólka yfir þrjár milljónir lítra áður en þau seldu hann. Þau segja að með tilkomu mjaltþjónsins og þriðju mjaltanna á sólarhring hafi nytin í kúnum aukist talsvert.

„Þá hafði það mikið að segja þegar við skiptum um kjarnfóður og fórum að kaupa það frá Landstólpa. Það hentar okkur vel og fer vel með heynu sem við gefum og árangurinn er mjög góður. Það dugar þó ekki að horfa bara á eina tegund kjarnfóðurs af því að hún hafi einhvern tíma dugað ágætlega. Menn geta þurft að skipta um eftir tíðarfari og öðru. Ef menn taka heysýni þá sést nákvæmlega hvað þarf á móti,“ segir Sigurður.

Kvótinn og framleiðsluskýldan stöðugt að aukast

„Kvótinn eykst svo mikið að við verðum að reyna að fjölga kúnum. Kvótinn hjá okkur eykst nú um 40 þúsund lítra milli ára og nú er orðin krafa um að menn fylli upp í allan kvótann.“



Á Brúsastöðum er Lely-mjaltþjónn sem Sigurður og Gróa keyptu notaðan fyrir nokkrum árum en áður var þar mjaltabás. Við meðhöndlun slíkra tækja skiptir þrífnaður miklu máli.



Brúsastaðir eru innarlega í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu, en jörðin var eitt sinn í eigu Þingeyrakirkju.

Gróa segir að bændur megi hafa sig alla við að uppfylla kröfur um 100% nýtingu á kvóta. Sumir bændur séu þegar komnir í klípu þar sem fjósin þeirra séu þegar fullnýtt og þeir hafi kannski ekki bolmagn til að byggja við eða fjölga kúm. Ef þeir geti ekki nýtt kvótann séu þeir komnir í mínus í beingreiðslum. Þá bendir hún á að þegar verið sé að auka nytina eins mikið og þau hafa gert þá sé kjarnfóðurgjöfin komin upp undir 45%. Það sé þó lítið kostnaðarsamara en að gefa hey, því það sé ótrúlega dýrt í framleiðslu.

Hlutfallsleg lækku á beingreiðslum

Sigurður bendir á að beingreiðslurnar hafi ekki hækkað í takt við aukna framleiðslu, heldur deilist þær niður á fleiri lítra og þar með lækki verð til bænda um 4 krónur á lítrann. Varðandi heyið segir hann að menn gleymi oft að reikna sér laun við að framleiða það. Ef menn hafi svo ekki heimatún til að heyja á og þurfi að sækja það langar leiðir, þá hlaðist ofan á það óhemju kostnaður. Slíkt segist Sigurður þekkja vel vestan af fjörðum þar sem hann er upprunninn.

Hann kom frá Patreksfirði en hún er fædd í Vatnsdalnum

Sigurður er frá Patreksfirði og ólst þar upp, en Gróa er fædd og uppalin á Brúsastöðum. Þau keyptu Brúsastaði og reksturinn af foreldrum hennar. Langamma Gróu keypti jörðina upphaflega af Þingeyrakirkju (klaustrinu) um 1902 og eiga þau hjón enn upphaflega afsalið. Kirkjan átti þá fjölda jarða í Austur-Húnavatnssýslu og voru Þingeyrar ein mesta jörð landsins. Í dag er jörðin 500 hektarar og öll grasi vaxin. Sigurður segir að húsakostur sé mjög góður á bænum. Gripahúsin hafi verið byggð á árunum 2002 og 2006.

Fyrir neðan bæjarhúsin eru um 100 hektarar sem eru nú nýttir sem tún. Auk þess segir Sigurður að tiltölulega auðvelt sé að auka við ræktarlandið með því að taka í nýtingu flöt sem er á jarðlagastalli í hliðinni ofan við bæinn.

Hættu með kindur og sneru sér alfarið að kúabúskap

„Þetta var blandað bú með kýr og sauðfé þegar við keyptum það,“ sagði Sigurður þegar Bændablaðið tók hús á þeim hjónum um fyrri helgi. Hann segir að nú séu þau eingöngu með kúabúskap.

„Við erum með um 50 árskýr, en það eru nú á milli 60 til 70 kýr og fengnar kvígur. Allt í allt erum við með um 130 til 150 nautgripi hverju sinni. Þá erum við með nokkra

kjötframleiðslu til að nýta húsið sem er 500 fermetrar og með um 80 til 90 legubásum og lausagöngupláss fyrir geldneyti. Við látum svo slátra hjá SAH afurðum á Blönduósi, en Hilton hótél fær kjötið frá okkur.“

Þess má geta að allt kjötið sem framleitt er á Brúsastöðum er af hreinræktuðum íslenskum nautgripum, þar eru engir blendingar.

„Við geldum mikið af nautunum til að geta haft þau með kvígum í stíu sem er þægilegra við að eiga þótt þau verði ekki eins þung. Síðan erum við alltaf með naut líka sem við notum á kvígur sem gengur ekki að sæða. Þeir tuddar eru svo sendir í sláturhús um 24 mánaða aldur og eru þá um 300 kíló að þyngd en uxarnir á sama aldri eru um 250 kíló.

Annars er nautakjötsframleiðslan byggð á heygjöf, nema síðustu tvo til þrjá mánuðina, þá gefum við líka bygg.“

Ekki alltaf hægt að treysta á að gæðin í hópnum haldi sér

Gróa segir að það verði oft til góður kjarni í kúahópnum, en ekki sé því að treysta að kvígurnar séu alltaf jafn góðar.

„Manni finnst þetta alltaf vera svolítið happa og glappa þótt það sé verið að reyna að rækta úr stofninum ákveðna galla. Öðru hvoru verður maður fyrir vonbrigðum þannig að kvígur sem maður hélt að yrðu góðar og eru undan bestu nautunum eru ekki að skila því sem maður vildi.“

Sigurður tekur undir þetta. „Þetta er alls ekki alltaf að ganga upp og núna má segja að við sitjum uppi með hóp af vonbrigðum. Það eru kýr sem eru erfiðar í mjóltun. Kannski geta þær þó enn bætt sig svo það er ekki alveg komið að því að við sendum þær í sláturhús. Þetta verða samt ekki neinar afurðaskepnur á þessu fyrsta mjaltaskeiði. Maður reynir samt að halda í þær þar sem við verðum að leggja meiri áherslu á mjólkurframleiðsluna en kjötframleiðsluna.“

Ekki á vísan að róa með afkvæmin

Einn vandi sem mjólkurframleiðendur eiga við að glíma er, að ekki er á vísan að róa með að kýrnar beri alltaf kvígum. Þar spilar stóra rullu landlægur vandi þar sem fæddar kvígur eru oft á tíðum í minnihluta á móti fæddum törfum. Gróa segir að á mörgum bæjum sem hafa lifibrauð sitt af mjólkurframleiðslu hafi þetta hlutfall jafnvel verið virkilega óhagstætt. Mikil áraskipti geti þó verið af þessu og hjá þeim hafi hluta af síðasta vetri eingöngu fæðst kvígur. Á einum nágrannabæjanna var það hins vegar svo eitt árið að hjá 24 kúm fæddist einungis ein kviga



Kýrnar á Brúsastöðum eru afar forvitnar og þessi virðist einstaklega hrifin af rauðu úlpunni hennar Gróu.



Sigurður bregur á leik með einni kúnni.

til nytja. Ef bændur vilja svo styrkja sinn stofn með því að kaupa til sín kvígur, þá liggja þær yfirleitt ekki á lausu og verðið getur svo verið allt að 300 þúsund krónur.

Allt skapgóðar skepnur utan ein sem þolir ekki ókunnuga

Kýrnar á Brúsastöðum eru flestar gæfar og skapgóðar. Þó segjast þau eiga eina mannýga sem heitir Grýla eins og amma hennar.

„Henni er bara illa við ókunnugt fólk og hjólar bara í það. Sæðingamaðurinn slapp til dæmis naumlega. Hann var að fara út eftir ganginum þegar ég missti þessa kú frá mér og hún tók á rás og stefndi beint á hann. Ég öskraði á hann og loks þegar hann leit við og gat vikið sér til hliðar, setti kýrin bremsurnar á

en rann beint á vegginn við hliðina á honum. Hún lætur okkur Gróu samt alveg í friði,“ segir Sigurður. Hann segir skapferlið greinilega liggja í ætterninu og mamma hennar, sem hét Spes, hafi borið nafnið með rentu. Amma hennar hafi sömu leiðis verið svipuð í skapi og mjög illileg til augnanna.

Erlendar kýr engin töfralausn

Þótt íslensku kýrnar sé kannski ekki alltaf að skila eins góðri afkomu og menn vilja, þá segist Sigurður svo sem ekkert vera að bíða sérstaklega eftir erlendum kúastofni þótt hann geti vel hugsað sér að halda slíkar kýr. Telur hann líklegt að stór hluti kúabænda muni stökkva til að skipta um kúakyn ef heimild verði veitt. Hann segist sannfærður um að

þeim sem gangi á annað borð vel með íslensku kýrnar muni líka ganga vel með erlendar kýr. Hins vegar geti enginn sem ekki gengur vel í dag með sinn íslenska stofn, treyst á að erlendar kýr bjargi þeim eitthvað í stöðunni. Það gildi alveg sömu lögmálin varðandi meðferðina á þeim.

„Þeir sem hafa haft mest út úr íslensku kúnni munu einnig hafa mest út úr því að skipta yfir í erlendar kýr. Ég er því viss um það að við gætum haft ágætt út úr því að skipta, en við erum samt ekkert að setjast með hendum í skaut og bíða eftir að það gerist,“ segir Sigurður.

Okkur ber skylda til að viðhalda stofninum

Þau hjón segja ljóst að Íslendingum beri skylda til að vernda íslenska kúastofninn samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum. Spurningin sé þó hvernig staðið verði að því til framtíðar ef ákveðið verði að taka til ræktunar nýjan kúastofn við hlið þess íslenska. Til að forðast úrkynjun og skyldleikaræktun verði stofninn að vera af ákveðinni stærð. Því geti það orðið spurning um að styrkja sérstaklega þá bændur sem séu tilbúnir að halda í íslenska stofninn í stað þess að skipta yfir í erlendan kúastofn. Segir Sigurður að vissulega sé hægt að rækta upp ákveðna eiginleika í íslenska stofninum, en hann sé samt það lítill að slík ræktun gangi mjög hægt og taki langan tíma. */HKr.*

Gamli traktorinn



Bolinder-Munktell – gekk fyrir hvaða olíu sem var

Af þeim þremur skandinavísku fyrirtækjum sem hafa verið ríkjandi á dráttarvélamarkaði, Valmet/Valtra, Volvo og Bolinder-Munktell, var það síðastnefnda stofnað fyrst.

Stofnandi fyrirtækisins var prestssonurinn Theofrom Munktell frá Eskiltuna í Söðmanlandi í Mið-Svíþjóð. Theofrom stofnaði Munktell vélaverkstæðið árið 1832. Verkstæðið var í fyrstu lítið en vegnaði vel og óx hratt og ekki leið á löngu þar til verkstæðið var farið að framleiða lestarvagn, þá fyrstu í landinu.

Árið 1913 setti hann svo fyrstu traktorana á markað með stórra tveggja strokka vél sem gekk fyrir nánast hvaða olíu sem er og meira að segja tjöru sem var blönduð alkóhóli. Vélin var fljótlega minnkuð um



og kallaðist fyrirtækið Bolinder-Munktell-Volvo til ársins 1973 þegar nafninu var breytt í Volvo BM og 1995 í Volvo.

Frá árinu 1959 voru dráttarvélir frá Bolinder-Munktell-Volvo leiðandi í öryggismálum og þótti þar standa helsta keppinaut sínum, hinum finnska Valmet, langt fram. Árið 1966 kom T800-týpan á markað sem var eitt hundrað hestöfl og gríðarlega öflug dráttarvél á sínum tíma og hugsuð fyrir Bandaríkjamarkað. Í stað Bolinder-Munktell vélar var vélin frá Volvo en samt sem áður framleidd af Bolinder-Munktell.

Árið 1978 gerðu Volvo og Valmet með sér samkomulag um framleiðslu dráttarvéla í sameiningu. Nokkrum árum síðar hætti Volvo í traktorsbisness og seldi fyrirtækinu Scantrac



helling en vó samt sem áður 4,2 tonn.

Bræðurnir Carl og Jean Bolinder hófu framleiðslu á mótórum á 9. áratug 18. aldar. Um tíma smíðuðu bræðurnir bæði stórar vélar fyrir skip og minni fyrir farartæki á landi. Minni vélarnar voru tveggja strokka, þóttu grófar og gengu fyrir margs konar olíu eins og Munktell.

Eftirspurn eftir dráttarvélum var mikil enda landið stórt og landbúnaður mikill.

Samruni í kreppunni

Í kreppu millistríðsáranna runnu fyrirtækin saman í Bolinder-Munktell. Eftir það sérhæfði Bolinder sig í smíði véla en Munktell í framleiðslu á dráttarvélum. Fyrsti traktorinn eftir samrunann kom á markað árið 1935, Bolinder-Munktell 20, tveggja strokka, 32 hestöfl og með breytilegum snúningshraða sem var nýjung á þeim tíma.

Rekstur fyrirtækisins gekk illa á árum seinni heimsstyrjaldar og árið 1950 keypti Volvo reksturinn

framleiðsluréttinn sem starfaði áfram í samvinnu við Valmet. Frá 2001 hafa þær dráttarvélar verið framleiddar undir nafninu Valtra.

Bolinder-Munktell á Íslandi

Ekki hafa fundist neinar upplýsingar um að Bolinder-Munktell-dráttarvélar hafi verið fluttar til Íslands en í auglýsingu frá Gunnari Árnasyni á Suðurlandsbraut í Morgunblaðinu frá 1. mars 1960 eru Bolinder-Munktell auglýstar sem bátavélar. /VH



Halldór Þormar, prófessor emeritus í frumulíffræði við Háskóla Íslands.

Myndir / VH

Rannsóknir:

Mæði-visnuveirur í sauðfé og tengslin við alnæmi

Vísindauppgötvanir á Íslandi tengdar veirusjúkdómum í sauðfé og mikilvægi þeirra fyrir skilning á alnæmisveirunni voru meginefni erindis sem Halldór Þormar, prófessor emeritus í frumulíffræði við Háskóla Íslands, flutti fyrir skömmu.

Halldór tók þátt í afar merkilegum rannsóknum á veirum í sauðfé að Keldum á sínum tíma. Í erindi sínu rakti Halldór meðal annars aðdraganda rannsókna.

Karakúlffé bar með sér veiru

Halldór sagði að árið 1933 hafi ríkisstjórn Íslands ákveðið að leyfa innflutning á fé af karakúlkyni, 5 ám og 15 hrútum, frá Þýskalandi til þess að bændur gætu hafið framleiðslu á verðmætum lambskinnum fyrir loðkápur, eða persneska pelsa, sem þá voru í háu verði.

„Karakúlfféð er upprunnið í Úzbekistan og hefur verið ræktað í fjallahéruðum Mið-Asíu í meira en 3.000 ár. Á Vesturlöndum hefur það einkum verið ræktað til skinnframleiðslu. Skinnin eru tekin af lömbum sem er lógað innan þriggja daga gömlum þegar feldurinn er enn þéttur og hrokkinn.

Féð sem var flutt til Íslands virtist heilbriggt og án smitsjúkdóma. Það var haft í sóttkví í tvo mánuði í Þerney á Kollafirði áður en því var dreift til bænda út um allt land. Flest mun þó hafa farið til Búnaðarskólans á Hólum. Tveimur árum seinna kom áður óþekktur sjúkdómur upp í sauðfé á bæjum þar sem karakúlhrútar höfðu verið hýstir með íslenska fénu, og mátti rekja sýkinguna beint til þeirra.“

Stórfelldur niðurskurður

Smám saman kom í ljós að fénu fylgdi ekki bara einn sjúkdómur heldur nokkrir sem komu í ljós á fimm ára tímabili. Þetta voru votamæði, garnaveiki, mæði (þurramæði) og visna. Sjúkdómarnir breiddust hratt út og dánartíðni vegna þeirra var há og þeir því mikil ógn við sauðfjárrækt í landinu. Árið 1944 var ákveðið að reyna að útrýma sýkingunni með niðurskurði og það tókst að lokum eftir tíu ára baráttu. Ísland er eina landið í heiminum þar sem tekist hefur að eyða þessum sjúkdómum eftir að þeir hafa komið upp.

Í fyrirlestrinum kom fram að það hafi verið lækarnir Niels Dungal og Guðmundur Gíslason sem greindu votamæði og mæði.



Karakúlfféð er upprunnið frá fjallahéruðum Mið-Asíu og hefur verið ræktað í meira en 3.000 ár.

Halldór Þormar lauk mag. scient.-prófi í frumulíffræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1956. Hann stundaði framhaldsnám í veirufræði við Kaliforníuháskóla í Berkeley 1957–1958 og á árunum 1957–1960 vann hann við rannsóknir á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, og aftur 1962–1967.

Hann hlaut doktorspróf í veirufræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1966. Halldór stundaði um árabíl rannsóknir í New York en hefur einnig starfað við Cambridge-háskóla og unnið við háskóla og stofnanir í Belgíu, Venesúela, Kína og Danmörku.

Árið 1986 var hann ráðinn prófessor í frumulíffræði við líffræðiskor Háskóla Íslands. Halldór er enn virkur í vísindastarfi og ritstýrði árið 2011 bók um notagildi fitusameinda til að berjast við sýkla.



Alnæmisveiran ræktaðist fyrst árið 1983. Um 30 árum áður höfðu fyrstu lentiveirurnar verið ræktaðar og rannsakaðar á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Alnæmisveira og 30 ára gamlar rannsóknir á Keldum

Alnæmisveiran ræktaðist fyrst árið 1983 og árið 1985 sýndi raðgreining á erfðaefninu að hún var af flokki lentiveira. Um 30 árum áður höfðu fyrstu lentiveirurnar verið ræktaðar og rannsakaðar á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Veirurnar ollu sjúkdómumum visnu og mæði, sem Björn Sigurðsson lækur, fyrsti forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar, nefndi hæggena smitsjúkdóma og urðu alþjóðlega þekktir sem „slow infections“. Nafnið lentiveirur má rekja til þeirra, en lentus þýðir hægur á latínu.

„Kenning Björns um hæggena smitsjúkdóma var að langur tími, mánuðir eða ár, líði frá smiti og þar til að sjúkdómseinkenni koma fram og að eftir að einkenni koma fram ágerist þau hægt og endi með banvænum sjúkdómi.“ /VH



Á hverju ári koma nemar frá textílskólanum Håndarbejdes Fremmes UCC í Kaupmannahöfn og vinna þeir að reflinum, fjórar konur eru í hópnum sem kom nú eftir áramót.

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi: Alls hafa 1140 gestir tekið þátt í að sauma Vatnsdælurefilinn

Vinna við gerð refils á vegum Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi gengur vel, en í lok nýliðins árs var búið að sauma um 11 metra af honum. Alls hafa 1.140 gestir safnsins tekið þátt í verkefninu og liggja að baki samtals 1.854 vinnustundir og 30 mínútur. „Sumir gestir koma auðvitað oftar en aðrir en í heildina stenst þetta væntingar. Það er mjög ánægjulegt hversu margir hafa áhuga á að setja spor sín í refilinn og um leið leyfa honum að mjakast áfram,“ segir Jóhanna E. Pálmadóttir í pistli sínum á Húnahorninu.

Fram kemur að í upphafi hafi sú ákvörðun verið tekin að refillinn ætti sér sitt eigið líf, þ.e. að framvindan stjórnaðist af áhuga gesta. Stundum eru margir á safninu og stundum enginn. „Aðalatriðið er að njóta hans meðan á þessu stigi stendur því eftir að hann er fullkláraður, verður hann lokaður á bak við gler og því ekki lengur aðgengilegur á svona nálægan hátt,“ segir Jóhanna. Á hverju ári koma nemar frá textílskólanum Håndarbejdes Fremmes UCC í Kaupmannahöfn og vinna þeir að reflinum, fjórar konur eru í hópnum sem kom nú eftir áramót og þá koma þrjár til

viðbótar í júní næstkomandi. Verkefnið Vatnsdæla á refil hefur staðið yfir undanfarin misseri. Verkinu miðar vel eins og fram kemur í frásögn Jóhönnu, en dönsku nemarnir vinna nú að undirbúningi þriðju teikningu hans og er þar komið við sögu að Ingimundur gamli og hans fólk leggur leið sína til Íslands. „Hingað til höfum við bara verið í Noregi,“ segir Jóhanna í pistli sínum. Á vorönninni verður safnið opið á miðvikudögum, milli kl. 13 og 17 og eru allir sem áhuga hafa velkomnir. Að öðru leyti er opið eftir samkomulagi þar til sumaropnunin byrjar 17. júní næstkomandi. /MPÞ



Umsókn um orlofsdvöl Sumarið 2015

Hér að neðan er að finna umsóknareyðublað um orlofsdvöl í húsunum að Hólum í Hjaltadal og á Flúðum, Hrunamannahreppi sumarið 2015. Það gildir fyrir félaga í búnaðarsamböndum og/eða búgreinafélögum sem eiga aðild að BÍ – Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 20. mars 2015.

Undirrituð/Undirritaður sækir hér með um:

☐ Orlofsdvöl að Hólum	- Tímabilið:
☐ Orlofsdvöl á Flúðum	- Tímabilið:

Nafn umsækjanda	Kennitala

Heimilisfang	Símanúmer

Póstnúmer og staður

Hefur þú áður fengið úthlutað orlofsdvöl í sumarhúsi hjá Bændasamtökunum?

☐ Já ☐ Nei

Undirskrift félaga og dagsetning



Umsóknina skal senda fyrir 20. mars nk. rafrænt á netfangið_ho@bondi.is eða á póstfang Bændasamtaka Íslands: **Bændahöllin v/Hagatorg, 107 Reykjavík, merkt Orlofsdvöl sumarið 2014**

Steinull til sölu

Til sölu ca. 250m² af 40 og 80mm notaðri þaksteinull (pressuð) sem fjarlæg var úr þaki nýlega. Einhver bleyta gæti verið í ullinni og hluti hennar er tilskorinn. Upplagt til einangrunar atvinnuhúsnæðis – selst ódýrt. **Upplýsingar í síma 660 3364.**

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Pöntun á netinu á bbl.is

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR

Stærð palls 2,55 x 8,6m



STURTUVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn



H. Hauksson ehf

Vikurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

Helstu nytjaplöntur heimsins



Hrísgjónarækt er víðast hvar tímafrek og krefst mikils mannskapar.

Hrísgjón – þriðja mest ræktaða planta í heimi

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Um helmingur jarðarbúa borðar hrísgjón á hverjum degi. Í Asíu eru hrísgjón helsta uppspretta næringar yfir tveggja milljarða manna og ræktun þess eykst hratt í Afríku þar sem þau verða sífellt mikilvægari sem fæða.

Hrísgjón hafa líklega fætt fleiri og í lengri tíma en nokkur önnur planta. Þau eru gríðarlega mikilvæg fæða enn í dag því meira en einn fimmti allra hitaeininga sem jarðarbúar neyta koma úr hrísgjónum. Þau eru ræktað á um 10% af öllu ræktanlegu landi í heiminum.

Fornleifarannsóknir í Kína sýna að ræktun hrísgjóna nær að minnsta kosti tíu þúsund ár aftur í tímann, aðrir segja ræktunina vera allt að fimmtán þúsund ára gamla. Rannsóknir á erfðum hrísgjóna benda til að ræktun þeirra sé upprunninn og hafi breiðst út frá bökkum Yangze-árinnar sem er lengsta á í Asíu og sú þriðja lengsta í heimi.

Talið er að hrísgjón hafi borist til Grikklands með hersveitum Alexanders mikla þrjú hundruð árum fyrir Kristsburð og á 14. öld er farið að rækta þau á Ítalíu og Spáni. Til Ameríku berast þau með þrælum frá Afríku. Strandlengja sem liggur

frá Senegal til Sierra Leone kallast Hrísgjónaströndin og var þekkt fyrir þrælaverslun og hrísgjónarækt á sínum tíma.

Fjölær grastegund

Hrísgjón, *Oryza sp.*, eru fjölærar grastegundir sem dafna í margs konar jarðvegi, hvort sem hann er þurr eða blautur, súr eða basískur. Einkímblöðungar sem geta náð 1,8 metra hæð. Í ræktun er plöntunni sáð á hverju ári. Blöðin eru löng, 50 til 100 sentimetrar, og mjó, 2 til 2,5 sentimetrar, blómin vindfrjógandi og fræin æt. Fræin vaxa á öxum og misjafnt er eftir afbrigðum hversu mörg grjón hver planta gefur þar sem öxin eru mismörg eftir afbrigðum. Þegar best lætur getur ein planta þroskað allt að 2000 grjón.

Aðlögunarhæfni plöntunnar ræðst að hluta til af því hversu vel þróað loftæðakerfi hennar er og því getur hún hæglega flutt súrefni frá blöðum til róta jafnvel þótt plantan standi hálf á kafi í vatni. Ættkvíslin *Oryza* skiptist í 23 tegundir og eru *O. sativa* og *O. glaberrima* mest ræktaðar, sú fyrrnefnda í Asíu en sú síðarnefnda í Vestur-Afríku. Í Asíu hefur *O. sativa* þróað í hundruð ef ekki þúsundir undir- og deilitegunda en algengastar eru *indica*, *japonica* og *javanica* sem eru nefndar eftir upprunalegum vaxtarstað.



Hrísgjón eru gríðarlega mikilvæg fæða því meira en einn fimmti allra hitaeininga sem jarðarbúar neyta koma úr hrísgjónum.

O. sativa þrífst betur þar sem úrkoma er meiri og plantan oftast ræktað á flæðiökum sem hafa verið hólfaðir niður og eru undir 5 til 10 sentímetrum af vatni vegna stíflugerðar. Áætluð vatnsnotkun *O. sativa* til framleiðslu á einu kíló af

hrísgjónum eru 2000 lítrar.

O. glaberrima þolir meiri þurrk og hefur ræktun hennar sótt verulega á víða í Afríku undanfarin ár.

Líkt og í annarri einræktun herja margs konar sjúkdómar og skordýr á plönturnar auk þess sem

sveppasýking á fótum er algeng hjá þeim sem vinna á ökrunum og standa í vatni allan daginn. Fyrr á tímum voru hrísgjónaakrar eldisstöðvar fyrir moskítóflugur og malaríu sem breiddist út með henni.

Fiskeldi á flæðiökrunum er

sums staðar hliðarbúskapur með hrísgrjónaræktinni.

500 milljón tonn

Hrísgrjón eru þriðja mest ræktaða planta í heimi á eftir hveiti og maís og nam heimsframleiðsla á þeim árið 2013 tæpum 500 milljón tonnum og þar af rækta Kínverjar rúmlega 200 þúsund tonn. Meðalframleiðsla á hektara er rúm 4,5 tonn en í Ástralíu þar sem hún er mest er uppskeran yfir 10 tonn á hektara.

Til samanburðar er þorskkvóti Íslendinga fyrir fiskveiðiárið 2014 til 2015 218 þúsund tonn.

Af öðrum löndum sem framleiða mikið af hrísgrjónum má nefna Indland, Indónesíu, Víetnam, Taíland, Brasilíu og Japan. Langstærstur hluti hrísgrjónaframleiðslu þessara ríkja er ræktaður af smábændum og fer til manneldis innanlands. Þar sem mest er neytt af hrísgrjónum er hún um 500 grömm á dag en meðalneysla Evrópubúa er um þrjú kíló á ári.

Taíland er stærsti útflytjandi hrísgrjóna í heiminum og flytur út um átta milljón tonn á ári, Víetnam er í öðru sæti með tæp fjögur þúsund tonn og Bandaríkin í því þriðja og flytur út tæp þrjú milljón tonn á ári.

Japanir framleiddu svo mikið af hrísgrjónum á tímabili að það hlóðst upp hjá þeim hrísgrjónafjall ekki ósvipað kjötfjalli Íslendinga á níunda áratugnum.

Land sem notað er í heiminum undir hrísgrjónarækt er áætlað um 160 milljón hektarar, sem gerir Ísland að hálfgerðu hrísgrjóni í samanburði, en flatarmál Íslands er um 10.400 hektarar.

Landbrot, rotnun jurtaleifa og losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið vegna hrísgrjónaræktunar er svo mikil að hún er talin ein af ástæðum hlýnunar jarðar.

Tímafrek ræktun

Hrísgrjónarækt er víðast hvar tímafrek og krefst mikils mannskapar. Þar sem hrísgrjón eru ræktað í vatni er plöntunum plantað og þær uppskornar með höndum. Plægja þarf akrana, halda við áveitum, forrækta plöntur af fræi til útplöntunar, sem tekur 25 til 50 daga, og sinna þeim yfir vaxtartímann. Vinnan við ræktunina er því yfirleitt á félagslegum grunni þar sem allir íbúar samfélagsins vinna saman og deila uppskerunni. Algengur vaxtartími er 90 til 180 dagar og því hægt að fá tvær uppskerur á ári þar sem veðurfar er hagstætt.

Þrátt fyrir að hrísgrjónarækt sé langmest í Asíu er einnig talsvert um hana í nokkrum löndum Afríku, Mið-Austurlöndum og Suður-Ameríku.

Brún hollari en hvít

Grjón mismunandi afbrigða eru misstór og mismunandi á litinn. Algengast er að skipta hrísgrjónum eftir stærð; löng, miðlungs og stutt. Löng hrísgrjón halda lögun sinni betur en önnur við suðu en miðlungs klessast meira. Miðlungsstór hrísgrjón henta vel í risotto en stutt í hrísgrjónagraut.

Munurinn á brúnum eða rauðum og hvítum hrísgrjónum fest í því að þau síðarnefndu eru meira unnin og ekki er búið að taka hismið af þeim brúnu. Rannsóknir benda til að brún hrísgrjón séu hollari en hvít og innihaldi meira af vítamínum, trefjum og steinefnum en hvít.

Einn af kostunum við hrísgrjón sem matar er að þau geymast vel sé þeim haldið þurrum. Hrísgrjón sem mulin eru í hveiti gera brauð stökkt við bakstur.

Keisarinn sem borðaði svínafóður

Gömul kínversk saga segir frá keisara sem ekki vildi borða annað en hvít hrísgrjón og lét hann gefa svínunum hismið. Eftir nokkra



Tailand er stærsti útflytjandi hrísgrjóna í heiminum og flytur út um átta milljón tonn á ári.



O. sativa þrífst betur þar sem úrkoma er meiri og plantan oftast ræktauð á flæðiökrum sem hafa verið hólfaðir niður og eru undir 5 til 10 sentimetrum af vatni vegna stíflugerðar.



Hversu mörg grjón hver planta gefur er mismunandi eftir afbrigðum. Þegar best lætur geta það verið 2.000 grjón.

mánuði var keisarinn aðframkominn af næringarleysi en svínin stálhraust og pattaraleg. Kokkur keisarans ráðlagði honum að borða hýðishrísgrjón til að ná heilsu. Eftir það var hann þekktur sem keisarinn sem borðaði svínafóður.

Krankleiki keisarans gæti hæglega hafa stafað af

næringarefnaskorti, aðallega skorti á B1 vítamíni, og kallast beriberi og lýsir sér í máttleysi. Talsvert fór að bera á þessum sjúkdómi eftir að Asíubúar drógu saman neyslu á brúnum hrísgrjónum seint á nítjándu öld.

Í Asíu eru hrísgrjón tákn um frjósemi og velgengni

hrísgrjónum yfir brúðhjón.

Meira en matur

Auk þess að vera dagleg fæða hundruð milljóna manna um allan heim eru hrísgrjón og hálmur af honum meðal annars notuð til að vefa kaðla, í fatnað og pappír, snyrtivörur, tannkrem og til vín- og bjórgerðar. Dæmi um vín og bjór sem búið er til úr hrísgrjónum eru sake og bandarískur Budweiser.

Villihrísgrjón

Hrísgrjón eins og við þekkjum þau hafa verið í ræktun í mörg þúsund ár og því má ekki rugla þeim saman við það sem eru kölluð villihrísgrjón og er planta sem er skyldari höfrum en hrísgrjónum. Hafrarnir sem kallaðir eru villihrísgrjón eru af grastegund sem er upprunnar í Norður-Ameríku og kallast Zizania aquatica. Líkt og O. sativa líður þeirri plöntu best í grunnu vatni.

Indíánar í Miðvesturríkjum Bandaríkjanna þekktu plöntuna vel og nýttu hana sér til matar. Í dag er hún ræktað í suðurríkjum Bandaríkjanna á svipaðan hátt og hrísgrjón og hafrarnir seldir sem villihrísgrjón og heilsuvara.

og endurspeglast sú trú á Vesturlöndum í þeim sið að henda

Nova X-Dry

-rakadrægt og sótthreinsandi

Einstakt undirburðarefni fyrir stíur og bása

- Þurrkar
- Eyðir lykt
- Sótthreinsar
- Minnkar hættu á sýkingu
- Dregur úr vaxtar-skilyrðum skordýra

Nova X-Dry getur innbyrt allt að tvöfalda þyngd sína af raka

Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 415 4000
Opíð: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00

Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2014

Sigurður Kristjánsson
Skýrsluhald

sk@rml.is

Guðmundur Jóhannsson
Ábyrgðarmaður í
nautgriparækt
mundi@rml.is

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkurframleiðslunni 2014 hafa verið reiknaðar og voru birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is, þann 23. janúar sl. Hér á eftir verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.

Þeir framleiðendur sem skiluðu upplýsingum um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 579 en á árinu 2013 voru þeir 584. Niðurstöðurnar eru þær helstar að 23.861,3 árskýr skiluðu 5.721 kg nyt að meðaltali. Það er hækkan um 100 kg frá árinu 2013 en þá skiluðu 22.509 árskýr meðalnyt upp á 5.621 kg. Að þessu sinni voru meðalafurðir mestar í A-Skaftafellssýslu 6.302 kg eftir árskú. Þar með hafa A-Skaftfellingar velt Skagfirðingum úr toppsætinu en á árinu 2013 voru meðalafurðir mestar þar eða 5.976 kg eftir árskú. Meðalbústærð í árskúm talið jókst umtalsvert milli ára, eða úr 38,5 í 41,2. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 54,2 kýr en 2013 reiknuðust þær 52,8.

Ástæður þessarar miklu stækkunar búa þarf vart að orðlengja um. Á árinu var aukning í sölu á mjólk og mjólkurafurðum með ólíkindum og mjólkuriðnaðurinn greiddi fullt afurðastöðvaverð fyrir alla innlagða mjólk. Bændur voru hvattir til framleiðslu, og eru enn, og afleiðingin varð mikil aukning í innvigtun auk þess sem mikið dró úr förgun kúa. Á þessu ári er svo ekki útlit fyrir annað en að enn þurfi að bæta í þar sem greiðslumark mjólkur var aukid um 15 milljónir lítra, úr 125 millj. í 140 millj. Með hliðsjón af því að heildarmjólkurframleiðsla síðasta árs nam ríflega 133 millj. lítra er ljóst að til þess að fylla greiðslumarkid þarf enn að auka framleiðsluna um 7 millj. lítra. Hvernig til tekst kemur í ljós á komandi mánuðum en ljóst er að sú aukning verður ekki borin uppi af fjölgun gripa og seinkun á förgun í sama mæli og var á síðasta ári. Okkur er því að öllum líkindum nauðugur einn sá kostur að auka afurðir á hvern grip.

Mestar meðalafurðir voru í Austur-Skaftafellssýslu

Þegar litið er á niðurstöður eftir svæðum kemur í ljós að í A-Skaftafellssýslu eru meðalafurðir mestar, 6.302 kg eftir árskú og er afurðaaukning þar milli ára ein 334 kg á árskú. Í öðru sæti eru Skagfirðingar með 5.932 kg eftir árskú og þriðja sætið verma Snæfellingar en þar skilaði árskýrin að meðaltali 5.925 kg. Stærst voru búin í Eyjafirði, 51,4 árskýr en minnst í Vestur-Skaftafellssýslu 25,1 árskú.

Mestar afurðir á einstökum búum árið 2014 voru á Brúsastöðum í Vatnsdal

Mest meðalnyt eftir árskú á nýliðnu ári, 2014, var á búi Brúsa ehf. á

Ársuppgjör 2014													
Uppgjörssvæði	Árskýr	Afurðir á árskú	Fita %	Prótein %	Heilsárs-kýr	Kýr á skýrslu	Í skýrslu-haldi í des. 2014	Skiluðu skýrslum í des. 2014	Skiluðu skýrslum 2014	Skrá kjarn-fóður	Kjarnf. á árskú kg	Meðal bústærð (árskýr)	Meðal bústærð (skýrslu-f-kýr)
Kjalarnesþing	286,4	4.971	3,94	3,26	206	367	7	7	7	2	1.124	40,9	52,4
Borgarfjörður	1.864,7	5.633	4,11	3,32	1.284	2.469	48	47	48	28	756	38,8	51,4
Snæfellsnes	643,2	5.925	4,26	3,32	465	846	20	19	21	8	776	30,6	40,3
Dalasýsla	353,5	5.161	4,15	3,32	251	464	10	10	10	5	799	35,4	46,4
Vestfirðir	653,6	4.975	4,08	3,30	449	814	19	18	19	11	820	34,4	42,8
Húnavatnssýslur og Strandir	1.372,1	5.701	4,02	3,32	961	1829	45	45	45	30	928	30,5	40,6
Skagafjörður	2.318,0	5.932	4,16	3,39	1.651	3.048	50	49	50	34	945	46,4	61,0
Eyjafjörður	4.622,0	5.694	4,23	3,38	3.319	6.049	90	90	90	49	688	51,4	67,2
Suður-Þingeyjarsýsla	1.419,5	5.740	4,18	3,41	999	1.852	54	54	54	27	661	26,3	34,3
Austurland	941,2	5.783	4,19	3,39	684	1.243	23	23	23	15	860	40,9	54,0
Austur-Skaftafellssýsla	411,5	6.302	4,03	3,35	307	535	10	10	10	6	1.286	41,2	53,5
Vestur-Skaftafellssýsla	727,0	5.259	4,10	3,35	515	1018	27	26	29	12	514	25,1	35,1
Rangárvallasýsla	3.380,3	5.673	4,17	3,36	2.471	4.457	72	72	72	21	690	46,9	61,9
Árnessýsla	4.868,5	5.880	4,09	3,36	3.445	6.404	100	100	101	50	909	48,2	63,4
Samtals	23.861,3	5.721	4,14	3,36	17.007	31.395	575	570	579	298	799	41,2	54,2

Brúsastöðum í Vatnsdal, A-Hún., 7.896 kg á árskú. Það bú var einnig með mestar meðalafurðir á árinu 2013. Annað búið í röðinni árið 2014 var Félagsbúið í Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum, Rang. en þar var nytin 7.832 kg eftir árskú. Þetta bú var hið þriðja í röðinni árið áður. Þriðja í röðinni við uppgjörið nú var bú Kristjáns Hans Sigurðssonar í Lyngbrekku 2 á Fellsströnd í Dalasýslu en þar var meðalnyt árskúnna 7.807 kg. Í fjórða sæti var bú Péturs Friðrikssonar á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd í Eyjafirði þar sem meðalafurðir árskúnna voru 7.744 kg. Fimmta búið var Félagsbúið á Espihóli í Eyjafirði en meðalnytinn þar var 7.701 kg eftir árskú. Að öðru leyti vísast í meðfylgjandi töflu.

Meirihluti þeirra búa, sem hér hafa verið talin, fannst á hliðstöðum lista fyrir ári síðan og þau þeirra sem ekki voru í 10 efstu sætumum þá mátti finna fljótlega þar á eftir á fyrrnefndum listan yfir afurðahæstu búin árið 2013, þannig að hér eru þeim sem til þekkja öll nöfn kunnugleg. Á 31 búi reiknaðist meðalnyt árskúa yfir 7.000 kg árið 2014 en 26 bú náðu því marki árið 2012.

Laufa nr. 1089 í Flatey mjólkaði mest

Nythæsta kýrin á skýrsluhaldsbúunum árið 2014 var Laufa 1089 í Flatey á Mýrum við Hornafjörð, undan Fróða 96028, en hún mjólkaði 13.121 kg með 3,33% fitu og 3,19% prótein. Laufa er fædd í Einholti í Hornafirði þar sem hún mjólkaði vel fram á sitt annað mjólkurskeið. Burðartími Laufu féll að þessu sinni vel að almanaksárinu en hún bar sínum áttunda kálfi 19. des. 2013. Laufa er gríðarmikil mjólkurkýr, fór hæst í 48,6 kg dagsnyt á liðnu ári og skráðar æviafurðir hennar voru 68.997 kg um síðustu áramót en sinn fyrsta kálf átti hún 12. maí 2006, þá þá rétt ríflega tveggja ára. Önnur í röðinni árið 2014 var Styttta 336 á Kotlaugum í Hrunamannahreppi, Árn., undan Öðlingi 03002 en hún mjólkaði 12.700 kg með 4,19% fitu

	Afurðahæstu búin að meðaltali á árskú 2014		Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
	Bú - árslok 2014	Skýrsluhaldarar		
1	560112 Brúsaðaðir	Brúsi ehf	49,3	7.896
2	860103 Ytri-Skógar	Félagsbúið	22,0	7.832
3	380184 Lyngbrekka	Kristján Hans Sigurðsson Lyngbrekku 2	11,1	7.807
4	660104 Gautsstaðir	Pétur Friðriksson	71,6	7.744
5	651005 Espihóll	Félagsbúið Espihóli	60,1	7.701
6	370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	26,8	7.636
7	570314 Sólheimar	Valdimar Óskar Sigmarsson	33,5	7.546
8	380127 Lyngbrekka	Sigurður og Bára Lyngbrekku	44,4	7.507
9	660519 Stóru-Tjarnir	Stóru-Tjarnir ehf	44,2	7.491
10	650813 Syðri-Bægisá	Helgi Bjarni Steinsson	35,1	7.483

Afurðahæstu kýrnar 2014			Ársafurðir kg	Prótein	Fita	Bú
	Kýr	Faðir				
1	1600821-1089 Laufa	96028 Fróði	13.121	3,19	3,33	770190 Flatey
2	0336 Styttta	03002 Öðlingur	12.700	3,40	4,19	871022 Kotlaugar
3	0324 Drottning	98027 Fontur	12.567	3,30	4,69	350812 Geirshlíð
4	0361 Agla	98052 Þrasi	12.261	3,29	4,06	570823 Viðvík
5	0306 Ausa	97032 Þverteinn	12.198	3,15	3,50	570925 Garðakot
6	0407 Tröð	06010 Baldi	12.193	3,37	4,00	871019 Túnsberg
7	0352 Huppa	97010 Stígur	12.089	3,23	4,10	651125 Kálfagerði
8	1637301-0417	98027 Fontur	11.769	3,29	3,08	860282 Eystra-Seljaland
9	446	0375 Blesi	11.717	3,53	5,04	350812 Geirshlíð
10	0157 Bomba	0094 Indriði	11.672	3,34	3,74	570322 Hóll
11	1600821-1294 Flóra	00035 Náttfari	11.613	3,04	3,34	770190 Flatey
12	724	06007 Karri	11.593	3,46	4,68	651005 Espihóll
13	0646 Ljómaland	0557 Boli	11.327	3,19	3,74	650926 Moldhaugar
14	1345101-1055 Ljómaland	06043 Töfri	11.294	3,11	3,95	350802 Ásgarður
15	0182 Bára	05032 Stjarni	11.230	3,14	4,82	870903 Hagi 1
16	0425 Mykja	06042 Mikki	11.223	3,35	3,36	870117 Dalbær
17	1123 Huppa	01031 Kappi	11.170	3,30	4,19	870650 Stóra-Ármót
18	0379 Blessun	98052 Þrasi	11.139	3,19	3,62	770188 Árbær
19	0484 Hekla	05014 Renningur	11.126	3,12	4,44	360425 Helgavatn
20	0485 Þruma	02003 Lykill	11.116	3,17	3,89	570925 Garðakot
21	0397 Tóta	05028 Vindill	11.081	3,57	4,71	650813 Syðri-Bægisá
22	0589 Blesgæs	06040 Reykur	11.025	3,17	3,68	660217 Nes

Mestar afurðir á hverju svæði			Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
Uppgjörssvæði	Bú - árslok 2014	Skýrsluhaldarar		
Kjalarnesþing	260111 Miðdalur	Guðmundur og Svanborg, Miðdal	25,7	6.757
Borgarfjörður	350191 Eystri-Leirárgarðar	Eystri-Leirárgarðar ehf	43,1	7.165
Snæfellsnes	370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	26,8	7.636
Dalasýsla	380184 Lyngbrekka	Kristján Hans Sigurðsson Lyngbrekku 2	11,1	7.807
Vestfirðir	480204 Botn 2	Björn og Svavar	63,2	7.217
Húnavatnssýslur og Strandir	560112 Brúsaðaðir	Brúsi ehf	49,3	7.896
Skagafjörður	570314 Sólheimar	Valdimar Óskar Sigmarsson	33,5	7.546
Eyjafjörður	660104 Gautsstaðir	Pétur Friðriksson	71,6	7.744
Suður-Þingeyjarsýsla	660519 Stóru-Tjarnir	Stóru-Tjarnir ehf	44,2	7.491
Austurland	761412 Núpur	Björgvin Rúnar Gunnarsson	60,7	6.882
Austur-Skaftafellssýsla	770188 Árbær	Sæmundur Jón Jónsson	48,2	6.938
Vestur-Skaftafellssýsla	850319 Austurhlíð	Guðgeir Sumarliðason	23,7	6.884
Rangárvallasýsla	860103 Ytri-Skógar	Félagsbúið	22,0	7.832
Árnessýsla	870934 Gunnbjarnarholt	Arnar Bjarni og Berglind	109,9	7.287

og 3,40% prótein. Þriðja nythæsta kýrin var Drottning 324 í Geirshlíð í Flókadal í Borgarfirði, undan Fonti 98027, en nyt hennar á árinu var 12.567 kg með 4,69% fitu og 3,30% prótein. Fjórða nythæsta kýrin var Agla 361 í Viðvík í Viðvíkursveit í

Skagafirði, dóttir Þrasa 98052 en hún mjólkaði 12.261 kg með 4,06% fitu og 3,29% prótein. Fimmta í röðinni var Ausa 306 í Garðakoti í Hjaltadal í Skagafirði, undan Þverteini 97032, en hún skilaði 12.198 kg á árinu með 3,50% fitu og 3,15% prótein. Alls

skiluðu 22 kýr afurðum yfir 11.000 kg, 7 yfir 12.000 kg og þar af ein, fyrrnefnd Laufa, yfir 13.000 kg. Árið 2013 náðu 8 kýr nyt yfir 11.000 kg.

Mjólkurframleiðendum óskum við til hamingju með ágætán árangur og þökkum samstarfið á liðnu ári.



Afkvæmarannsóknir á hrútum haustið 2014

Á tveim síðustu áratugum hafa orðið undraverðar framfarir hjá íslensku sauðfé í kjöttgæðum, öðru fremur vegna markviss ræktunarstarfs á því sviði. Við upphaf þessa tímabils koma tvö feikilega mikilvirk tæki til notkunar, fyrst ómsjáin 1990 og síðan EUROP kjötmatið 1998.

Þegar breytingin á kjötmatinu kom þá bar okkur gæfa til að sameina afurðir þessara tveggja verkfæra í eitt vopn, afkvæmarannsóknir fyrir kjöttgæðum hrúta. Viðbrögð bænda við þessum breytingum urðu mjög jákvæðar og þeir komu strax til starfa þarna í stórum hópum. Þarna byggðum við á eldri grunni frá traustu skýrsluhaldi og dreifðum afkvæmarannsóknum sem áður hafði verið unnið að um áratuga skeið.

Umfangið varð fljótt feikilega mikið og skipti fjöldi búa sem tók þátt í starfinu þegar mest var hundruðum og afkvæmahópar sem fengu sinn dóm voru á þriðja þúsund á ári. Mjög margar af stjörnum ræktunarstarfsins á síðasta einum og hálfum áratug voru uppgötvaðar í þessum rannsóknum. Áhrifin af þessu starfi og öðrum þáttum ræktunarstarfsins blasa í dag alls staðar við.

Í haust voru þessar afkvæmarannsóknir unnar á samtals 115 búum og voru það 1.258 afkvæmahópar sem þar fengu sinn dóm. Voru þær dreifðar um allt land þó að eins og áður sé þátttaka almennust á Vestur- og Norðurlandi.

Rífjum aðeins upp grunnþætti framkvæmdarinnar. Hún er tvíþætt. Annars vegar eru lifandi lömb þar sem byggt er á niðurstöðum ómsjár-mælinga og stigun lambanna fyrir læri og ull. Reiknað er með að lágmarki átta lömbum af sama kyni með þessar upplýsingar. Hinn hlutinn er kjötmatshlutinn þar sem niðurstöður úr kjötmati úr sláturhúsi eru lagðar til grundvallar og þurfa þær að vera fyrir hendi fyrir að lágmarki 15 sláturlömb, en eins og menn þekkja er ekki óalgengt að þau séu á bilinu hálf til heilt hundrað. Reiknuð er sér einkunn fyrir hvorn hlutann í rannsóknninni og heildareinkunn hrútsins síðan mynduð sem beint meðaltal þeirra beggja.

Af hópunum haustið 2014 voru 147 eða 12% þeirra með 120 eða meira í heildareinkunn en samsvarandi hlutfall 2013 var 10,5%. Mikið af hrútum þessum eiga stöðvarhrúta sem feður eða 53% og hafði lítilliga aukist frá árinu áður. Þetta dreifist á mikinn fjölda hrúta og feður topphrútanna dreifast mikið, talsvert breytt frá þeim tíma sem Kveikur 05-965 og Raftur 05-966 voru og hétu og synir þeirra fylltu alla slíka lista. Að þessu sinni átti Grábotni 06-833 talsvert flesta syni eða 53. Hæsta hlutfall sona sem klifu 120 stiga múrinn áttu hins vegar þeir Borði 08-838 og Gosi 09-850 en um fjórðungur sona hvors þeirra náði þeim mörkum.

Efstu fimm hrútar yfir allt landið og þeir sem náðu 150 stiga heildar-einkunn má sjá í meðfylgjandi töflu: Hér á eftir skal gerð örstutt grein fyrir þessum höfðingjum:

Lömbin undan Barða sýna mjög afgerandi yfirburði í bakvöðvapykk og læraholdum og lömbin sem í sláturhús fara hafa mikla yfirburði í kjötmatsniðurstöðum. Mögulega truflar það eitthvað niðurstöðurnar hjá lambahópunum að þetta eru allt gemlingslömb. Barði er undan Gaur 09-879 og móðurfaðir hans er Kjarkur 08-840 þannig að æternisgrunnur hans með tilliti til dætraeiginleika ætti ekki síður að vera sterkur.

Lömbin undan Krapa eru með gríðarlega góða vöðvafyllingu á baki og enn frekar í lærum. Hjá sláturlömbunum endurspeglast



Barði 13-333 á Leiðólfssstöðum í Laxárdal. Mynd / Steinunn Ósk Jóhannsdóttir



Krapi 13-331. Mynd / Ásgeir Sveinsson.

þetta í frábæru mati fyrir gerð og sláturlömbin eru fitulítill. Rétt er að taka fram að afkvæmahópurinn undan honum var mjög stór. Faðir Krapa, Gullmoli 08-314 frá Broddan-nesi 1, var einstök kynbótakind sem átti marga fleiri sterka hrúta í rannsóknninni en móðurfaðir hans er frá Hafnardal undan Roða 05-507. Niðurstöður og ætterni lúta að því að skoða Krapa strax sem efni í stöðvarhrút.

Yfirburðir Kúða í mati sláturlambanna fyrir gerð eru ákaflega sjaldséðir og hópur lifandi lambanna var glæsilegur hópur af vöðvastæltum og öflugum lömbum. Faðir Kúða, Byrsson 11-010, kom frá Sandfellshaga 2 í Öxarfirði sonur Byrs 08-283 á Þverá og móðurföðurfaðir hans er Raftur 05-966. Ástæða er til að geta þess að mikill meirihluti lambanna í afkvæmahópnum voru undan tvævetrum þannig að mögulega hefur það einhver truflandi áhrif á niðurstöður.

Eins og á síðasta ári er Messi efstur á Heydalsá þó að yfirburðir hans úr skoðun lifandi lambanna séu ekki jafn ótrúlegir og þá. Lömbin núna hafa samt gífurlega yfirburði í bakvöðvapykk og lærahold einnig gríðarmikil. Flokkun lambanna er einnig frábær, gerðin einstök og fita lítill. Eitt einkenni lambanna undan Messa er að þau eru líklega lágfættari en dæmi mun um fyrir slíka lambahópa. Þessi undrakind kemur frá Bæ í Árneshreppi og er sonur Borða 08-838 en móðurfaðir hans Fróði 04-963.

Hrútur 13-097 er með lambahóp sem ber verulega af á báðum þáttum rannsóknarinnar en mestu yfirburðir lambanna eru í þykkum bakvöðva og prýðilega góðum læraholdum. Þessi hrútur er sonur Rafals 09-881 en móðurætt hans úr ræktun heima-búsins.

Rétt er að benda lesendum á að allar niðurstöður afkvæmarannsókna á samt umsögnum um bestu afkvæmahópna má sjá á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðar-ins (rml.is). Hvetjum við alla til að kynna sér það. Ýmislegt fróðlegt um ræktunarstarfið í dag er þar að finna.

Kröfur í sambandi við framkvæmd afkvæmarannsókna er verið að auka. Til að þær þjóni

sem best tilgangi sínum þegar þeim er beint að kjöttgæðum eins og í þessu tilfelli þá verður þungi rannsókna

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjöt-mat	Lif/lömb	Heild	Býli
Barði	13-333	Gaur	09-879	125,8	191,7	158,8	Leiðólfssstöðum, Laxárdal
Krapi	13-331	Gullmoli	08-314	148,3	157,7	153,0	Innri-Múla, Barðas-trönd
Kúði	12-002	Byrson	11-010	153,4	150,8	152,1	Árholti, Tjörnesi
Messi	12-108	Borði	08-838	134,4	167,9	151,2	Heydalsá, Tungusveit
Rafall	13-097		09-881	137,8	163,4	150,6	Sigmundarstöðum, Þverárhlíð

að beinast að veturgömlu hrútunum. Til að ná mestum árangri skiptir öllu að geta dæmt þá strax veturgamla fyrir þennan eiginleika. Bændur sem stunda ræktun af kappi eiga að líta á þetta sem sjálfsagðan verkþátt og niðurstöðurnar á að fá strax og nota við ásetning gimbra að haustinu. Miklu verðmætara er að setja á dætur þeirra hrúta sem eiga að vera í ræktunarstarfinu í framtíðinni á heldur en þeirra sem fallnir eru þar út.

Afkvæmarannsóknina þarf að skipuleggja vel. Hóparnir þurfa að vera sem jafnastir gagnvart utanaðkomandi þáttum sem geta haft áhrif á niðurstöður. Niðurstöðurnar þurfa að endurspeгла sem allra mest af þeim mun sem er á milli hópanna sjálfra. Hér má benda

á truflandi þætti eins og þegar afkvæmahóparnir eru aðeins undan einum flokki áa; gemlingum, tvævetlum eða gamalám og dæmi koma fram um þetta í sambandi við topphrútana hér að framan. Á stórum fjárbúum þar sem þarf að nota þrjá eða fleiri hrúta á slíkan hóp áa (oftast gemlingana) þá er að vísu alveg mögulegt að hafa þá sem hóp innan rannsóknarinnar vegna þess að glöggva má sig á samanburði þessara hrúta hvern við annan.

Nú er kominn sá tími að bændur þurfi að vanda sem mest framkvæmd rannsóknanna til að geta tryggt sem skjólastan og mikinn árangur. Reynslan hefur þegar kennt okkur að kerfið getur skilað ótrúlega miklu þegar vinnubrögð eru vönduð og rétt. /E.E., E.I.B., J.V.J.

Búnaðarstofa

Lýsingarbúnaður í gróðurhúsum

Veittir eru styrkir til uppsetningar á lýsingarbúnaði samkvæmt aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og reglugerð nr. 1178/2014, VIÐAUKA I, Verklagsreglur um úthlutun styrkja vegna uppsetningar á lýsingarbúnaði.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en

1. mars 2015. Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Kristinsdóttir í síma 563 0300 og á ak@bondi.is

Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Vatnsveitur á lögbýlum

Veittir eru styrkir úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum í dreifbýli samkvæmt reglugerð nr. 973/2000 með síðari breytingum.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 1. mars

2015. Með umsókn skal fylgja staðfest kostnaðar- og framkvæmdaáætlun.

Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu. Nánari upplýsingar veitir Guðrún S. Sigurjónsdóttir í síma 563 0300 og á gss@bondi.is

Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Styrkir til frumbýlinga í sauðfjárrækt

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt samkvæmt ákvæðum núgildandi sauðfjársamnings og reglugerð nr. 1100/2014, VIÐAUKA IV, Verklagsreglur um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 1. mars

2015. Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu. Nánari upplýsingar veitir Guðrún S. Sigurjónsdóttir í síma 563 0300 og á gss@bondi.is

Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum Bændatorgið.





Avókat, avóköt – lárpera, sigurpungur, smjöraldin?

Fyrstu kynni sem Evrópumenn höfðu af avókatávextinum var á fyrstu áratugum eftir landtöku Spánverja í Mexíkó. Spænski landkönnuðurinn og sæfarinn Fernández de Enciso getur þeirra í samantekt um ferðir sínar um löndin við Karíbahaf. Sú samantekt var prentuð og gefin út árið 1519.

Elstu heimildir um avóköt eru samt fundur ríflega tólf þúsund ára gamalla avókatasteina í mannvistarleifum sem komu fram við uppgröft í helli í Púeblahéraði í suðaustanverðu Mexíkó. Avóköt mega því teljast með í fyrsta hópi þeirra nytjaplantna sem mannkynið hefur tileinkað sér og þróað að þörfum sínum og kröfum.

Íslenskt heiti

Nafnið avókat, ft. avóköt, mun vera komið úr máli Nahuatl-fólksins líkt og heitin tómatur og súkkulaði og er því fyllilega hæft tökuorð í íslensku eins og það er í öðrum Evrópumálum. Merking heitisins kemur úr nahuatl-málinu „a wakat“ sem þýðir eiginlega „eðaleista“ – eða jafnvel, svo gripið sé til götustrákamáls, „sigurpungur“. Reynt hefur verið að klína íslenska heitinu „lárpera“ á þennan eðalávöxt og það á sennilega ætt að rekja til þeirrar germönsku málhreinsunarstefnu sem vinsæl var rétt fyrir og um miðbik síðustu aldar, upptekið eftir þýskunnar „Laurbirne“. Það orð stóð stutt við í þýskum orðasöfnum eftir að velgengni Þriðja ríkisins seig í valinn. Nú segja þýskir „Avocado“ fullum fetum og skammast sín ekkert fyrir það. Líklega væri „smjöraldin“ betra nafn ef við endilega viljum íslenska öll heiti.



Avókat - heilt og skorið.

Einföld Guacamole-sósa

Ídýfa fyrir 5–6 manna boð

- 4 stk. þroskuð avóköt, afhýdd, fræhreinsuð og skorin í smáa bita
- 1 tsk. sítrónusafi
- ½ meðalstór eða 1 lítill laukur finsaxaður
- 1 til 2 vel þroskaðir tómatar smáskornir, án fræja
- Salt og pipar eftir smekk

1. Stappið avókötin með sítrónusafanum saman í skál, ekki mauka of mikið.
2. Hraerið síðan lauk og tómötum saman við.
3. Borið fram strax.

Þessa uppskrift má krydda með ótalmörgu ef óskað er eftir sterkari viðbrögðum bragðlaukanna: cayenne-pipar (eldpaprika), hvítlaukur, kóríander, steinselja o.s.frv. eru góð tilbrigði.

Notað sem ídýfa með kexi eða viðbit með MEX-mat.

Frá tímum risaeðlnanna

Avókatættkvíslin, Persea, er af lárviðarætt og til hennar teljast um 150 tegundir, flestar dreifðar um hina heittempruðu regnskóga Mið- og Suður-Ameríku. Aðeins eina tegund er að finna á dreifðu svæði við strönd Vestur-Afríku og út til Kanaríeyja. Afganginn, um 80 tegundir, má svo finna í A- og SA-Asíu. Allar hafa þær nokkuð stór aldin og stór fræ, sem bendir til að þróun þeirra hafi orðið snemma í gróðurfarssögunni, á þeim tíma þegar grasbítar voru stærri en þeir eru í dag, jafnvel risaeðlur. Engin tegundanna hefur samt eins stór aldin og sjálft avókatréð, Persea americana. Margir grasafraeðingar telja það vera algjöra ræktunartegund sem þróuð hefur verið með úrvali og kynbótum í þúsundir ára. Sú ályktun er dregin af því að þegar fræjunum er sáð spretta upp margvíslegar arfgerðir, oft mjög ólíkar þótt fræin hafi öll komið af sama tré. Einnig er sjaldgæft að finna það „villt“ nema sem eftirhreytur í horfnum mannabygðum.



Vöxtur og blómgun

Avókatréð er dálítið fornescjulegt í vaxtarlaginu, þybbið með þykkum greinum og stórum, leðurkenndum laufblöðum. Blómin eru fremur smá og óásjáleg með smáum, gulleitum krónublöðum. Blómin eru tvíkynja, en þegar blómin springa út eru það bara frævurnar sem eru virkar fyrst um sinn og taka við frjódufti frá nærliggjandi trjám. Fræflarnir fara ekki í gang fyrir en frævurnar eru búnar að ljúka sér af. Með þessu móti er komið í veg fyrir sjálffrævun. Og ekki þykir þeim þetta nóg, því sum trjáanna blómgast bara á morgnana en önnur bara á kvöldin.

Morgungerðin opnast á morgnana og höfða til fiðrilda og kólíbrífugla með því að vera aðeins stærri. Hin gerðin opnast á kvöldin og stólar á næturfiðrildi og leðurblökur sem frjóbera. Þau eru ekki eins stór og áberandi en bæta það upp með sætari ilmi og þéttari samsetningu blómasafans.

Ræktun og loftslag

Ræktun á avókattrjám er bundin við heittempruð lönd. Ef næturhiti fer niður fyrir 18°C um blómgunartímamann ná blómin ekki að frjóvgast. Þá verður engin uppskera það árið. Trén þurfa frjótt land með jöfnum jarðvegsraka. Upprunalega eru avóköt einkum ræktuð í löndum þar sem ódýrt landrými er í boði og launagreiðslur í lægri kantinum. Ræktuninni hefur víða verið lagt til ámælis að vegna hennar gengur á upprunalega skóga í heittempraða beltinu. En einnig er nokkur avókatrækt við norðanvert Miðjarðarhaf og í Ísrael. Þaðan fáum við oftast avóköt í verslunum á okkar svæði. Og eins frá Suður-Afríku.

Blómgun og þroski

Frá blómgun að uppskeru líða oftast um fimmtán til átján mánuðir. Aftbrigðin eða yrkin eru ótalmörg og mismunandi. Til eru avókatré sem bera aldin sem eru um tvö og hálf kíló að þyngd. En þau eru sjaldséð á heimsmarkaðinum. Venjulega eru avókötin á stærð við gæsaregg eða ögn stærri. Þau geta staðið fullvaxin um nokkra hríð á trjánum. Þroski aldinkjötsins hefst ekki fyrir en búið er að tína aldinin af þeim. Það er gert þegar kominn er föllur litur á aldinstilkinn sem heldur þeim á trjánum. En í stórræktun eru aldinin kæld niður til að tefja þroskunina. Í kæli geymast þau í 40 til 60 daga áður en þau eru tekin fram á söluborð. Þar tekur þroskinn við og geymsluþolið verður þá fremur lítið, í hæsta lagi tveir til þrír dagar við stofuhita. Við innkaup á avókötum úti í búið þarf að gæta þess að þau séu orðin mjúk við aldinfestið, en ekki lin og alls ekki mega vera komnir í þau svartir, innfallnir dilar.

Þrungin hollustu

Avóköt eru meðal hollustu matvæla sem mannkyninu hefur hlotnast. Þau eru þrungin snefilefnum og hollum fitusýrum, andoxunarefnum og allt hvað þetta nú heitir sem er svo gott fyrir kroppinn. Í flestum löndum eru avóköt notuð sem grænmeti í margvíslega ósoðna rétti. Oftast niðurskorin eða marin með ögn af sítrónusafa eða víni til að koma í veg fyrir að aldinkjötið sortni. Hin fræga, mexíkóska guacamole-sósa t.d. inniheldur avókat sem uppistöðu. Hana er einfalt að gera. En svo er líka hægt að spæna avókötin í sig með skeið, krydda kannski með dálitlum sítrónusafa og salti. Og hvað er betra undirlag fyrir rækjusalat en að bera það fram í hálfum avókötum? Avóköt eru líka sögð góð til að bæla slæm kólesteról í blóði sérhvers manns. Hálf avókat á hverjum degi er sagt að sé álíka góður stíflulosari fyrir æðakerfið og vítissódi er fyrir niðurföllin á baðherberginu.



Avókat – sumum finnst gaman að fylgjast með steinunum spíra.



...frá heilbrigði til hollustu

Nýjar reglur um velferð minka

Atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytið gaf nýlega út reglugerð nr. 1277/2014 um velferð minka sem byggist á nýjum lögum um velferð dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Reglugerðin var unnin samkvæmt hefðbundnu verklagi ráðuneytisins við gerð slíkra reglugerða og skipaði ráðuneytið vinnuhóp sem í sátu sérgreinadýralæknir loðdýra hjá Matvælastofnun, fulltrúi Sambands íslenskra loðdýrabænda og fulltrúi frá Dýraverndarsambandi Íslands. Vinnuhópurinn skilaði tillögu til ráðuneytisins sem vann áfram með málið þar til reglugerðin var gefin út.

Ýmis nýmæli má finna í reglugerðinni, sé hún borin saman við fyrri reglugerð en í þeirri var lítið fjallað um aðbúnað dýranna og velferð þeirra, en meiri áhersla var lögð á vörsluheldni minkabúa

í þeim tilgangi að tryggja ákveðna umhverfisvernd. Ný reglugerð fjallar ítarlegar um liðan og aðbúnað minkanna og er þannig mikilvægt skref í átt að bættri velferð, í anda laganna.

Sem dæmi um nýjar kröfur má nefna að umhverfi minka í hefðbundnum búrum skal sérstaklega auðgað með rörum, kubbum, boltum eða öðrum innréttingum sem veita örvun til að bæta liðan dýranna. Sums staðar eru í notkun sk. toppsýlindrabúr sem uppfylla nú þegar þessar kröfur en þau veita dýrunum betra tækifæri en hefðbundin einföld búr til að kanna umhverfi sitt og veita einnig afdrepp þegar fleiri dýr eru saman í búi. Öllum minkabúum ber einnig að hafa sérstaka sjúkradeild þannig að hægt verði að sinna sjúkum eða særðum dýrum á viðunandi hátt.

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði

minka með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði. Tekið er fram að ákvæði í reglugerðinni eru lágmarkskröfur um aðbúnað, bændur geta gengið lengra í að bæta aðbúnað og þannig orðið við áskorunum samfélagsins hverju sinni.

Í eftirliti Matvælastofnunar á minkabúum hefur komið í ljós að minkabændur á Íslandi eru alla jafna með nokkuð líkan aðbúnað á sínum búum, hvað varðar búrastærðir, aðbúnað í hreiðurkassa og notkun á hálmi. Þó eru nokkrir sem hafa kosið að fjárfesta sérstaklega í velferð á undanförunum árum og aðrir sem ekki hafa fylgt starfsbræðrum sínum í því að búa sem best að dýrunum í takt við nýja þekkingu. Reglugerðin mun styðja við jákvæða þróun á öllum búum, enda fer saman góður aðbúnaður og umönnun dýranna við góða afurð.

Reglugerðin er samræmd reglugerðum um velferð annars



búfjár í grundvallaratriðum er varðar aðbúnað og umhirðu, auk opinbers eftirlits og úttekta. Nú er þess krafist að allir sem koma að umönnun minka hljóti að lágmarki grunnþjálfun og fræðslu um eðli og þarfir minka og ber rekstraraðilum að geta lagt fram gögn því til sönnunar. Krafa er því um formlega fræðslu í umönnun minka og eru menntastofnanir og ráðgjafar í landbúnaði hvattir til að bregðast við slíkri eftirspurn.

Fleiri nýmæli er að finna í nýju reglugerðinni, en að lokum er vert að benda á kröfu sem gerð er til minkabænda um tíðni eigin eftirlits með dýrunum og taka þær kröfur mið af þörfum dýranna

fyrir umönnun hverju sinni, sem er mismunandi eftir árstímum og verkefnum á minkabúinu. Með reglugerðinni er sérstakur viðauki varðandi mat á sárum og áverkum og viðmið um hvenær beri að meðhöndla, kalla til dýralækni eða framkvæma neyðaraflífun. Þar sem sár og áverkar geta fljótt orðið alvarlegir er mikilvægt að bændur séu meðvitaðir um það og bregðist hratt og rétt við. Þessir viðaukar auðvelda einnig allt eftirlit með heilbrigði og velferð minkanna.

Sigríður Gísladóttir
Dýralæknir loðdýra
hjá Matvælastofnun

Lesendabás

Varðar reglugerð um velferð nautgripa, sem tók gildi 26. nóvember 2015:

Frekari skýringa óskað

Ég hef verið að skoða þessa nýju reglugerð um velferð nautgripa, sem tók gildi 26. nóvember 2015. Hér eru nokkrar spurningar sem mig langar að varpa til höfunda hennar og óska eftir frekari útskýringum á þeim atriðum.

1. Er búið að lögfesta með þessari reglugerð að einungis fagfólk megi sinna umönnun og vörslu nautgripa? Samkvæmt 4. grein þessara laga sem hljóðar svo: Meðferð og umsjá. 4. gr. Geta, hæfni og ábyrgð. Umráðamaður nautgripa skal sjá til þess að hver sá sem ber ábyrgð á umönnun nautgripa á hans vegum hafi lokið prófi í búfræði frá landbúnaðarskóla, lokið námskeiði í nautgripahaldi viðurkenndu af Matvælastofnun eða hafi starfað við umsjá nautgripa sem nemur tveimur árum í fullu starfi. Námskeiðið skal ná til kennslu um líffræðilegar þarfir og atferli nautgripa, umsjá og aflífun í neyð og löggjöf og reglur er varða velferð dýra. Þýðir þetta að börn bænda mega ekki leysa foreldra af eða sjá um umönnun gripanna, nema með staðfestu leyfi frá Matvælastofnun? Er óheimilt að ráða til starfa fólk sem ekki hefur þessa tveggja ára reynslu af umönnun nautgripa og ef svo er, hvernig er þá hægt fyrir nýja aðila að komast til starfa við umönnun nautgripa? Hver hefur á höndum sér að sjá um að í boði séu námskeið af þeim toga sem um getur í 4. grein og hver ber kostnað við þátttöku á slíku námskeiði? Hversu lengi varir hæfni þátttakanda á námskeiði til að starfa að umönnun nautgripa? Þýðir þessi grein einnig að ef ómenntaður aðili hyggst kaupa bújörð í ábúð og taka þar við búi, í þessu tilfelli nautgripabúi, þá er honum ekki heimilt sjálfum að sjá um búskapinn, heldur verður hann að fá fagmann til verksins, nema að hann fari á viðurkennt námskeið áður en hann tekur við búinu? Starfandi bændur sem ekki

hafa farið á námskeið eða eru með tilhlýðilega menntun, eru þeir undanskildir til framtíðar að fara á slíkt umönnunarnámskeið, eða er von á kvöð þar um fljótlega?

2. 8. gr. Sýningar. Umráðamanni nautgripa er skylt að venja þá við umgengni við menn bæði utan- og innandyra. Umráðamanni nautgrips sem nota á við gerð auglýsinga, kvikmynda, leiksýninga eða við aðrar aðstæður og/eða í umhverfi sem nautgrip er ekki eðlilegt, ber að tilkynna Matvælastofnun um fyrirhugaða notkun eigi síðar en 10 dögum áður en áætluð notkun fer fram. Óheimilt er að hefja notkun fyrr en skilyrði varðandi húsnæði, búnað, notkun og þekkingu eru uppfyllt og hafa verið staðfest af Matvælastofnun að lokinni úttekt. Þýðir þetta að það er heimilt að taka myndir og hreyfimyndir af nautgripum í sínum venjulegu aðstæðum án heimildar MAST, svo sem í fjósi og í haga, en ef þeir eru fluttir í annað umhverfi, þá þarf leyfi? Mér finnst þetta ekki nógu skýrt og veldur mér smá hugarangri, þar sem síðastliðið haust voru fagmenn hér að taka upp kvikmynd í fjósinu hjá mér og mér var ekki kunnugt um að það orkaði tvímælis sú framkvæmd.
3. Í lok 12 greinar segir svo: Óheimilt er að halda önnur klaufdýr í sama húsi eða í útigerði með nautgripum, þannig að bein snerting á milli þeirra eða saurmengun geti átt sér stað. Þarna er talað um útigerði, sem er skilgreint í 2. grein þessarar reglugerðar, en er í lagi að það sé fjölklaufdýrahald í haga eða túni? Þannig að kálfar, kindur, geitur og svín eða aðrar tegundir af klaufdýrum, geta verið í sama beitarhólfi á sama tíma?
4. 13. gr. Aflífun utan sláturhúss. Heimilt er að aflífa nautgripi utan sláturhúss með þar til gerðri boltabyssu eða byssu með kúlu. Því skal strax fylgt eftir með því

að blóðga gripinn með skurði í gegnum báðar hálsslagæðar. Þá er heimilt að skjóta nautgrip á færi í brjóstið ef ekki tekst að ná til hans með öðru móti. Við aflífun skal þess gætt að nautgripur sé sviptur meðvitund og blóðgaður skv. 1. mgr. Skylt er að aflífa alvarlega veika og/eða slasaða nautgripi eins fljótt og auðið er ef viðeigandi lækni meðferð er ekki möguleg. Skylt er að tilkynna Matvælastofnun um aflífunina samdægurs. Við val á vopni til aflífunar skal taka mið af aldri og ástandi dýrsins. Um beitingu skotvopna við aflífun fer samkvæmt viðauka III. Um aflífun nautgripa gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar um vernd dýra við aflífun.

Hér lýtur spurning mín að tafarlausrí tilkynningu á aflífun grips, á það við um alla gripi eða eingöngu gripi sem eru aflífaðir vegna slyss eða veikinda sem ekki reynist auðvelt að lækna?

5. 17. gr. Útivist. Allir nautgripir, að undanskildum graðnautum, skulu komast á beit á grónu landi í átta vikur hið minnsta, á tímabilinu frá 15. maí til 15. október ár hvert. Aðgangur að útigerði uppfyllir ekki kröfu um útivist á grónu landi. Þarna langar mig að spyrja, hvað má setja ungan kálf á útibeit? Þ.e. hvað er æskilegt að kálfur sé orðin gamall þegar hann fer til útivistar? Kálfur sem er fæddur í lok júní og er á mjólkurgjöf í 60 daga, á hann að fara út eftir að mjólkureldi lýkur? Eða á að veita honum útivistarleyfi meðfram mjólkurgjöf?
- Ég vil að lokum lýsa ánægju minni með þessa reglugerð en jafnframt taka fram að þessar spurningar sem hér eru lagðar fram eru spurðar af einlægni, en ekki til að draga dár að þeim sem hana unnu.
- Þorgrímur Einar Guðbjartsson, fagmenntaður umsjónarmaður nautgripa.

Hótel Grásteinn

2 manna herbergi með morgunmat, verð 9000 kr.*

Bjóðum upp á úrvals gistingu og fría geymslu á bíl á meðan dvalið er erlendis.

Bolafótur 11, 260 Reykjanesbær
Sími 4215200 - hotelgrasteinn@simnet.is

*verð miðast við bókun í gegnum síma eða email.

GIANT V452T HD



Vél:	Kubota V1505-T 45 HP/33 kW
Lyftugeta:	1800 kg
Aksturshraði:	0 -10 / 0 - 28 km
Breidd:	132 cm

- Aukabúnaður innifalinn:
- Dekkjastærð: 31x15.50-15 AS
 - 12 tonna (Heavy duty) öxlar
 - 100% driflæsing á báðum öxlum
 - Öryggisgrind m/paki
 - Euro festingar með vökvalæsingu
 - Vinnuljós að aftan
 - 125 kg. þynging

- Ökuhraði allt að 28 km
- Mikil lyftigetia
- Aflmiklir
- Stöðugir
- Úrval aukahluta

Giant liðléttingar eru einir af söluhæstu liðléttingum í Evrópu. Í þeim eru Kubota vélar en drif og vökvakerfi er framleitt af Rexroth Bosch.

Eigum á lager **Giant V452T HD** liðlétting, mjög öflugan og ríkulega búinn aukabúnaði á sérstöku tilboðsverði:

kr. 4.590.000 án vsk



Utan úr heimi

Rannsókn sýnir alvarlega þróun í landbúnaði í Bandaríkjunum:

Bændum fækkar, nýliðun er lítil og ríflega hálfur hektari ræktarlands glatast á hverri mínútu

— áhrifin á fæðuöryggi og getu landsins til að framleiða mat geta orðið mjög alvarleg

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Í nýrri rannsókn á stöðu bænda í Bandaríkjunum sem kynnt var í desember, kemur fram að þessi stétt er að eldast mjög hratt. Einnig er gengið hratt á landbúnaðarland til annarra nota og glatast þannig um 0,66 hektarar á mínútu.

Bændur, og þá einkum bændur í minni fjölskyldubúum, virðast hægt og bítandi vera að deyja út verði ekkert að gert. Það getur haft alvarleg áhrif á fæðuöryggi og getu landsins til að framleiða mat.

Bændum hefur fækkað um 63% á einni öld

Landbúnaður í Bandaríkjunum hefur gengið í gegnum dramatískar umbreytingar á síðustu hundrað árum ekki síður en á Íslandi. Rannsóknin sem unnin var fyrir Rangeland af Henry B. Glick, Charles Bettigole, Devin Routh, Lindsí Seegmiller, Catherine Kuhn, Ambika Khadka og Chadwick D. Oliver. Rannsóknin tekur bæði til stöðu hefðbundins landbúnaðar sem og skógræktar og þeirra sem hafa atvinnu af landnýtingu og stjórnum. Þar kemur fram að bændum í Bandaríkjunum hefur fækkað um 63% frá árinu 1900. Á sama tíma hefur stærð búanna aukist um 67%. Þrátt fyrir aukna stærð búanna hafi afkoma bændanna ekki batnað og nú berjist þeir flestir í bökkum við að halda sínu efnahagslega sjálfstæði.

Stórfyrirtæki ásælast bújarðir og stórfum fækkar í landbúnaði

Er þetta gríðarleg breyting, því fyrir rúmri öld var landbúnaður yfirgnæfandi atvinnuveitandi í Bandaríkjunum. Í dag hafa verslunarkerfur og stórfyrirtæki verið að yfirtaka fjölskyldubúin og í landbúnaði starfar nú vart nema 2% vinnufærra Bandaríkjamanna. Frá 1930 hefur hlutfall bænda sem hafa haft meira en helming tekna sinna af starfsemi utan búanna meira en þrefaldast. Virðist þetta eiga sér töluverða samsvörum við það sem verið hefur að gerast á Íslandi, ekki síst hvað varðar sauðfjárbændur.

Stækkun búanna kemur í veg fyrir nýliðun í greininni

Stækkun búanna þýðir um leið að erfiðara verður fyrir nýliða að koma inn í greinina. Í gegnum tíðina hefur því sífellt færri ungt fólk sóst eftir því að gerast bændur. Er vitnað í úttekt bandaríska landbúnaðarráðuneytisins sem sýnir að vel yfir helmingur bænda á landsvísi í dag er yfir 55 ára að aldri. Þetta hafi kannski ekki bein áhrif á reksturinn sem slíkan, heldur hafi þetta gríðarleg félagsleg áhrif á greinina til lengri tíma lítið. Það eigi sérstaklega við um rótgrónu fjölskyldubúin og framtíð þeirra.

Áhugaverðar niðurstöður í landbúnaðarrikinu Wyoming

Gerð var sérstök úttekt á þróun landbúnaðar í ríkinu Wyoming sem er mikið landbúnaðarriki þar sem sléttur miklu mæta Klettafjöllum. Hefur landbúnaður alla tíð skipt miklu máli fyrir lífnaðarhætti og menningu ríkisins, þar sem íbúar eru um 544 þúsund. Wyoming er níunda stærsta ríki Bandaríkjanna, tæpleg 254 þúsund



Sannir kúrekar með Klettafjöllin í baksýn í nautgripæræktarríkinu Wyoming.

ferkílómetrar, eða ríflega tvöföld stærð Íslands.

Ræktunarskilyrði í ríkinu eru mjög fjölbreytileg og ráðast mikið af mismunandi hæð yfir sjávarmáli. Lægst liggur landið í um 970 metra hæða yfir sjó og hæst í rúmlega 4.000 metra hæð yfir sjó. Hitastigið í ríkinu rokkar frá um -7°Celsius yfir vetrartímann og yfir 32°C á sumrin. Meðalhitinn er um 7,6°C, eða nálægt tveim gráðum hærra en í Reykjavík. Ræktunartímabilið í Wyoming er frá 60 dögum á þeim svæðum sem hæst standa til 140 daga á lægstu svæðunum í austanverðu ríkinu.


Bændur eru um 11 þúsund og helsta ræktunin í Wyoming er á heyi fyrir nautgripærækt sem er langstærsta búgreinin. Ræktun á hveiti er einnig umtalsverð sem og á korni. Þá eru einnig nokkuð öflugir sauðfjárbændur í ríkinu sem er fjórða stærsta sauðfjárræktarríki Bandaríkjanna. Framleiða þeir talsvert af ull eða um 1.400 tonn á ári. Þá má líka nefna svínarækt, hrossarækt, alifuglarækt og býflugnarækt.

Þar hefur US Department of Agriculture's National Agriculture Statistics Service (NASS), sem er eins konar hagfræðistofnun landbúnaðarins, haldið utan um manntal og aðrar tölur í ríkinu allt frá árinu 1840. Enn nákvæmari tölfraðileg gagnasöfnun hófst þar eftir að ríkið gekk í bandaríki Norður-Ameríku (USA). Í upphafi var talnasöfnunin þó ekki sérlega samhæfð svo skýrsluhöfundar miðuðu sína rannsókn að mestu við tölur frá 1940 til 2007 á landsvísi, en á tölur frá 1920 til 2007 hvað varðar einstök ríki.

Í rannsókninni kom fram að línulegt samræmi er á milli hækkandi aldurs bænda og minnkandi nýliðunar. Frá 1940 hafa allar sýslur í Wyoming nema tvær [Sweetee og Natrona] mátt horfa upp á mikla fækkun bænda undir 34 ára aldri.

Hrikaleg staða

Þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru settar í spálíkan sýnir það hrikalega stöðu. Árið 2033 verður enginn bóndi undir 35 ára aldri starfandi í landinu. Árið 2050 verða um 30% allra bænda og stjórnenda í landbúnaði á aldrinum 55 til 64 ára og 34% verða 65 ára eða eldri. Meðalaldur bænda og landstjórnenda mun því hækka um 40 til 60% frá því



Wyoming Stock Growers Assosiation, „verndarar kúaríkisins Wyoming síðan 1872“.



Sauðfjárrækt er töluverð í Wyoming.

sem hann var árið 1920. Fjöldi býla í landbúnaði hafi náð hámarki í ríkinu á fjórða áratug síðustu aldar. Nú séu býlin helmingi færri en þá var.

Hvernig á að tryggja stöðugleika landbúnaðar?

Höfundar rannsóknarinnar segja að samfélagsþróun í Wyoming samsvari þróuninni á landsvísi sem veki ýmsar mikilvægar spurningar. Þar nefna þeir m.a. hvernig menn ætli að tryggja stöðugleika í landbúnaði og hvað muni gerast ef það tekst ekki. Hvernig eigi að tryggja nýliðun í landbúnaði og laða ungt fólk að þessari mikilvægu grein. Um leið og menn horfi fram á þá staðreynd að bændur verða sífellt eldri, þá horfi menn fram á þá grundvallarspurningu, hvernig eigi að viðhalda þekkingu og visku þessara bænda sem séu mikilvægur þáttur í menningararfleifðinni.

Lítill nýliðun stærsta ógnin

„Kannski er stærsta ógnin í þróun landbúnaðar falin í þeirri öldrun bænda og lítilli nýliðun sem er að eiga sér stað.

Stöðug umbreyting ræktarlands til annarra nota en landbúnaðar stafar af ýmsum ástæðum og hefur verið viðvarandi í Bandaríkjunum áratugum saman. Í mörgum landshlutum telja bændur að meginorsök fyrir sölu á landi þeirra

og öðrum eignum stafi af því að enginn þeirra erfingja vilji taka við búskapnum. Þá hafi breytingar á landbúnaði, stækkun búa og annað gert það að verkum að þeir sem hafi á annað borð áhuga á að taka við ráði hreinlega ekki við það vegna kostnaðar. Í Bandaríkjunum sé staðan víða sú að ungir bændur skuldi orðið meira en sem nemur verðmæti búanna. Þeir séu kannski ríkir af landi, en í raun fjárhagslegir fátæklingar. Þessi staða ýti undir það að landeigendur selji eignir og tæki út úr greininni í stað þess að reyna að fá aðra til að taka við. Um leið og sífellt færri ungir einstaklingar sýni áhuga á að fara inn í greinina, eða hafa fjárhagslega getu til að taka við fjölskyldubúunum, þá sjá stjórndar bændur sem eru sífellt að eldast fátt annað í stöðunni en að selja land og eignir út úr þessari grein.“

Um 0,66 hektarar tapast á mínútu

Skýrsluhöfundar benda einnig á að líklegt sé að minni fjölskyldubúin fari í auknið samstarf í gegnum einhvers konar samvinnufélög. Þannig að slík fyrirtæki verði eins konar samnefari fyrir mörg lítill fjölskyldubú. Annars sé þróunin mjög hröð í þá átt að taka landbúnaðarland undir aðra notkun. Í dreifbýlinu, ekki síst í ríkjum sem liggja að Klettafjöllum, hafi 24 milljónir ekra (um 9,6 milljónir hektara) ræktarlands verið tekið undir önnur not en landbúnað á 28

ára tímabili frá 1982 til 2010. Þannig hafi gróflega talið tapast um 0,66 hektarar á mínútu.

Minnkun ræktarlands hefur alvarleg umhverfisáhrif

Tap á ræktarlandi í dreifbýlinu hafi ekki einungis áhrif á minnkandi getu landsins til að framleiða mat, heldur verði það land sem eftir er stöðugt viðkvæmara. Ræktunaraðferðir, ofnýting jarðvegs, einsleitni í ræktun og áhrif breytinga á landi á grunnvatnsbúskapinn spili þarna stóra rullu. Fyrir Wyoming, sem eigi sér langa hefð og mikla sögu í landbúnaði, séu félagslegu áhrifin mjög mikil. Þetta ríki hafi frá fyrstu tíð verið land kjötframleiðslu og smáþorpa. Þótt breytingarnar séu hvorki alslæmar né algóðar, þá sé þarna um að ræða aðför að grunnrótum samfélagsins og menningarhefðum.

Viska og sérþekking bænda glatast þegar keðjan rofnar

Í skýrslunni segir að hættan vegna umbreytingar landsins sé mikil og til viðbótar komi öldrun bænda sem hafi mikil áhrif á samfélagslega þróun og valdi hættu á að mikilvæg þekking glatist. Aukin menntun ungra bænda í rekstrarstjórnun geti þó verið mikilvægur hlekkur í að tryggja framtíð landbúnaðarins. Þannig mætti hugsanlega gera greinina meira spennandi og hvetja ungt fólk til að gerast framleiðendur í landbúnaði. Hins vegar sé bókvitið ekki allt. Það tapist margt þegar eðlileg kynslóðaskipti eigi sér ekki stað í landbúnaði. Viska og sérþekking sem safnast upp á hverju býli og flyst áfram frá kynslóð til kynslóðar sé óbætanagerleg ef keðjan rofnar. Skilningur á þörfum landsins, lífríkinu, vatnsbúskap, staðbundnum dýrasjúkdómum og samhengi allra þessara hluta glatist oft auðveldlega þegar faglegir og gallharðir rekstrarmenn verði ráðandi afl í greininni.

Von greinarinnar talin felast í hagnýtri fræðslu

Þrátt fyrir neikvæða þróun er bent á gott gengi áætlunar sem gengur undir nafninu „Quivira Coalition New Agrarian Apprenticeship Program“. Þar er um eins konar samvinnu- og starfsþjálfunarprógramm að ræða fyrir þá sem vilja gerast nýliðar í landbúnaði. Segja skýrsluhöfundar að þetta verkefni hafi gefið einstaklega góða raun við að auka og hraða þekkingaröflun nýliða í greininni. Þá hafi The Rural Landscape Institute, sem er eins konar þróunarstofnun dreifbýlisins, verið með svipað verkefni eða svokallað „Internsip program“. Það gefi ungum bændum og stjórnendum landnýtingar tækifæri til að samhæfa reynsluna úti á mörkinni við þá visku sem skólarnir geti miðlað. Verkefnið gefi mönnum um leið færi á að öðlast prófgráðu samhliða því að þróa hagnýta þekkingu í greininni. Þetta ásamt inngripum stjórnvalda við að auka þekkingu á lánum og öðrum fjármálum, sem og þekkingu á umhverfisþáttum, gæðamálum og öðru, hafi stuðlað að því að vekja áhuga ungmenna á landbúnaði. Með slíku segja skýrsluhöfundar að ekki sé einungis hægt að laða ungt fólk að landbúnaði, heldur einnig að viðhalda miðlun þekkingar á milli kynslóða í greininni.


Vaxandi áhugi fyrir smávirkjunum

Um fjöllum Bændablaðsins um ódýra virkjanakosti og lágtæknivirkjanir í október 2013 vakti mikla athygli og eru enn að berast fyrirspurnir vegna þess. Þar var m.a. fjallað um lágtækni eins og bátamyllur og allt upp í nýjustu tækni hvað varðar kjarnasamrunaorku.

Erlendis er umræðan stöðugt í gangi og áhugi jarðeigenda sem aðgengi hafa að vatni greinilega mikill á að verða sjálfbærir í orkumálum. Landrými er þó víðast hvar að þrengjast sem takmarkar möguleika fólks á að virkja. Sennilega er Ísland þó enn best sett hvað þetta varðar af öllum löndum Evrópu.

Virkjun vatnsafls er ekki alltaf umhverfisvæn

Á undanförunum árum hefur verið nokkur vakning í þá átt að leita leiða til að búa til minni vatnsaflsvirkjanir en oftast hafa verið á stefnuskrám ríkja heimsins. Þar er fyrst og fremst verið að líta til neikvæðra umhverfislegra þátta sem stórvirkjanir óneitanlega hafa. Í Bandaríkjunum er bent á gríðarleg orkumannvirki í því sambandi eins og Hoover Dam, Niagara Power Plant og fleiri slíkar sem valdið hafa gríðarlegum umhverfisáhrifum. Þótt orka þessara virkjana sé sögð umhverfisvæn, er það ekki alveg sannleikanum samkvæmt. Stór orkumannvirki breyta oft flæði vatns á stórum landsvæðum með tilheyrandi áhrifum á gróður, dýralíf og mannlíf. Því hafa umhverfisverndarsamtök á borð við Green Energy Ohio (GEO) og fleiri tekið upp baráttu fyrir því að virkjað verði í minni skala og byggðar virkjanir sem eru minni en 30 megawött. Samkvæmt þeirra hugmyndum geta einungis slíkar „smávirkjanir“ talist skila umhverfisvænni orku.



Það þarf ekki alltaf flókin og dýran búnað til að framleiða rafmagn úr rennandi vatni.

Smávirkjanir umhverfisstærðar

Í Bandaríkjunum er starfandi stofnun sem rekin er án gróðasjónarmiða sem gefur út umhverfisstærðir fyrir smávirkjanir. Þessi stofnun heitir Low Impact Hydropower Institute (LIHI). Til að standast skilyrði þessarar stofnunar eru metin átta atriði er tengjast áhrifum virkjunar á umhverfispætti. Það er áhrif á flæði vatns, vatnsgæði, hindrun fiskgengdar, vatnssóun, hvort það skapi áhættu fyrir viðgang dýrategunda, menningarleg áhrif, afturkræfni og leiðbeiningar um hvaða aðstöðu þurfi að fjarlægja. Er þessi stofnun einnig búin að gera úttektir á og gefa út vottanir fyrir fjölda smávirkjana í Kanada.

Þessu tengist aukinn áhugi víða um heim á lággkostnaðar míkrovirkjunum sem skila kannski frá einni kílóvattstund (1 kWh) upp í 30 kílóvattstundir. Benda samtökin GEO á að slíkar virkjanir gætu víða hentað, einkum til sveita, því meðal heimili í Bandaríkjunum noti ekki nema 10–15 kílóvattstundir á dag. Þá gæti víðari hugsun á nýtingu

á straumflæði vatns gert slíka orkunýtingu mun víðtækari.

Straumvatnssvirkjanir

Virkjun hægstreymandi straumvatns í ám og í sjó, án þess að beita stíflumannvirkjum, hefur verið þekkt fyrirbæri og mikið nýtt víða um lönd í mörg hundruð og jafnvel þúsundir ára. Því er virkjun slíks afsl alls ekki langsótt og víða vel framkvæmanleg.

Fjöldi skýrsla hefur verið gerður og mikil þróun hefur verið í gerð margvíslegs búnaðar fyrir ódýrar vatnsaflsvirkjanir eða svokallaðar Low Cost Micro-Hydroelectric Power Generation. Eina slíka skýrslu eftir Sivasakthy Selvakumaran má t.d. finna á netinu á vefslóðinni: http://www.ewb-uk.org/filestore/FINAL%20REPORT_Sakthy%20Selvakumaran.pdf.

Skýrsluna setur hann m.a. fram í þeim tilgangi að hún geti orðið öðrum leiðarvísir við hönnun og smíði smávirkjana. Skoðar hann þar fjölmörg mannvirki og dregur upp myndir af hvað menn hafi gert rétt og rangt.

/HKr.



Einar Ófeigur Björnsson, Lóni II, afhenti Stefáni Rögnvaldssyni á Leifsstöðum Þorsteinshrútinn.

Stefán Rögnvaldsson á Leifsstöðum fékk Þorsteinshrútinn

Þorsteinshrúturinn er veittur þeim sem á besta veturgamla hrútinn í Norður-Þingeyjasýslu ár hvert. Afhending verðlaunanna fór fram 21. nóvember síðastliðinn. Að þessu sinni var það Stefán Rögnvaldsson á Leifsstöðum sem hlaut verðlaunin fyrir hrútinn Lása.

Nýjar reglur tóku gildi á síðasta

ári. Það voru reiknuð stig fyrir 62 veturgamla hrúta þetta árið.

Í fyrsta sæti er Lási 13-175 á Leifsstöðum en hann hlaut 85 stig. Lási er undan Hvít 10-786 á Leifsstöðum og Yrstu 06-706, Lásadóttur 02-944. Lási átti 23 sláturlömb, fallþungi þeirra var 17,8 kg, einu kíló yfir búsméðaltali.

Gerðarmat þeirra var 10,35 og fitumat 7,09. Kynbótamat Lása er 107 fyrir fitu, 112 fyrir gerð, 113 fyrir mjólkurlagni og 110 fyrir frjósemi.

Næstur að stigum kom Lúði 13-101 í Hafrafellstungu sem er einnig undan Hvít 10-786 frá Leifsstöðum.

Vor 3 21. apríl - 3. maí

Sardinía & Korsíka

Glæsileg eyjaferð til Sardiníu og Korsíku, þar sem við ferðumst um stórbrötna náttúru með mikilli gróðursæld milli lítilla krúttlegra þorpa. Gullinn sandur, sægrænt haf og ilmur frá Macchia gróðri rammar inn ótrúlega upplifun um þessar fögru eyjar.

Verð: 298.100 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

Fararstjóri: Þóra Valsteinsdóttir

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is
Síðumúla 2, 108 Reykjavík

ferðapjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

EUROPOWER RAFSTÖÐVAR

Eigum á lager úrval rafstöðva í stærðum 0.9 kW – 5.4 kW
Honda – Yanmar – Hatz benzin/diesel mótorarar
Eins og þriggja fasa rafalar

Úrval stærri rafstöðva frá EUROPOWER í mörgum útfærslum.

Úrval rafstöðva frá EUROPOWER fyrir aflúrtak dráttarvéla.

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Utan úr heimi

Sveppasýking ógnar bönunum:

Síðasti bananinn

Vinsælasta bananayrki í heimi og bananinn sem við þekkjum, Cavendish, hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár. Ástæðan fyrir þessu er sveppurinn Fusarium sem hefur breiðst hratt út og drepur bananaplöntur.

Útbreiðsla sveppsins hefur verið frá Asíu til Afríku og Mið-Austurlanda. Í yfirlýsingu frá FAO - Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna segir að kostnaður við að bjarga yrkinu sé að minnsta kosti 47 milljónir Bandaríkjadala, um 6,3 milljarðar íslenskar krónur.

Cavendish viðkvæmt fyrir Fusarium

Sveppurinn, sem kallast fullu nafni Fusarium oxysporum f.sp. cubense TR4, hefur herjað á bananarækt í Asíu í rúm tuttugu ár og gert mikinn usla í Kína, Indónesíu, Malasíu og Taívan. Árið 2013 varð hans fyrst vart í Afríku og síðan þá hefur hann verið að breiðast út þar sem bananar eru ræktaðir í álfunni.

Helsta ástæðan fyrir miklum áhyggjum manna á sveppasýkingunni er að nánast allir bananar sem framleiddir eru og settir á markað eru af yrkinu Cavendish og það er

einstaklega viðkvæmt fyrir sýkingu og drepast nánast allar

plöntur af því yrki vegna hennar.

Ríkjandi yrki á markaði

Yrkið Cavendish þykir bragðgott og auðvelt í flutningum vegna þess hvað það geymist lengi og margir á Vesturlöndum hafa aldrei smakkað aðra gerð. Cavendish hefur verið ríkjandi á markaði frá 1950 þegar yrkið Gros Michel dó út vegna annarrar Fusarium-sýkingar.

Undanfarin ár hefur verið reynt að finna yrki sem getur komið í stað Cavendish en þær prófanir skilað litlu. Sveppurinn hefur lagst á mörg þeirra og þau sem þola hann hafa ekki reynst eins bragðgóð og með eins langan geymslutíma og Cavendish. /VH



Álitamál í ræktun:

Lífræn ræktun ekki endilega betri

— að mati ráðgjafa bresku ríkisstjórnarinnar

Ráðgjafi bresku ríkisstjórnarinnar sagði í erindi á ráðstefnu um landbúnaðarmál fyrir skömmu að lífræn ræktun þyrfti ekki alltaf að vera betri en ræktun þar sem notaðar væru erfðabreyttar plöntur, illgresis- og skordýraeitur og tilbúinn áburður.

Máli sínu til stuðnings sagði ráðgjafinn, Krebs lávarður, að lífræn ræktun kallaði á meiri landnotkun en tæknivædd þar sem uppskera á hektara væri minni en í lífrænni ræktun. Hann sagði að með auknum mannfjölda þurfi sífellt meira land til ræktunar og afrakstur ræktunarinnar skipti því miklu máli, sérstaklega á svæðum þar sem ræktunarland er takmarkað. Ráðgjafinn benti á

að því minna land sem brotið væri til ræktunnr því minna losnaði af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið.

Talið er að um 10% gróðurhúsalofttegunda sem fara út í andrúmsloftið á ári séu vegna landbúnaðar og að það magn aukist í hvert skipti sem nýtt land er brotið undir ræktun.

Krebs sagði einnig að ekkert benti til að lífrænt ræktuð matvæli væru næringarríkari en matur ræktaður með tæknivæddum aðferðum og að þeir sem versluðu lífrænt ræktuð matvæli fengju minna fyrir peninginn en þeir sem versluðu matvæli úr tæknivæddri ræktun. /VH

Danmörk:

Lífeyrissjóður fjárfestir í landbúnaði

Það er ekki einungis hér á landi sem fjárfestingar lífeyrissjóða eru til umfjöllunar, enda mikilvægt að fjárfest sé í tryggum verkefnum sem skila fjármagni til lengri tíma.

Danski lífeyrissjóðurinn AP Pension fór fyrir rúmu ári síðan að fíkra sig inn í þarlandan landbúnað með því að fjárfesta í nokkrum álitlegum bújörðum enda telur sjóðurinn að afar áhugavert sé að fjárfesta í landbúnaði vegna öryggis í fjárfestingu á landbúnaðarlandi. Sjóðurinn leigir svo jarðirnar út til ungra bænda og um leið og hann fjárfestir þá auðveldar hann ungum bændum að hefja búskap með því að leigja reksturinn til þeirra.

12 milljarða sjóður

Í tengslum við þetta landbúnaðarverkefni AP Pension var stofnað sérstakt fjárfestingafélag sem heitir Dansk Farmland. Inn í það fjárfestingafélag voru svo lagðir 12 milljarðar íslenskra króna, sem kann að þykja há upphæð en þá er rétt að benda á að AP Pension veltir árlega nærri tvö þúsund milljörðum króna svo þessir 12 milljarðar eru ekki hátt hlutfall heildarveltunnar. Fyrsta búið sem sjóðurinn keypti var kúabú með 220 kýr á Sjálandi, en síðan hefur verið fjárfest í alls 10 bújörðum og hefur helmingur stofnfjárns verið notaður í það eða um 6 milljarðar króna.

Bara góðar bújarðir

Fjárfestingakerfið sem sjóðurinn notar byggist á því að ungir bændur geta sett sig í samband við sjóðinn og boðið honum að skoða álitlegan fjárfestingakost. Sjóðurinn setur svo saman teymi ráðunauta sem gerir úttekt á viðkomandi bújörð m.m. og leggur mat á hæfni og færni hins unga bónda. Gangi allt upp, er málið sent áfram til stjórnar sjóðsins þar sem hin endanlega ákvörðun er tekin. Sjóðurinn hefur til þessa lagt áherslu á að kaupa bújarðir sem geta staðið sterkar í samkeppninni í framtíðinni og eru því allar jarðir sem keyptar eru í stærri kantinum með töluvert umsvifamikinn rekstur.

Gera 10 ára samninga

Grunnhugmyndin er í raun frekar einföld. AP Pension á landið og byggingarnar og leigir til bóndans til 10 ára. Bóndinn kaupir svo sjálfur tæki og skepnur og fjármagnar sjóðurinn þau kaup ekki. Bóndinn greiðir svo eins konar ársleigu sem nemur 5,2% af kaupverði jarðarinnar og 6,5% af kaupverði bygginganna en reki hann búið með hagnaði heldur hann honum að sjálfsögðu. Þegar 10 ár eru liðin stendur bóndanum til boða að kaupa jörðina og byggingarnar á kaupverði sem er þegar ákveðið við undirskrift samningsins. Þar er t.d. kveðið á um að hækki landverð almennt í landinu, þá geti leigutakinn þó keypt jörðina með 20% afslætti af hækkuninni.

Vænta 6% ávöxtunar

Sjóðurinn væntir þess að ná 6% ávöxtun með þessari aðferð, en þá hefur verið tekið tillit til áætlaðrar hækkunar jarðarinnar á samningstímanum. Sérfræðingar sjóðsins hafa metið það svo, að líkurnar á því að jarðarverð lækki verulega frá því sem nú er, séu litlar enda hefur landverð í Danmörku ekki verið lægra í áraraðir. Landverð hefur oft fylgt kornverði og er það sem



AP Pension stofnaði sérstakt fjárfestingafélag sem heitir Dansk Farmland.

kunnugt er afar lágt nú, en flestir hafa trú á því að það muni brátt hækka á ný með tilheyrandi áhrifum á landverð.

Ekki boðið hverjum sem er

Sjóðurinn hefur til þessa valið af mikilli nákvæmni þá leigutaka sem fá þessar kostjarðir og þar hefur hver og einn þurft að sanna sig. Flestir hafa reynslu af búrekstri sem bústjórar annarra búa og hafa þar sýnt hæfni í búrekstri. Hugmyndafræðin að baki þessu vali lífeyrissjóðsins er að þeir gera það sem þeir eru bestir í, þ.e. að sjá um fjármögnun og mat á fjárfestingakostum og fá svo til þess unga bændur sem eru bestir í því að sjá um skepnur og akuryrkju.

24 ára með 430 kýr

Einn af þeim ungu bændum sem hafa notið góðs af þessari fjárfestingaleið er hinn 24 ára Jacob Therkildsens. Hann er lærður bóndi með framhaldsmenntun í búrekstri og hafði frá útskrift sinni sýnt að hann var hörkuduglegur rekstrarmaður. Síðasta vetur fór allstórt kúabú á Jótlandi í þrot og sá Jacob þar töluverða möguleika og setti sig í samband við lífeyrissjóðinn. Þar fóru sérfræðingar á stúfana og mátu jörðina og byggingar ásamt mögulegum rekstri og úr varð að sjóðurinn keypti kúabúið, fjós og aðrar byggingar fyrir 430 kýr ásamt 300 hektara landi.

Dýrt að kaupa bú

Í tilfelli Jacobs var staðan þannig að kaupverð jarðarinnar var í kringum 800–900 milljónir króna, nokkuð sem hefði verið næsta ómögulegt að fjármagna fyrir ungan mann. Með aðkomu lífeyrissjóðsins þurfti Jacob hins vegar einungis að

fjármagna tæki og skepnur og nægðu 100 milljónir til þess og þá upphæð gat hann fjármagnað í gegnum viðskiptabanka sinn.

Allt í hers höndum

Þegar Jacob tók við var margt í niðurníðslu eins og títt er þegar gjaldþrot verða á kúabúum, enda lítið til af fjármunum í viðhald. En það voru ekki bara byggingarnar sem þurftu viðhald, kýrnar höfðu verið illa hirtar í nokkurn tíma og júgurheilbrigði ekki gott. Hann kallaði því til funda helstu ráðunauta héraðsins og gerð var raunhæf áætlun um viðhald og endurbætur ásamt áætlun um það hvernig bæta mætti kýrnar og mjólkurgæðin. Hann réð svo til sín fimm starfsmenn og fór af miklum krafti af stað. Í dag er staðan eiginlega hreint ótrúlega góð, kýrnar gefa nú af sér um 30 kíló mjólkur á dag í stað 23 kílóa áður og mjólkurgæðin eru nú í góðu lagi.

Leggur 4 milljónir fyrir árlega

Strax í upphafi var gerð áætlun um rekstur búsis og hve vænta mætti mikillar uppsöfnunar á eigin fé, sem svo nýttist sem eigið framlag verði tekið lán til kaupanna að 10 árum liðnum. Í tilfelli Jacobs er gert ráð fyrir að hann geti lagt fyrir 200 þúsund danskar krónur á ári, þ.e. um 4 milljónir íslenskar krónur, sem nýst geta svo sem stofnframlag að 10 árum liðnum. Þá gerir rekstraráætlun lífeyrissjóðsins ráð fyrir að ungir bændur vilji lífa lífinu lifandi og því eru þessum ungu bændum reiknuð allgóð laun eða 500 þúsund danskar krónur á ári, þ.e. eftir greiðslu á leigu, hita og rafmagni. Það gera 10 milljónir í árstekjur fyrir skatt.

Gott fyrir ungu bændurna

Það er samdóma álit flestra að innkoma lífeyrissjóðsins inn í landbúnaðinn hafi haft góð áhrif á danskan landbúnað og opnað augu forsvarsmanna annarra sjóða einnig gagnvart þessum fjárfestingakosti. Þá hefur þetta gert það að verkum að ungir og kraftmiklir bændur geta strax farið að beita kröftum sínum á stórum búum í stað þess að byrja smátt og stækka búin hægt og bítandi.

Snorri Sigurðsson

sns@seges.dk

Ráðgjafafyrirtækinu SEGES P/S



Hveitirækt í heiminum er fyrirferðarmest hvað landrými varðar. Þannig er hveiti plantað í um tvær milljónir ferkílómetra á ári hverju. Það segir hins vegar ekki alla söguna með fjárhagslegan afrakstur af ræktuninni á hverja flatareiningu í samanburði við aðrar nýttjajurtir.

Mynd / Wikimedia

Hvað fæst fyrir uppskeruna í heiminum?:


Ólöglegar afurðir gefa mest

Séu bornar saman tölur um ræktun og hagnað af plöntuafurðum kemur í ljós að langmest er ræktað af hveiti, maís, hrísgrjónum og sojabauum í heiminum. Plönturnar sem aftur á móti gefa mest af sér eru kannabis, kókaín og ópíum.

Hveiti er plantað í rúma 2 milljón ferkílómetra lands á hverju ári og er áætlað að heildarverðmæti afurðanna séu 110 milljarðar Bandaríkjadala á ári. Maís er í öðru sæti hvað ræktun varðar og ræktað í um 1,7 milljón ferkílómetrum lands og er heildarverðmæti uppskeru þess ívið meiri en hveitis, eða rúmlega 200 milljarðar Bandaríkjadala. Sykkurreyr gefur mestu uppskeruna en það er kannabis sem er verðmætasta uppskeran.

Ólöglegu plönturnar gefa mestar tekjur

Reyndar er það svo að ef bornar eru saman tölur um verðmæti nokkurra plöntuafurða á ferkílómetra eru þrjár plöntur sem bera af og allar eru þær ólöglegar. Þetta eru kannabis,



Kanabisakur í Úrúgvæ. Greinilegt er að mikil hagnaðarvon fær ræktendur til að taka mikla áhættu við ræktun á þessari jurt sem víðast hvar er ólögleg.

kókaín og ópíum. Fjórða verðmesta plöntuafurðin eru tómatar.

Ætlað heildarverðmæti kartöfluræktar í heiminum er talið vera um 80 milljarðar Bandaríkjadala, hrísgrjón skila 220, kaffi um 30 og vínber um 50 milljörðum Bandaríkjadala.

Verðmæti þessara plantna kemst hvergi nærri því sem áætlaður hagnaður er af afurðum hinna þriggja ólöglegu plantna, kannabis, kókaíns og ópíums.

Árlegur hagnaður af ræktun ópíums af ferkílómetra á ári er áætlaður tæpir 6 milljarðar Bandaríkjadala, kókaíns tæpir 38 milljarðar og kannabis rúmir 47,6 milljarðar Bandaríkjadala.

Til samanburðar er áætlaður hagnaður á ferkílómetra af hrísgrjónum um 140 þúsund Bandaríkjadala, 30 þúsund af bauum, tóbaki 227 þúsund og kálrækt 305 þúsund Bandaríkjadala.

/VH

Rangárþing ytra: Kostnaðargreining vegna ljósleiðaravæðingar

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að ganga til samninga við Guðmund Danielsson um frumhönnun og kostnaðarmat vegna ljósleiðaravæðingar í Rangárþingi ytra.

Kostnaðurinn verður að hámarki 750 þúsund krónur auk vsk. Verkefnið snýst um að framkvæma frumhönnun og í framhaldi kostnaðarmat á því að leggja ljósleiðarakerfi um sveitarfélagið Rangárþing ytra. Ljósleiðarakerfið mun ná til allra lögheimila í sveitarfélaginu sem ekki búa við ljósleiðaratengingu eða sambærilega fjarskiptatengingu í dag.

/MHH



Hvolsvöllur. Mynd / HKr.

Bændablaðið

Kemur næst út

12. febrúar

Smáauglýsingar Bændablaðsins leysa vandann!

RAIKO.is

s-8610000

Búseta í sveit

Búseta í sveit heitir verkefni sem hefur verið unnið hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins undanfarið ár. Verkefnið er í umsjá Guðnýjar Harðardóttur og var unnið með styrkveitingu frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Meginmarkmið verkefnisins var að þróa ráðgjöf vegna ætliðaskipta og upphafs búrekstrar. Auknar kröfur stjórnsýslunnar ásamt stækkandi búum hefur leitt til þess að eftirspurn eftir slíkri ráðgjöf og þjónustu hefur aukist til muna. Sú vegferð að hefja búrekstur er ekki einfalt mál, sama hvort um ræðir ætliðaskipti eða kaup á almennum markaði.

Á Búnaðarþingi árið 2013 var m.a. ályktað um þessi mál í þá veru að efla skyldi ráðgjöf varðandi ábúendaskipti á bújörðum. Í kjölfarið var farið af stað með það verkefni sem nú er komið til framkvæmda í formi fræðsluefnis á vef RML auk beinnar ráðgjafar.

Eins og gefur að skilja er verkefnið umfangsmikið en afurðirnar margvíslegar. Í fyrsta lagi varð til efni sem er aðgengilegt á vef RML í formi rafrænna bæklinga sem allir geta nálgast. Í öðru lagi urðu til ítarlegri bæklingar sem nefnast rafrænir vegvísar og fast þeir hjá næsta ráðunaut. Þeim er ætlað að vísa leiðina við upphaf búskapar ásamt því að þeim fylgir klukkustundar ráðgjöf/þjónusta frá ráðunaut. Gjaldið er vægt eða 10 þúsund krónur.

Síðast en ekki síst var unnið að því að gera ráðgjöf vegna ætliðaskipta og upphafs búskapar markvissari. Mikil vinna var lögð í efni tengt málefnum og er það efni aðgengilegt starfsmönnum RML. Lögð var áhersla á þær fjölmörgu spurningar sem koma upp og nauðsynlegt er að fá svör við þegar ætliðaskipti eiga í hlut. Aðstæður eru misjafnar í hvert og eitt skipti og því ólík úrræði sem henta hverju sinni. Ráðunautar eru

Ætliðaskipti – veitir upplýsingar um hvernig er best að bera sig að við ætliðaskipti sem geta oft verið umfangsmikil.

Kaup á almennum markaði – veitir upplýsingar um hvað ber að hafa í huga við kaup á jörðum.

Starfsemi – hvað svo? – inniheldur hugmyndir um starfsemi í dreifbýli.



Guðný Harðardóttir umsjónarmaður verkefnisins „Búseta í sveit“.


nú mun betur undirbúnir fyrir slíka ráðgjöf og þjónustu.

Verkefninu er ekki lokið þótt það hafi gefið af sér afurðir og eru menn hvattir til að skoða það efni sem er aðgengilegt á vef RML. Það sem er aðgengilegt þar eru bæklingar sem eru gagnlegir í upphafi þeirrar vegferðar að hefja búrekstur. Þeir vísa m.a. á nýtsamlegar vefsíður sem veita ítarlegar upplýsingar. Þeir bera heitin Ætliðaskipti, Kaup á almennum markaði og Starfsemi – hvað svo?

Ljóst er að fleiri bæklingar eiga eftir að líta dagsins ljós og hlakka starfsmenn RML til að takast á við þessi verkefni með þeim sem á þurfa að halda.

Þjónusta sem er í boði hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

- Rafrænir vegvísar og 1 klst. ráðgjöf/þjónusta ráðunautar:
 - Að hefja sauðfjárbúskap
 - Að hefja mjólkurframleiðslu/nautgriparækt
 - Ætliðaskipti á búi - vinnublöð
- Rekstrar-/viðskiptaáætlun
- Samningagerð
- Aðstoð við umsóknir



Heimasíða Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.





Að hefja sauðfjárbúskap

EF FYRIR SKREF
TUNINGU TIL SKATTAFREIÐA, TIL
TILHENDINGAR VÉLSTYÐJÓÐA
OÐ VÉLSTYÐJÓÐA

UPPSINGAR OG FRÓÐLEIKUR

RML
RÁÐGJAFARMISTOÐ
LANDBÚNAÐARINS

www.rml.is



Að hefja nautgriparækt/ mjólkurframleiðslu

EF FYRIR SKREF
TUNINGU TIL SKATTAFREIÐA, TIL
TILHENDINGAR VÉLSTYÐJÓÐA
OÐ VÉLSTYÐJÓÐA

UPPSINGAR OG FRÓÐLEIKUR

RML
RÁÐGJAFARMISTOÐ
LANDBÚNAÐARINS

www.rml.is



Ættliðaskipti - vinnublöð

ER MIKILÆGT
VINNULIÐ

RML
RÁÐGJAFARMISTOÐ
LANDBÚNAÐARINS

www.rml.is

Háprýstipvottadælur

Háprýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com

Aflgjafar: Rafmagn / Honda bensín / Yanmar dísel / Aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar.

Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang: hak@hak.is vefsíða: www.hak.is



ÖRYGGI – HEILSA – UMhverfi

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Notkun forvarnabúnaðar er sjálfsagður hlutur:

Er Reykjavík á móti forvörnum?

Nokkur umræða hefur verið um að börn í Reykjavík mega ekki fá gefins reiðhjólahlálma og tannbursta út af einhverjum hreinlega fáránlegum reglum sem Reykjavíkurborg setur, en á sama tíma má gefa börnum á landsbyggðinni reiðhjólahlálma og tannbursta.

Maður hefði haldið að Degi B. Eggertssyni borgarstjóra, með sína lækni menntun, ætti að vera fullkunnugt um gildi forvarna sem reiðhjólahlálmur og tannbursti er frá læknisfræðilegu sjónarmiði.

Öryggisgleraugu í flugeldapökkum má nota eftir gamlársdag

Sjóvá í samvinnu við Landsbjörg gefur um hver áramót öryggisgleraugu með hverjum seldum heimilispakka af flugeldum. Mjög gott framtak, en gleraugu þessi geta komið sér vel við annað en að skjóta upp flugeldum, sjálfur nota ég þau einstaka sinnum ef ég þarf að fara út þegar mikið haglé er úti og við smíðar og fleira. Gott er að geyma þessi gleraugu á vísun stað (með árunum fjölgar gleraugunum í

eigu hvers og eins eftir hver áramót og ættu þá gleraugu að geta verið á nokkrum stöðum). Sem dæmi var það mér til happs fyrir skemmstu þegar ég var að hella bensíni á tank að vindhviða sletti nokkrum dropum í andlitið á mér, þá kom það sér vel að ég var með öryggisgleraugu sem vörðu augun fyrir bensíninu.

Mannbrodda ættu fleiri að nota oftar

Undanfarna tvo vetur hefur verið mikil klakamyndun víða um land með tilheyrandi óþægindum. Samkvæmt lestri á gögnum frá slysavardstofunni er þriðja algengasta orsök komu á slysadeild að viðkomandi datt í hálku. Nálægt 300 alvarleg slys verða árlega vegna gangandi fólks sem hrasar á svelli og hlýtur skaða af. Alltof fáir nota mannbrodda þegar klaki er yfir jörð, en mjög víða er hægt að kaupa mannbrodda á ágætis verði. Einnig er hægt að fá sérstaka nagla sem skrúfaðir eru neðan á skó, en þessa nagla er síðan hægt að skrúfa úr þegar þeir verða óþarfir og geyma til næstu hálku.

Bækur

Undir berjabrekku – ný ljóðabók að austan

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi sendi fyrir jólin frá sér nýja ljóðabók eftir Ágústu Ósk Jónsdóttur sem ber heitið Undir berjabrekku.

Þetta er fjórtánda bókin í bókaflokknnum Austfirsk ljóðskáld og hafa margar þeirra vakið töluverða athygli. Umsjón með útgáfu bókaflokksins hefur verið í höndum Magnúsar Stefánssonar og er þetta framtak sannarlega þakkarvert.

Höfundurinn Ágústa Ósk Jónsdóttir fæddist á Hrærekslæk í Hróarstungu á Fljótsdalshéraði árið 1940. Hún stundaði búskap á Jökuldal ásamt manni sínum, Sigurjóni Guðmundssyni, fyrst í Hnefilsdal en lengst af bjuggu þau á Eiríksstöðum. Þau fluttu til Egilsstaða árið 2001 þar sem Ágústa vann sem húshjálp fyrst í stað.

Ágústa hefur ekki flíkað sínum ljóðum mikið opinberlega, en hefur þó birt nokkur ljóð í blöðum og tímaritum og í bókinni Raddir að austan árið 1999 og í bókinni Huldumál árið 2003. Upphafsljóð bókarrinnar Undir berjabrekku, sem hér er birt, ber mjög dóm af tilfinningum hennar til Jökuldals sem hún saknar greinilega mikið.

/HKr:



Fornar slóðir

Ung þó tæki tryggð við Dalinn,
Træði í honum flest mín spor,
Tungan, þar sem upp var alin,
Á minn huga sérhvertt vor.

Lækjarsöngur, sól og víður
Sumaranga ber til mín,
Lautir, móar, lindakliður,
Ljómar ætíð minning þín.

Ljósi, fagri fjallahringur,
Fljótsdalshéraðs prýðin mest,
Æsku minnar óðinn syngur
Úthéraðið, þar var best.

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Ágúst Ásgrímsson og Hulda Sigurðardóttir búa í raun á þremur jörðum; Stekkjarflötum, þar sem íbúðarhúsið er, Kálfagerði, þar sem kúabúið er og á Guðrúnarstöðum.

Býli: Stekkjarflatir/ Kálfagerði/ Guðrúnarstaðir.

Staðsett í sveit: Í Eyjafjarðarsveit.

Ábúendur: Ágúst Ásgrímsson, Hulda Sigurðardóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Börn: Ágúst Máni Ágústsson, f. 2000, Bergþór Bjarmi Ágústsson, f. 2004, Anna Sonja Ágústsdóttir, f. 1988 og Sigmundur Rúnar Sveinsson, f. 1987, tengdasonur. Einnig eru tveir „field trial“-labradorar sem notaðir eru við skotveiðar, Rösk og Baltó.

Stærð jarðar? Við búum á þrem jörðum, allar eru þær frekar smáar en ræktað land er um 75 ha.

Gerð bús? Mjólkurframleiðsla með brautakerfi í 36 bása fjósi og 226.312 lítra greiðslumark.

Fjöldi búfjár og tegundir? 107 nautgripir, 40 hross, 30 kindur, 5 geitur og 3 fjóskettir.



Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Dagurinn byrjar og endar á fjósverkum að vetri en á öðrum árstímum eru dagarnir mun lengri og er þá hefðbundnum bústörfum sinnt bæði á milli mála og á kvöldin.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Engin bústörf leiðinleg aðeins mismunandi skemmtileg og hver árstími hefur sinn sjarma.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Eftir 5 ár verðum við vonandi sveitt við að byggja nýtt fjós.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Þau eru almennt í góðu lagi að okkar mati en forustan mætti vera beittari í tilsvörum fyrir okkur bændur í fjölmiðlum.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Smjör mun drúpa af hverju strái ef okkur tekst að halda sjálfstæði



okkar og látum ekki stjórnast af einhverjum skrifstofublókum í Evrópusambandinu.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Í lambakjötinu, því framleiðslugetan er gífurlega



vannýtt, en markaðsmálin virðast ganga hægt. Einnig höfum við trú á skyrinu og öðrum mjólkurafurðum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk úr tanknum, ostur, smjör, súrmjólk, egg og grænmeti.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Íslenska lambalærið, hrossalund og villibráð.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það var mjög eftirminnilegt þegar við keyptum fyrstu jörðina 1999 og hófum okkar búskap einn fallegan sumardag. Við sváfum á gólfinu í íbúðarhúsinu fyrstu vikuna alveg án allrar búslóðar. Ágúst hafði aldrei komið við kú áður en hann gerðist bóndi og Hulda var með heilar sex mjaltir á bakinu frá Hólaskóla (hestabraut) hehe. Við vissum sem sagt ekkert í okkar haus varðandi kúabúskap og erum enn að læra og stefnum fram á við.



MATARKRÓKURINN – BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Spænsk eggjakaka og sætindi í skammdeginu

Nú er tími þorrablotanna í algleymingi og landinn situr við trogin um hverja helgi. Daginn eftir miklar áteislur er gott að útbúa gómsæta eggjaköku og nota það sem hendi er næst í ísskápnum.

Hér á eftir kemur uppskrift að klassískri spænskri eggjaköku sem kölluð er tortilla þar ytra. Kartöflum er blandað í eggjakökuna sem er gjarnan lög á morgunverðarborðið eða höfð í hádegismatinn. Það er líka hægt að hefja eggjakökurnar á nýjan stall með því að setja bakað smjördeig í tertuform og fylla kökuna með afgöngum. Þar á eftir er braðgmikilli eggjæræru hellt yfir. Það er líka tilvalið að setja beikon í pönnu og hella eggjablöndunni yfir til að gera útfærslu á egg og beikon.

Í lokin eru sætir eftirréttir sem gott er að bragða á í skammdeginu á meðan snjöhriðin lemur allt að utan.

Spænsk tortilla

- › 3 matskeiðar ólífulía
- › 1 stór kartafla, skræld og sneidd
- › 1 meðalstór laukur, saxaður
- › 1 stór rauð paprika, sneidd
- › 1 msk. hakkað ferskt timjan eða 1 tsk. þurrkað
- › 6 stór egg
- › 1/2 bolli rifinn Parmesan-ostur
- › 2 matskeiðar sóxuð fersk steinselja
- › 2 matskeiðar kapers



Spænsk tortilla.

Undirbúningur

Hitið 2 msk. olíu á pönnu yfir miðlungs hita. Helmingur af kartöflunum er bætt í ásamt lauk og papriku. Kryddið með salti og pipar. Endurtakið löginn af kartöflum og kryddið. Lokið og hitið þangað til kartöflumar og grænmetið eru elduð. Hrærið og snúið með spaða. Þetta tekur um 20 mínútur. Stráið timjan yfir. Kælið örlítið.

Léttþeytið egg í stóra skál. Kryddið með salti og pipar. Bætið kartöflublöndunni í eggin. Þurrkið pönnuna. Bætið 1 msk. olíu í sömu pönnu yfir miðlungs hita. Hellið eggjablöndunni á pönnuna og þekið með osti. Setjið lokið á og eldið þar til eggin eru stíf (um 10 mínútur). Setjið eggjakökuna á fat. Stráið steinselju og kapers yfir.

Fljótlegt Tiramisu

- › 1 pakki Lady fingers (svampkökur) hægt að nota svampbotn eða kexkökur
- › 1/2 bolli sterkt, svart kaffi
- › 2 skot kaffilikjör eða dökket romm
- › 1 pakki mascarpone-ostur
- › 1 peli rjómi
- › 50–100g flórsykur (eftir smekk)
- › 50 g kakóduft
- › 1/4 tsk. kanill

Aðferð

Hrærið rjóma, flórsykur og marscapone-ost saman. Svampkökur (Lady fingers) eru bleyttar með kaffi ásamt kaffilikjör. Fyllið Martini-glös með einu lagi af svampkökum. Ýtið



Fljótlegt Tiramisu.



Súkkulaðigóðgæti.

kökunum niður til að fá falleg lög í glasið. Fyllið lagskipt með ostakremi og kaffibleyttum kökum. Skreytið hvert glas með kakódufti með snert af kanil. Gott að nota fínt sigti til að strá yfir.

Súkkulaðigóðgæti

- › 3 plötur súkkulaði, til dæmis íslenskt Omnom

- › 10 sykarpúðar
- › 2 msk. rjómi
- › 12–15 stk. möndlur/hnetur
- › 2 bollar popp
- › 50 g salthnetur eða annað sælgæti

Aðferð

Bræddu súkkulaðið í vatnsbaði eða í örbylgju. Skerðu sykarpúðana í litla bita og settu með rjómanum í pott á lágan hita, bræddu þetta vel saman, það gæti verið að þú þurfir aðeins meiri rjóma, þetta verður svakalegt klístur! Grófsaxaðu möndlurnar og hneturnar, blandið öllu saman.

Blanda er sett í ísskáp og látin storkna í um 1 klst. eða lengur. Skerið í hæfilega stóra bita. Skreytið með sykarpúðum. Það er hægt að gera sína eigin sykarpúða úr ferskum ávöxtum en það er fyrir lengra komna.



Ford Focus mest seldi fólksbíll í Evrópu

Laugardaginn 17. janúar voru mörg bílaumboð með frumsýningar af nýjum bílum og var erfitt að velja úr bíl til prófunar af þeim fjölda sem í boði var. Fyrir valinu var Ford Focus frá Brimborg, en Ford Focus mun vera mest seldi fólksbíll í Evrópu í sínum stærðarflokki fólksbíla.

Bíllinn sem ég fékk var beinskiptur (fæst sjálfskiptur í apríl), vélin var 125 hestafla bensínvél.

Bakkar sjálfur í stæði

Í byrjun, áður en ég fór á bílnum frá Brimborg, fékk ég Gísla Jón sölumann til að sýna mér hvernig sjálfvirki búnaðurinn í bílnum til að bakka í stæði virkaði (ég treysti ekki þessum búnaði sjálfur þar sem ég hafði ekki prófað svona búnað áður), sat ég í aftursætinu á meðan og fylgdist með þaðan. Þetta var mjög nýtt og framandi fyrir mér að sjá þetta og kom það mér á óvart hversu nákvæmur þessi búnaður er. Seinna í prufuakstrinum fór ég og prófaði þetta bæði með að bakka í stæði þvert á akstursstefnu og samliggjandi akstursstefnu. Ótrúlega nákvæmur búnaður, en ég mæli með því að þeir sem prófa þennan bíl fái sölumanninn að sýna sér hvernig þetta virkar.

Hiti í stýrinu

Alltaf eru fleiri og fleiri bílar að koma með hita í stýrið sem er ótrúlega þægilegur útbúnaður, ekki síst þegar maður er orðinn loppinn á höndunum eftir að skafa rúðurnar á köldum vetrarmorgni. Eftir aðeins um 10 sek. eftir að maður kveikir á hitanum finnur maður hitann leiða um hendurnar. Miðstöðin er hins vegar frekar lengi að hita bílinn að innan, en sætishitarinn er aftur á móti mjög fljótur að senda hita upp í sitjandann.

Góð og þægileg sæti

Ég ók bílnum upp í Svínahraun og til baka svona rétt til að sjá hver eyðslan væri á þessari 125 hestafla bensínvél á köldum vetrardegi í samanburði við uppgefna eyðslu. Ég er frekar ósáttur við staðsetningu takkaborðsins fyrir hraðastillinguna (cruise control), en ég hefði viljað skipta á staðsetningu við takkana fyrir mælaborðstakkana sem veita upplýsingar úr mælaborði og hafa hraðastillingartakkana þannig að hægt væri að stjórna þeim með þumlinum. Að öðru leyti var mjög þægilegt að sitja í bílnum og fannst mér sætin afar þægileg.



Ford Focus.

Myndir / HLJ



Fannst svolítið flókið að fá fram upplýsingar í mælaborðið.



Hefði viljað að stjórnstakkarnir fyrir hraðastillinn (cruise control) væru staðsettir þar sem þumallinn er en ekki þarna fyrir neðan á móts við baugfingur.

Eyðslan reyndist frekar í hærri kantinum

Samkvæmt bæklingi um bílinn á hann að eyða um 4,7 lítrum af bensíni í blönduðum akstri við bestu aðstæður, en snjófól á vegi og hita á bilinu -4 til -7 var ég að eyða eftir 36 km akstur í langkeyrslu 5,9 lítrum á hundraðið og þegar ég skilaði bílnum hafði ég ekið honum um 120 km í blönduðum akstri á meðalhraðanum 31 km á klst. Mun meðaleyðsla mín hafa verið 8,2 lítrar á hundraðið, heldur í hærri kantinum að mér fannst miðað við uppgefna eyðslu (hefði viljað sjá tölu nálægt 7).

Helstu mál og upplýsingar

Verð	3.650.000
Hæð	1.469 mm
Breidd	1.823 mm
Lengd	4.360 mm

Lágur að framan, en hár að aftan

Heilt á titið var ég ánægður með bílinn, en fannst svolítið erfitt að fikra mig áfram í öllum þessum tökkum til að fá upplýsingar úr aksturstölvu bílsins. Ánægður með

skynjara á hliðum bílsins þegar maður er að bakka. Full lágur að framan fyrir klakaskorninga í hliðargötum Reykjavíkur, en á móti er hátt undir bílinn að aftan. Vélin nánast hljóðlaus. Hljóðeinangrun til hliðar og aftur fyrir bílinn er góð, en furðu mikið heyrir í bílnum

sem er fyrir framan mann í gegnum hvalbakinn að framan, sem dæmi þá heyrði ég í nöglunum á fólksbíl sem var að keyra á Miklubrautinni fyrir framan mig. Hægt er að nálgast meiri og nákvæmari upplýsingar um Ford Focus á vefslóðinni www.brimborg.is.

Liqui Moly-bætiefni frá Stillingu

Fyrir skömmu spurði kunningi minn hvort ég gæti ekki verið með fræðandi pistla hér í blaðinu um ýmis efni sem gætu komið sér vel fyrir marga og nefndi hann þar sérstaklega bætiefni fyrir smurolíu, bón og þvottatengd efni fyrir bíla og fleira.

Ég reyni hér að verða við þessari áskorun eftir smá kynningu sem ég fór á um Liqui Moly sem Stilling selur.

Á þessari kynningu var leiðbeinandi Sören Breinholt, danskur bifvéla virki, sem sýndi hvernig virkni ýmissa efna frá Liqui Moly virkuðu við mismunandi bilanir og vélarvandráði.

Ýmis efni sem klárlega geta hjálpað véllum til langlífis

Eftir kynninguna fór ég að prófa mig áfram ásamt starfsfélögum mínum á þessum undraefnum. Liqui Moly-vörulínan er fjölbreytt, en þar má finna efni eins og vatnskassabétti, þvottaefni til að þvo vélar að innan, smurbætiefni fyrir vélar, bætiefni fyrir sjálfskiptingar, drif, gírkassa og fleira. Í þessum pistli ætla ég að nefna aðeins þær þrjár vörur sem ég hef notað frá Liqui Moly og get því talað af reynslu.

Bætiefni fyrir sjálfskiptingar:

Túpa af bætiefni fyrir sjálfskiptingar,

en félagi minn á sjálfskiptan bíl sem ekki tók fyrsta og annan gír nema af og til. Bíllinn hjá honum fór oftast af stað í þriðja gír, eftir að túpunni af Liqui Moly hafði verið skellt á sjálfskiptinguna hagar skiptingin sér eðlilega. Þetta sama efni var sett á stýrisdælu sem heyrðist hátt í og var hljóðið frekar leiðinlegt til lengdar. Eftir að um þriðjungji af túpunni hafði verið blandað við stýrisvökvann nánast þagnaði þetta hvítleiða hljóð.

Vatnskassabéttir:

Þau efni sem hafa verið á markaðnum hingað til sem ætluð eru að þetta leka á vatnskassa í

bílum hafa oft truflað miðstöðvar inni í bílum svo að lítill hiti kemur frá miðstöð. Vatnskassabéttiefnið frá Liqui Moly gerir þetta ekki, virkar vel og hefur ekki áhrif á töluverðan tíma.

Þvottaefni fyrir vélar að innan:

Litlar vélar safna oft miklum raka í sig og þarf að skola (þvo) vélarnar að innan. Liqui Moly Engine Flush þvær vélar vel að innan og eftir þvott verður smurolían mun hreinni eftir meðferðina í töluverðan tíma.

Frá Liqui Moly eru mörg efni sem ég hef hugsað mér að prófa í framtíðinni, en efnin þrjú sem ég



Starfsmenn N1 smurstöðva hlusta á Sören Breinholt á kynningu þjónustuverkstæðis N1 á Bildshöfða. Mynd / HLJ.

hef prófað hafa fullkomlega staðið undir væntingum.

Hægt er að fræðast meira um Liqui Moly á vefsíðu Stillingar á vefslóðinni www.stilling.is.



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

Haugsugubarkar Kraftklemmur



Keðjur og Hnallar



Vélaval
560 Varmahlíð
453 8888 - velaval.is

Ert þú fædd(fæddur)
1945?

ef svo er þarftu nýtt ökuskírteini með nýrri mynd. Ég gæti tekið hana fyrir þig!

Jóhannes Long, ljósmyndari
Laugavegi 178, Bolholtsmegin
sími 552-2705 - gsm 8927404
jlong@ljósmyndarinn.is

TÍMARIT
BÆNDABLAÐSINS



1. mars kemur út nýtt tímarit Bændablaðsins

Pöntun auglýsinga á
ehg@bondi.is eða í síma 563-0303

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 1.900 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Útvegum varahluti í Zetor á hagstæðu verði. Kraftvélar ehf. Sími 535-3500 og á www.kraftvelar.is



New Holland 7740SLE með Quicke 640 ámoksturstækjum. Árg. '97, fyrst notuð 1998. Vinnustundir 6,600. Vél í fyrsta flokk ástandi. Uppl. í síma 863-4577.



Til sölu Manitou MLT Powerahift, árg. '07. Tilboð. Uppl. í síma 896-0640.



Heiðurstónleikar The Beatles í Hofi 27. mars 2015. Björgvin Halldórsson, Matthías Matthíasson, Stefán Jakobsson og Eiríkur Hauksson, ásamt Rokkabílybandinu.



Á Akureyri er til sölu Suzuki Grand Vitara, árg. '06. Bsk., með dráttarkúlu. Keyrður 92 þús. Ný nagladekk og sumardeck fylgja. Verð: 1.500 þús. Uppl. í síma 845-5444.



Spónaplötur til sölu. Eigum til nokkur búnt af útlitsgölluðum 12 mm spónaplötum í stærðum 60x252 og 60x275, ásamt 22 mm gólplötum í stærð 60x240. Plötturnar eru einnig til rakavarðar. Selst með mjög góðum afslætti. Uppl. í síma 864-1501 milli 8-17 virka daga og laugardaga milli 10-14.



Helluskeifur auglýsa. Sendum frítt um allt land með póstinum ef teknir eru 10 gangar. Alltaf bestu verðin, vetrarskeifur 2300 kr. gangurinn og 2500 kr. Pottaðir skaflar, 75 kr. stykkið. Uppl. í síma 893-7050.



Laser mælitæki í úrvali. Ísmar, Síðumúla 28, sími 510-5100, www.ismar.is



Í smalamennsku og veiði. Vertu í góðu sambandi með Motorola. Langdrægar talstöðvar, tvær saman í pakka með hlust og hljóðnema á kr. 24.995. Bjóðum einnig ódýrari stöðvar allt niður í kr. 7.495 settið. Ísmar, Síðumúla 28, sími 510-5100, www.ismar.is



Weckman flatvagn / rúlluvagn. Verð kr. 1.960.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.



Weckman 6,5 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.195.000,- með vsk., (með lægri skjólbörðunum). H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.



Vökvaknúnar vatnsdælar fyrir tankbíl og dráttarvélar. Sjálfsgandi dælar sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælar með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Weckman sturtuvagnar 11 tonna. Verð kr. 1.760.000,- með vsk. 13 tonna. Verð kr. 2.060.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt) www.sogaenergyteam.com - Stærðir : 10,8 KW – 72 KW. Stöðvarnar eru með eða án, AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, td. Mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum ofl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælar í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælar í mörgum stærðum, fyrir magnþælingu á, vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælar fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælar með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar : rafmagn, bensín / diesel, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsgandi traktorsdrifnar dælar. Bensínkúnnar dælar með Honda móturum, allt að 4" díseldrifnar dælar í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstipvottadælar fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælar á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - Aflgjafar; rafmagn, Hondabensín, Yanmardísel, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Sláturfélag Suðurlands
kynnir nýjar vörur



Ærblanda SS án GMO

Orkuríkt kjarnfóður með 17,2% hráprótein. Fjölbreytt innihald án erfðabreytts hráefnis. Gott jafnvægi stein- og snefilefna.



Vitlick Soft Sheep

Bætiefnafata fyrir kindur. Stein- og snefilefnaríkt, hentar vel með vetrarfóðrun. Innih. A-vít, D-vít og E-vítamín. Án kopars. Hátt seleninnihald. Lustug blanda sem inniheldur hvítlauk og melassa.



Saltsteinn Salto Får

Saltsteinn fyrir kindur. Innih. selen, stein- og snefilefni. Án kopars. Má notast við lífræna ræktun.



Stalosan F

Náttúrulegur sótthreinsimiðill með pH-gildi sem er hagstætt fyrir húð dýranna. Fækkar sýkingartilfellum, dregur úr raka, bindur ammóníak og gerir umhverfið óhagstæðara fyrir skaðlegar örverur.



Equisana hestafóður

Hágæða kjarnfóður blandað fyrir íslenska hestinn. Innih. omega 3 fitusýrur, öll nauðsynleg vítamín og steinefni. Fjölbreytt hráefni.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1 • Reykjavík
Sími 575 6000
www.ss.is



Háprýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háprýstilöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8", 1/2", 5/8", 3/4". Bensín / diesel, vatnsflæði allt að: 132 L / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmiðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háprýstipvott. Vandaður og hentugur búnaður, fyrir sveitafélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Trésmíðavélar til sölu, vélarnar voru í Dröfn í Hafnarfirði. Límpressa, borðsög, kúttari, bandsagir, þykktarhefill ofl. Uppl. á voov@internet.is og í síma 555-4199.



BOGS stígvélin eru mjúk og hlý. Þola frost. Renna ekki í háliku. Sterkur og góður sóli. Stærðir upp í 48. Actacor ehf. Uppl. í síma 899-6400.



Til sölu þessir mannháu verkfæraskápar. Skáparnir koma tómir en eru 1,5 m á hæð og 1,4 m á breidd og 0,5 m á dýpt. Mjög massífir og góðir skápar sem eru nýlega innfluttir og hafa aldrei verið notaðir. Skúffur eru mjög rúmgóðar og á sleðum með legum. Toppur á skáp opnast uppá gátt, gott til að geyma bækur og annað sem fylgir viðgerðum. Verð er 280 þús. Allar frekari uppl. í síma 868-0910.



Framleiðum krókheysisgrindur með eða án gámalása. Grunnaðar og/eða málaðar. Gott verð. vagnasmiðjan.is - Eldshöfða 21 Rvk. Uppl. í sínum 898-4500 og 894-6000.



Rafmagnstálía, 500 kg. á einföldum vír/990 kg. á tvöföldum á 78.155 kr. Lyftihæð 6 mtr - nánar á fossberg.is - Fossberg - lðnaðarvörur og verkfæri. Sími 575-7600.



Endingargóðir vinnuhanskar á frábæru verði. Fjölbreytt úrval vandaðra hanska í ýmis verk. Fossberg - lðnaðarvörur og verkfæri. Sími 575-7600.



Til sölu 27 m2 bjálkahús, 20 ára gamalt úr 100 mm bjálka. Húsið er á jörð nálægt Blönduósi og þarf að flytjast burt. Uppl. á http://hus.vifill.eu



Til sölu Suzuki Grand Vitara XL7 dísel, 7 manna, árg. '06. ekinn 151 þús. Uppl. í síma 864-9723.



Bátur til sölu, Víking 700 ssn:6821. Lengdur 2012, vél Volvo penta 2000. Grásleppuleyfi og úthald. Spil og niðurleggjari. Uppl. í síma 894-5750.



Til sölu Kia Sportage, árg. '06. Ekinn 139 þús. Sparneytinn dísel, ssk. í góðu lagi, dekurbíll. Tilbúinn í vetraraksturinn. Verð 1.890 þús. Uppl. í síma 894-1153.



Frystigámur 20" til sölu í mjög góðu standi, ný yfirfarinn. Gámur staðsettur í Hafnarfirði. Tilboð óskast. Uppl. í síma 690-2593 eða á asipipn@gmail.com



Nissan Patrol, árg. '05, ssk. 7 manna. Nýr vatnskassi og alternator. Auka dekk/felgur. Ekinn aðeins 112 þús. Verð 2.500 þús. Uppl. í síma 892-2502.



Ford Escape xls á wd, árg. '04. Akstur 127 þ.km. Ssk., fjórhjóladrif. Ný dekk og nýbúið að skipta um diska og klossa í bremsum, nýtt þúströr. Bíll í toppstandi. Uppl. í síma 663-4844 eða á sri@internet.is



M.Benz 312D, árg. '99, ekinn 272 þús., ssk. með vörulyftu. Uppl. í síma 892-1051.



Til sölu 120 Cruiser, árg. '05. Skráður í Des. Ekinn 123. Þús. Verð: Tilboð. Til sölu kerra fyrir fjórhjól eða sleða, árg. '13. Mál: 2.40X3.00 Verð: Tilboð. Uppl í síma 858-2240.



Til sölu Multi One liðléttingur MIG 40T. Árg. '11. Vélaval ehf. Uppl. í síma 453-8888.



Hús til flutnings: Tvö 60 m2 hús til sölu. Verðhugmynd 1.9 m pr. hús. Húsin eru staðsett í Reykjavík. Uppl. í síma 897-7781 eða á jonshus1@gmail.com



Skrifstofugámur með forstofu og snyrtingu. Verð 850.000 + vsk. Uppl. í síma 897-7781 og á jonshus1@gmail.com



Til sölu Isuzu Trooper, árg. '99, ek. um 330 þ. Mikið búið að gera fyrir bílinn. Verð 450.000, skoða tilboð en ekki skipti. Uppl. gefur Kristinn í síma 864-8202.



Á hagstæðu verði: Reck mykjuhræur með 50-60 cm. turbo skrúfuspáða fyrir 60-200 hö. Maschio hnífataetarar 235-260-285 cm. Einnig pinnataetarar 300 cm. Uppl. í sínum 587-6065 og 892-0016. Orkutækni ehf. Völuteig 3, 270 Mosfellsbæ.



Á hagstæðu verði: Kanadískir snjóblásarar 2,29-2,59 m. Snjótennur 2,65 m á ámoksturstæki. Snjókeðjur fyrir vörubíla og vinnuvélar. Uppl. í sínum 587-6065 og 892-0016.



Seljaland ferðaþjónusta. Þjóðum upp á gistingu og mat fyrir litla hópa og náttuga fyrir hesta. Þarf að bóka fyrirfram. Nánari uppl. á www.seljaland.is, seljaland@seljaland.is eða í síma 894-2194.



Ford Econoline 7,3, dísel, árg. '93, 9 manna. Bílað drif. Uppl. í síma 894-7337.

Drifbúnaður

Rafmótorar í miklu úrvali

Keðjur og tannhjól

Reimar og skífur

NSK legur og pakkdósir

Vagnhjól

Poulsen

Skeifan 2
S: 530 5900 | poulsen.is



Scania 113H, árg. '92, með framdrifi og búkka. Fylgihlutir, malarpallur, flatpallur og stóll. Eftir að löggilda fljótskiptibúnað og kranapláss. Uppl. í síma 894-7337.



Volvo F12, 6x2, árg. '85. Þarfnast smá standsetningar. Uppl. í síma 894-7337.



Til sölu Polaris Sportsman 800 cc., 6x6, árg. 2011, ekið 3300 km. Uppl. í síma 893-3360.



Polaris Magnum 330, 4x4, fjórhjól, ekið 5000 km. Árg. '04, á nýjum dekkjum. Uppl. í síma 893-3360.



Til Sölu VW Passat, árg. '06, ekinn 114 þús. km. 4x4, Dísel. Eyðsla um 6 l á hundraði. Vel um genginn bíll. Er á nagladekkjum og sumardekk fylgja. Uppl. í síma 893-3360.



Husqvarna CTH224T, árg. '12, sláttutraktor, keyrður 200 klst. í topplagi. Með safnkassa 320L. hægt að skipta út fyrir graskastara. Kawasaki mótór 22hp. Kostaði nýr um 1.100.000. Tilboð óskast send á byggj@grindavik.is - Nánari uppl. í sínum 660-7322 og 660-7301.



Til sölu 4x4 Suzuki Grand Vitara, árg. '05. Ekinn 172 þús. km. Verð kr. 880 þús. Uppl. í síma 862-8551.



Til sölu tvö 36 fm. timburhús. Staðsett á Suðurlandi. Auðveld í flutningum. Sanngjarnt verð. Uppl. í síma 663-4455.



Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is. Verð kr. 9.885,- m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr.5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið kl.13.00-16.30.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Frábærar vörur framleiddar skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30. www.brimco.is



Cemtec hófsnjókransar á allar færur. Snjór safnast síður í hóf. Mýkra fyrir hestinn að berja harða jörðina. Hesturinn ber ekki inn snjóinn. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30 www.brimco.is



Snjósleðakerra til sölu ásamt Polaris Indy Classic 500 sleða. Uppl. í síma 892-9610.



Vatnshitarnar fyrir hábrýstipvott. Max þrýstingur : 200 Bar, 250 Bar, 500 Bar. Vatnsflæði: 15 L / min, 25 L / min. Max hiti á vatni : 140°. Hákonarson ehf., Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Til sölu

Blek- og tónerhylki, frítt með póstinum. Ert þú að borga of mikið fyrir blek og tóner? Við sendum hylkin frítt hvert á land sem er. Sýndu lit og sparaðu, pantaðu á www.prentvorur.is, við eigum flest hylki á lager og sendum samdægurs. Prentvörur ehf. Sími 553-4000 eða á sala@prentvorur.is

Vantar þig tækifærisgjöf ? Á til nýsmíðaða spunarokka úr maghony. Albert Sigurjónsson í síma 893-7826.

Góður járnrennibekkur og loftpressa til sölu. Uppl. í síma 893-1271.

Toyota Hilux, árg. '05. Ekinn 246 þús. Nánari uppl. í síma 865-9107.

Gömul frystivél úr 20 m3 klefa. Pressa, búnt og tengibúnaður. Staðsett á Vesturlandi. Uppl. í síma 820-8258.

Til sölu falleg og vel ættuð folöld í mörgum litum, t.d. fallega rauðskjótt, dökkmóalótt og ljósfíllbleik. Folöldin eru öll komin út af Randveri frá Nýjabæ í fððurætt en mæður folaldanna eru komin út af Ófeigi frá Flugumýri, Reik frá Hoftúni, Hrafnkeli frá Ólafsvöllum, Viðari frá Viðvík og Hrym frá Hofi. Geðslag folaldanna er mjög gott og ætti því að henta öllum. Uppl. í síma 663-8869 milli kl. 19:30 og 22:00 nema mán. og miðvikudaga. Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Fjárhúsmottur tilboð: Verð kr. 9.350 stk. með virðisaukaskatti. Þykkari gerðin H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.

Notuð peysuföt, slífsi og svuntur. Vel með farið. Uppl. í síma 862-8838.

W e c k m a n þ a k - o g veggstál. Dæmi um verð; 0,5 mm galv. Verð kr. 1.190 m2 0,6 mm.galv. Verð kr. 1.560 m2 0,45mm litað. Verð kr. 1.570 m2 0,5 mm litað. Verð kr. 1750 m2 Afgreiðslufrestur 4 - 6 vikur H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Til sölu overlock iðnaðarsaumavél, Juki MO2414, lítið notuð. Verð 200 þús. Uppl. í síma 435-1388.

Til sölu eru eftirtaldir hryssur. Gríma 2008265056 F: Andvari Ey M: Gjóstá Hrafnstöðum, Starna 2009265055 F: Andvari Ey M: Leista Hrafnstöðum, Suðræna 2010265056 F: Suðri Holtsmúla M: Gjóstá Hrafnstöðum, Villimey 2011265056 F: Vilmundur Feti M: Gjóstá Hrafnstöðum. Uppl. í síma 892-9583 milli kl. 16:00 og 20:00.

Tli sölu eru: Ársæll 2014165059 bleikblesóttur F: Rammi frá Búlandi M: Sella frá Hrafnstöðum. Kaffli 2013165055 jarpur F: Nói frá Hrafnstöðum M: Ásdís frá Hrafnstöðum. Uppl. í síma 892-6905 eða fyrirspurnir á netfangið zophonias@centrum.is

Patrol, árg. '00. 3.0 l bsk. ekinn 169 þ. km., næsta skoðun mars 2016. Grænn/ljós. 285-85-16, heilsársdekk á orginal felgum. Læsing aftan, kastaragrind, toppgrind. Uppl. í síma 787-3646.

Yamaha YZ 85, 2008, tvö hjól ónotuð til sölu. Uppl. í síma 840 -6100.

Til sölu flekamót fyrir krana. Mótin eru 3,00 m á hæð. Mótin eru auðveld í notkun og skila góðum árangri. Auðvelt að hækka upp þegar steypt er 2 eða 3 hæða hús. Áfastir vinnupallar. Hægt er að fá „mótapakka“ sem passar í ákveðna framkvæmd. Hagstætt verð. 40 þ á lengdarmetra í tvöföldu með öllum fylgihlutum. Uppl. í síma 840-6100.

Rúlluskerar til sölu. Smíðum rúlluskera, léttir og þægilegir, aðeins um 2 kg. Mjög gott bit, sendum um allt land. Verð 15.000 kr. Uppl. í síma 893-7050.

Til sölu vel með farin peysuföt. Tvö slífsi og svunta fylgja. Stærð hentar vel fyrir meðalmanneskju. Óska eftir tilboði. Uppl. í síma 699-4249.

Nissan Patrol, 2.8 dísel, árg. '99, bsk, ekinn 278.000 km. Nýleg tímareim og kúpling. Leður, topplúga. Góður bíll. Verð kr. 650.000. Uppl. í síma 772-8855.

Til sölu Volvo V 70, árg. 2001, mjög góður bíll í toppstandi með 2016 skoðun. Uppl. í sínum 892-5115 og 693-1718, Hinrik.

P4 Rapid beiðslispróf fyrir kýr. P4 rapid er eitt fyrsta beiðslisprófið sem nýtir háþróaða tækni til að greina með mjög nákvæmum hætti beiðslu hjá kúrn. Góð reynsla hjá bændum og sæðingarmönnum sem hafa prófað. Sértu í vafa hvort kýrin sé að beiða þá gefur P4 Rapid þér svarið á 5-10 mínútum. Landstólpi. Uppl. í síma 480-5600.

Timbur í fjárhúsgólf 32 x 100 mm. Verð kr. 245 lm með vsk. 38 x 100 mm. Verð kr. 290 lm með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Til sölu Toyota Hilux double cab, árg. '10, ekinn 70.000, þriggja lítra, ssk, hvítur, Ásett verð 5.000.000, engin skipti. Uppl. í síma 893-2842.

Toyota Corolla, árg. '99, ekin 213 þús. Bsk. Nýyfirfarin og smurð. Uppl. í síma 869-1047.

Heyrúllur til sölu. Er í Biskupstungum. Uppl. í síma 861-1914.

Til sölu níu hjólarakstrarvélur og 6 stjörnuheytætlur. Ódýr þurrkublaðagúmmi fyrir flestar gerðir ökutækja, SAME dráttavél 87 hö. m. tækjum. Uppl. í sínum 587-6065 og 892-0016.

Til sölu stálgrindarhús 24*60=1440 fm. Uppl. í síma 820-3439.

Óska eftir

Óska eftir hitablásara fyrir heitt vatn með víftu. Einnig handdregnum vörulyftara sem lyftir vörubrettum í rekka. Uppl. í síma. 892-0808.

Óska eftir 1. Þjóðbúningasilfri, beltiþörum og millum, gamla gerðin. 2. Kambgarni, ullar útsaumsgarni 3. Knípplborði, bretti. Uppl. veitir Hanna í síma 695-1260.

Ég óska eftir gömlum búslóðum, dánarbúi eða gömlum húsgögnum til umboðs eða endursölu. Ég geri upp slitin húsgögn. Uppl. hjá Íslensk Heimili, Árni Þór í síma 821-7547 eða á arni.thor.s@gmail.com

Óska eftir ódýru 4x4 fjórhjóli, má vera bílað. Skoða allt. Uppl. á egge73@gmail.com eða í síma 895-6619.

Setur um Gamla barnaskólann, Skógum, Fnjóskadal, leitar til fólks sem býr yfir gömlum ljósmyndum af fyrrum nemendum barnaskólans Skógum og væri tilbúið að gefa afrit. Myndirnar mættu vera fermingarmyndir eða hverslags myndir sem teknar voru af þeim í lífi og starfi. Frekari uppl. gefa Sigrún í síma 899-010 og Agnes í síma 849-902. Eins leitum við eftir munum og myndum er tengjast barnaskólanum (s.s. handverk, skólabækur, stílabækur) eins gömlum sínum, póstkorti, póstlúðri og tósku (greiðsla í boði) fyrir póst- og símhluta hússins. Uppl. í síma 849-8902 eða sendið fyrirspurn á aggatota@simnet.is

Óska eftir mótór í Yamaha Víking árg. '05. Uppl. í síma 863-3327.

Óska eftir góðu tveggja manna fjórhjóli í skiptum fyrir vel ættuð og efnileg tryppi, t.d. undan Vita, Markúsi, Aldri, Arnaldi, Þóroddi, Arði, Gára eða Álfgrími. Uppl. í síma 868-4095.

Óska eftir Dodge Ram með 5.9 cummins vél. Helst bsk og með framdrifi. Er að leita að '89-'92 árgerðum, ástand á boddý skiptir ekki öllu en kram verður að vera í lagi og bíllinn helst ókuhæfur. Uppl í síma 848-5713 eða á gislig@hive.is

Kaupi frímerki, afklippur og umslög. Óska sérstaklega eftir nýjustu verðgildunum og gömlum merkjum. Uppl. í síma 893-0878.

Óska eftir að kaupa 1000 - 2000 l haugsugu. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í síma 697-3933, Geir.

Óska eftir Bruno tvíhleypu og pallbíl, Hilux eða sambærilegum bíl 15 ára eða eldri. Uppl. í síma 821-8218, Davíð.

Atvinna

Marek frá Tékklandi óskar eftir vinnu í íslenskrí sveit í eitt ár. Hann talar ensku og hefur reynslu af störfum á sveitabæ í heimalandi sínu. Uppl. á netfanginu mareksys@hotmail.com

Karlmaður, 62 ára, óskar eftir vinnu á Suðvesturhorni landsins. Er vanur sveitastörfum og er laginn að gera við vélar. Hef meirapróf. Uppl. í síma 861-3152.

Óska eftir starfsfólki við ferðaþjónustu á Suðurlandi í öll almenn störf. Uppl. í síma 894-9249 og á www.horgsland.is

Smíðir geta bætt við sig vinnu, gífsvinnu, pallasmíði, klæðningar. Einnig flísalögn og málun. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í síma 660-3830.

Matráður/ráðskona óskast á sveitaheimili á Norðurlandi frá 1.mars - 31.maí eða samkvæmt samkomulagi. Uppl. í síma 895-1019, Íris.

Einkamál

Ég er 49 ára maður sem óskar eftir góðri vinkonu með fast samband í huga. Er á Suðurlandi. Áhugamál ýmisleg. Uppl. í síma 894-8655.

Húsnæði

Óska eftir húsnæði til langtímaleigu í um klukkustundar akstri frá höfuðborgarsvæðinu sem myndi henta undir rekstur á hundahótel. Áhugasamir hafi samband í síma 788-4161.

Búslóðageymsla Norðurlands, Ólafsfirði, geymir á eurobrettum vafið plastfilmu, 3000 kr. brettið. Uppl. á midlarinn@midlarinn.is eða í síma 892-2074.

Leiga

Vantar sveitabæ til leigu í innan við tveggja klst. keyrslu frá Reykjavík til að setja upp kennslumiðstöð fyrir vistræktar aðferðir (permaculture). Munum auka verðmæti leigulands. Sjá á tofrar.com og uppl. á permamoli@gmail.com

Til leigu

Sjarmerandi eldra hús á Hellu byggt '47. Óska eftir íbúð í skiptum til sölu á Kanarí eða Benedorm. Uppl. í síma 431-2216.

Óska eftir jörð helst í rekstri til leigu, erum 5 manna fjölskylda á besta aldri. Uppl. sendast á nordbondi@gmail.com

Veiði

Hörðudalsá er tveggja stanga lax- og silungsveiðiá. Veiðisvæðið er 14 km. Veiðileyfi í Hörðudalsá eru seld í Seljalandi. Nánari upplýsingar á www.seljaland.is seljaland@seljaland.is eða í síma 894-2194.

Gæsaland óskast til leigu. Höfum áhuga á því að leigja gæsaland á Suðurlandi eða Vesturlandi. Góðri umgengni og samvinnu heitið. Áhugasamir hafi samband í síma 842-3333.

Þjónusta

Mótauppsláttur. Húsasmíðameistari (Byggingarstjóri) getur tekið að sér uppsláttarverkefni. Er með mót og krana. Unnið eftir tilboðum á föstu verði. Uppl. veitir Páll í síma 840 -6100.

Málningar- og viðhaldsvinna. Getum bætt við okkur inni- og útiverknum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf., Sigurður 896-5758, siggi@litidmal.com

Bækur

Barnabókin Nála – riddarasaga eftir Evu Þengilsdóttur

Hugumstór riddari á fráan hest og flugbeitt sverð. Hann þeysir um og sigrar alla sem hann hittir þangað til hann stendur skyndilega einn eftir.

En þá kemur hin blíðlynda Nála til sögunnar ... Hugljúft ævintýri um hvernig beittustu vopn geta snúist í höndunum á okkur – til hins betra. Myndirnar gerir höfundur eftir hinu svokallaða riddarateppi sem er til sýnis í Þjóðminjasafninu.



Ný bók að vestan: Vestfirskir stjórnámamenn í blíðu og stríðu komin út

Út er komin bókin Vestfirskir stjórnámamenn í blíðu og stríðu, alþýðusögur í léttum dúr að vestan. Þessi bók átti ekkert að koma út fyrir en á næsta ári. En í tilefni af 20 ára afmæli Vestfirskra forlagsins var ákveðið að hún kæmi bara út núna. Eins og skráttinn úr sauðarleggnum mundu sumir segja!

Er hér um að ræða sama tóbak og er í bókinni Vestfirskir sjómenn í blíðu og stríðu: Kímilegar og auðvitað meira og minna sannar alþýðusögur af Vestfirðingum. Þessi bók er að sjálfsögðu gefin út til heiðurs vestfirskum stjórnámamönnum eins og sjómannabókin er gefin út til heiðurs blessuðum sjómönnum okkar.

Flestar af þeim Vestfirðingasögum



sem hér eru settar á prent hafa birst áður. Sumar margoft.

Ljóðabókin Slitur úr orðabók fugla eftir Guðrúnu Hannesdóttur

Í þessari bók tengir Guðrún öll ljóðin fuglum á undirfurðulegan hátt og speglar þá frá óvæntum sjónarhornum.

Höfundur hefur fengið afar jákvæðar viðtökur lesenda og gagnrýnenda í gegnum tíðina. Árið 2007 hlaut Guðrún Ljóðstaf Jóns úr Vör og sama ár sendi hún frá sér sína fyrstu ljóðabók, Fléttur, sem hlaut glæsilega dóma. Staðir kom út 2010 og Teikn árið 2012. Áður var Guðrún kunn fyrir barnabækur sínar sem hún myndskreytti sjálf. Tilfinningin í ljóðum hennar er ávallt skörp, stundum alvörubrungrin en þó oftár kímín. Vísun í þjóðsögur og annan íslenskan menningararf er einnig áberandi í verkum Guðrúnar.



White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistækni



12 kg
Þvottavél

- Tekur heitt vatn > sparneytin
- Stórt op > auðvelt að hlaða
- Þvotta og orkuklassi A
- Engin kol í mótór



RAFVÖRUR
DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • WWW.RAFVORUR.IS

Bændablaðið
Næsta blað
kemur út
14. febrúar
2015



MAN 10-244 m/krókheysi
Árg. 1997, Ekinn 488.000 km.,
1 gámur, allt nýtt í bremsum
Verð 1.650.000 + vsk.



DAF FA 55.230 m/krókheysi
Árg. 1999, ekinn 293.000 km.
Búið að fara í mótór
og girkassa
Ný kúpling, góð dekk.
Verð 1.750.000 + vsk.



Komatsu PC-300-3 LC
Árg. 1989, 21, 300vst., skófla.
Undirvagn 40%
Verð 2.500.000 + vsk.



Hitachi ZX 35U
Árg. 2007, notkun 2,500 vst.
Hraðtengi, fleyglagnir,
2 skóflur
Verð 3.500.000 + vsk.



MASE MPL 31S, 27,6 KVA
Árg. 2007, notkun 10,900 vst.
Ný yfirfarin.
Verð 590.000 + vsk.



VÉLAFL
Hvaleyrarbraut 20. Hafnarfirði
Uppl. gk@velafl.is / 694-3700
www.facebook.com/velafl.is

Lausn krossgátu á bls. 43



Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300



Vélavit útvegar varahluti í flestar gerðir traktora, sérhæfum okkur í **JCB, Hydrema, Iveco, New Holland og Case**

Erum einnig með alla varahluti í **JCB** vinnuvélar

Eigum allar síur í **New Holland** og **JCB** á lager

Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja

Hafið samband og látið okkur aðstoða við að útvega réttu varahlutina

Oftast ódýrastir!
Vélavit
Varahlutir - Viðgerðir

Skeiðarás 3 • Garðabær • Sími 5272600 • velavit@velavit.is



Ferðapjónustuhús til sölu

Til sölu nokkur ferðapjónustuhús á besta stað í Biskupstungum. Bókanir komnar vel af stað fyrir sumarið. Allt innbú fylgir. Húsin eru viðhaldsfrí. Skipti möguleg á íbúðarhúsnæði á Suðurlandi eða Reykjavíkursvæði. Til afhendingar 1. júní eða fyrir.

Frekari upplýsingar á jks@visir.is og í síma 898-6033.

Afleysingastarf:

Bændasamtök Íslands óska eftir að ráða matráð til starfa í hlutastarf

Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.

Starfið er laust nú þegar og ráðning er til 31. janúar 2016.

Uppl. gefur Erna Bjarnadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri BÍ í síma 563-0300 eða á eb@bondi.is



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Áburður fyrir íslenskar aðstæður



Vöru- og verðskrá áburðar 2015

Verðin í töflunni m.v. að pantað sé fyrir 31. janúar 2015



Áburður í sekkjum:		600 kg sekkur stgr.
Magni 1	N27 einkorna	39.449
Magni S	N26 + 4S einkorna	40.911
Græðir 1	12-15-17 einkorna	64.915
Græðir 8	22-7-12 einkorna	50.448
Græðir 9	27-6-6 einkorna	47.890
Fjölmoði 2	23-12	46.525
Fjölmoði 3	24-5 + Selen	45.453
Fjölmoði 4	24-9	45.453
Fjölgræðir 5	17-15-12	52.440
Fjölgræðir 6	22-11-11	52.996
Fjölgræðir 7	22-12-9 + Selen	53.139
Fjölgræðir 9	25-9-8	50.693
Fjölgræðir 10	24-9-8 + Selen	52.500

Viðskiptaskilmálar:

Einingar og fleira:

Verðskráin sýnir verð (án virðisaukaskatts) miðað við afgreiðslu í 600 kg. sekkjum.

Gjalddagi

Gjalddagi er 1. dagur hvers mánaðar eftir úttektarmánuð. Eindagi er 14 dögum síðar. Staðgreiðsluverð m.v. pöntun fyrir 31.01.2015. Hægt er að dreifa greiðslum á jan. – feb. og mars 2015.

Greiðslusamningar/greiðslukjör

Ef pantað er fyrir 31.01.2015, en reikningsfært 1.maí, með eindaga 15.maí, þá bætist 3,2% við staðgreiðsluverðið. Ef pantað er fyrir 31.01.2015 og gerður greiðslusamningur með gjalddaga 1. okt eða 6 jöfnum vaxtalausum greiðslum jún-nóv, þá bætist 7,5% við staðgreiðsluverðið. Verðin eru háð gengi á €. Verðskráin gildir til 31.01.2015.

Flutningur

Boðið er upp á flutningstilboð til þeirra sem panta fyrir 31.01.2015. Flutningstilboðið er þó háð því að pantaðir séu 10 sekkir eða fleiri.